birta


STEINDÓR ANDERSEN

*Alveg mátulega heppinn í lífinu*

doppótt tíska - tónlistin 2006

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

BJÖRK VILHELMSDÓTTIR

*Fjölskyldan vill fisk og saft*

matur tilboð

allt Í MIÐJU BLAÐSINS





FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. febrúar 2006 — 33. tölublað — 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

# Samdi við Skeljung daginn eftir sektina

**Geir Sæmundsson, forstjóri Atlantsolíu, hneyklast á því að Ríkiskaup hafi samið við Skeljung um olíukaup daginn eftir að fyrirtækið var sektað um mörg hundruð milljónir. Forstjóri Ríkiskaupa segir ekkert við samninginn að athuga.**

**ÚTBOÐSMÁL** Ríkiskaup, sem sér um útboð, innkaup og eignasölu fyrir íslenska ríkið, samdi við Skeljung um kaup á eldsneyti og olíu fyrir skip og flugvélar þann 29. október 2004, daginn eftir að samkeppnisyfirvöld úrskurðuðu að olíufélög, þar á meðal Skeljungur, skyldu sektuð um 2,6 milljarða króna fyrir samráð.

Júlíus S. Ólafsson, forstjóri Ríkiskaupa, segir tilviljun hafa ráðið því að samningurinn við Skeljung var undirritaður á þessum tíma. „Við vissum ekki hvenær samkeppnisráð kvæði upp úrskurð sinn í málinu þegar farið var yfir tilboðin og ákveðið hvaða tilboði ætti að taka.“

Geir Sæmundsson, forstjóri Atlantsolíu, segir það hneyksli að ekki hafi verið ákveðið að bjóða verkið út að nýju þar sem sönnun samkeppnisyfirvalda á sekt olíufélaganna um samráð, hljóti að hafa skipt miklu máli þegar gengið var frá samningnum. „Það sér það hver maður að eðlilegast hefði verið að halda útboðið aftur þar sem forsendur höfðu breyst mikið frá því það fór fram. Rannsókn á samráði olíufélaganna stóð yfir þegar útboðið fór fram og Samkeppnisstofnun sannar sekt Skeljungs í samráðsmálinu áður en samningarnir eru undirritaðir. Því er það hneyksli að útboðið um kaup á eldsneyti og olíu til skipa og flugvéla á vegum ríkisins hafi ekki farið fram að nýju.“

Í skýrslu Samkeppnisstofnunar er sérstaklega tekið fram að verðsamráð olíufélaganna hafi hugsanlega beinst að samningstilboðum olíufélaganna í sölu á olíu og eldsneyti á skip og flugvélar á vegum ríkisins. Útboðið sem minnst er á í skýrslu Samkeppnisstofnunnar fór fram nokkrum árum áður en umrætt útboð, sem fór fram árið 2004. **- mh**



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**VONBRIGÐI** Þátttöku íslenska landsliðsins í handbolta á EM í Sviss lauk í gær eftir tap gegn Norðmönnum, 36-32. Með tapinu varð draumurinn um sæti í undanúrslitum mótsins að engu. Á myndinni sjást Sigfús Sigurðsson og Snorri Steinn Guðjónsson niðurlútir. **Sjá síðu 44**

Múhameðsteikningamálið vindur æ meira upp á sig:

# Sótt að tjáningarfrelsinu

**MÚHAMEÐSTEIKNINGAR** Utanríkisráðherra Austurríkis, sem nú gegnir formennskunni í Evrópusambandinu, sagðist í gær finna til með múslimum sem teldu að sér vegið með skopteikningunum af Múhameð spámanni sem allmörg dagblöð í Evrópu hafa birt. Í ávarpi hjá Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu í Vínarborg í gær sagði ráðherrann, Ursula Plassnik, að leiðtogum ESB bæri skylda til að „fordæma afdráttarlaust“ athæfi sem særði trúað fólk, hvaða trúarbrögð sem það aðhylltist.



**PLASSNIK FÆR ORÐ Í EYRA** Ursula Plassnik, utanríkisráðherra Austurríkis, sem er í forsvari fyrir ESB, fær orð í eyra frá Hamid Karzai, forseta Afganistans. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aftur á móti sagði Wolfgang Schäuble, innanríkisráðherra Þýskalands, að það væri fáránleg krafa að ríkisstjórnir frjálsra lýðræðisríkja bæðust afsökunar á einhverju sem birtist í fjölmiðlum. „Hvers vegna ætti þýska ríkisstjórnin að biðjast afsökunar á einhverju sem felur í sér beitingu tjáningarfrelsisins?“ hefur dagblaðið Die Welt eftir honum í blaðinu í dag. „Ef ríkisstjórnin fer að skipta sér af svona máli er það fyrsta skrefið að því að takmarka málfrelsi fjölmiðla.“

Sendierindrekar nokkurra Evrópulanda og fréttamenn tóku að streyma frá sjálfstjórnarsvæðum Palestínumanna í gær vegna hótana öfgamanna um að ræna ríkisborgurum landa þar sem Múhameðsteikningar hafa birst á prenti. **- aa /** **sjá síðu 4**



**JÓN KALMAN STEFÁNSSON** Tók við Íslensku bókmenntaverðlaununum á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Íslensku bókmenntaverðlaunin:

## Kalman og Kjarval bestir

**BÓKMENNTIR** Jón Kalman Stefánsson hlaut í gær Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir skáldsögu sína Sumarljós, og svo kemur nóttin en hið tröllvaxna stórvirki Kjarval eftir Kristínu G. Guðnadóttur, Gylfa Gíslason, Arthur C. Danto, Matthías Johannessen, Silju Aðalsteinsdóttur og Eirík Þorláksson fékk verðlaunin í flokki fræðirita og bóka almenns efnis.

Verðlaunin, sem voru afhent í sautjánda sinn í gær, hafa löngum verið umdeild en Jón Kalman segir átökin um þau vera jákvæð og þau skyggi því ekki á gleði sína. **- þþ/** **sjá síðu 34**

Læknir kallaður til Bessastaða:

## Forsetafrúin hneig niður

**BESSASTAÐIR** Dorrit Moussaieff forsetafrú fékk aðsvif og hneig óvænt niður þegar hún heilsaði gestum við upphaf afhendingar Íslensku bókmenntaverðlaunanna á Bessastöðum í dag. Ekki er vitað hvað olli aðsvifinu en Örnólfur Thorsson forsetaritari sagði í viðtali við Fréttablaðið að Dorrit hefði dregið sig í hlé frá athöfninni og ekki tekið þátt í henni frekar.



**DORRIT MOUSSAIEFF**

Læknir var kallaður til Bessastaða í gærkvöld og eftir ítarlega skoðun var ákveðið að Dorrit gengist undir frekari læknisrannsókn í dag. **- shá**




### Gæðir sér á ostrum í París



Ragnar Kjartansson, söngvari Trabant, verður í borg ástarinnar á þrítugsafmæli sínu. **TÍMAMÓT 42**

### Gæludýra-Guðrún fer yfir í börnin



Guðrún Heimisdóttir mun ritstýra nýju tímariti um meðgöngu, fæðingu og fyrsta ár barnsins. **FÓLK 50**

### Pólitískar Píkusögur



Alþingiskonur munu leggja V-deginum lið en þær ætla að leika í Píkusögum í leikstjórn Maríu Ellingsen. **FÓLK 50**

### Stoltir af frammistöðunni



Viggó Sigurðsson segir leikmenn íslenska landsliðsins í handbolta geta verið stolta af frammistöðu sinni á EM í Sviss. Rosaleg vonbrigði, segir fyrirliðinn Ólafur Stefánsson. **ÍÞRÓTTIR 44**

### VEÐRIÐ Í DAG




**HVASST NORÐAUSTAN TIL** Í dag verður suðvestlæg átt. Hvöss á annesjum á Norðausturlandi, annars hægari. Lægir í kvöld. Skúrir á landinu vestanverðu en bjartviðri austan til. Hiti 3-6 stig. **VEÐUR 4**

LESTUR MEÐAL 25-49 ÁRA

**Atvinnuleitin hefst í Fréttablaðinu!**




*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í október 2005.



## SPURNING DAGSINS

*Guðmundur, verður Eimskip þá kelibarn tjóðarinnar?*

Já, og ekki nóg með það heldur eru Færeyjar að verða einskonar skattakelibarn.

Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vakti máls á því á Alþingi að Eimskip mun láta skrá skip sín í Færeyjum þar sem skattaumhverfið er betra en hérlendis. Kallaði hann Eimskip „óskabarn þjóðarinnar“.

Mikill hiti í unglæknum vegna langvarandi ágreinings um hvíldartíma:

# Unglæknar hóta aðgerðum

**KJARAMÁL** Unglæknar hafa ákveðið að grípa til aðgerða gegn Landspítala - háskólasjúkrahúsi vegna langvarandi ágreinings um hvíldartíma. Þetta staðfesti Bjarni Þór Eyvindsson, formaður Félags unglækna, við Fréttablaðið.

„Málinu um hvíldartíma var vísað frá héraðsdómi á síðasta ári af þeirri ástæðu að ekki væri um ágreining að ræða,“ segir Bjarni Þór. Hann segir unglækna hafa skrifað lækningaforstjóra LSH bréf eftir það, þar sem óskað var eftir því að hvíldartími þeirra yrði virtur. Ef kæmi til skerðingar á hvíld hefðu menn tækifæri til að taka þá hvíld út seinna, eins og kveðið væri á samkvæmt lögum.



**BJARNI ÞÓR EYVINDSSON** Unglæknar grípa til tímabundinna aðgerða vegna ágreinings um hvíldartíma.

„Í svari spítalans til okkar samþykkja þeir rétt okkar til hvíldartíma. Hins vegar velja þeir að flækja málið áfram með því að blanda inn í það frítökurétti, sem er kjarasamningsbundið atriði sem við höfum aldrei farið fram á og hræra því saman við eitthvað sem þeir kalla hvíldartökurétt,“ segir Bjarni Þór. „Með bréfinu segjast þeir sammála því að unglæknar eigi rétt á hvíldartíma en verði skerðing á honum beri LSH ekki að veita þeim hvíldina seinna.“

Bjarni Þór segir unglækna hafa svarað bréfi Landspítala og rætt málið við heilbrigðisráðherra að auki. Þá séu aðgerðir í farvatninu sem komi til með að snerta þjónustu spítalans tímabundið. Hann vildi ekki tjá sig nánar um í hverju þær væru fólgnar. **- jss**

Bauhaus á leið til Íslands:

## Afgreiðslu lóðar frestað

**VIÐSKIPTI** Afgreiðslu á lóð til þýsku byggingavöruverslunarkeðjunnar Bauhaus var frestað á fundi skipulagsráðs Reykjavíkur á miðvikudag.

„Frestunin var að beiðni fulltrúa Sjálfstæðisflokksins,“ segir Dagur B. Eggertsson, formaður skipulagsráðs. Hann segir búið að fara nokkuð ítarlega yfir umsóknina, en hún verður tekin fyrir á næsta fundi ráðsins. Hanna Birna Kristjánsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, segir sitt fólk hafa viljað fá ráðrúm til að skoða málið milli funda, meðal annars vegna þess að skilgreiningu á nýtingu svæðisins hefur verið breytt. **- óká**



**FELLIBYLUR** Mikil skelfing greip um sig í New Orleans þegar fellibylurinn Katrín reið yfir í lok ágúst. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fellibylurinn Katrín:

## Stjórnin brást rangt við

**BANDARÍKIN, AP** Bandaríkjastjórn brást rangt við þegar fellibylurinn Katrín reið yfir suðurhluta Bandaríkjanna í lok ágúst. Þetta kemur fram í niðurstöðum rannsóknarnefndar þingsins. Óljóst var hver sat við stjórnina og hindraði það mjög alla aðstoð. Jafnframt kemur fram að enn séu viðbragðsreglur heimavarnaráðuneytisins mjög óljósar fyrir hamfarir sem þessar.

Það var á ábyrgð George W. Bush Bandaríkjaforseta að setja stjórnanda til að bregðast við hamförum sem þessum, að því er fram kom á blaðamannafundi í Washington á miðvikudag.

## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttnæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

**-ritstj.**

# Frjálsræðið stöðvar konunga orkuveitna

**Iðnaðarráðherra segir fyrsta ár frjáls markaðar í sölu á raforku verða tilraunaár. Breytingarnar séu til batnaðar. Verð hafi ekki hækkað þegar litið sé á heildina. Forstjórar orkuveitna séu ósáttir við að lúta aðhaldi og eftirliti.**

**ORKUMÁL** „Samkeppnin á raforkumarkaði mun þróast. Engum datt í hug að við myndum detta inn í fullskapað samkeppnisumhverfi á fyrsta degi,“ segir Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Forstjórar Hitaveitu Suðurnesja, Orkuveitu Reykjavíkur og Húsavíkur og Norðurorku gagnrýna samkeppnisumhverfið sem nýju raforkulögin eiga að tryggja. Heildsöluverð Landsvirkjunar sé of hátt. Þeir eigi enga umframorku til að bjóða stærri viðskiptavinum hagstæð kjör. Samkeppni ríki því ekki á markaðnum og verðið hafi hækkað.

Valgerður segir fyrsta ár frjálsrar samkeppni á raforkumarkaði tilraunaár. „Fyrirkomulagið er mjög gott þegar á heildina er litið.“ Farið hafi verið úr ákaflega ógegnsæju kerfi inn í gegnsærra. Það skipti máli. Breytingarnar hafi verið gerðar vegna tilskipana Evrópusambandsins. Þær hafi einnig fallið að stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ráðherra er ósammála forstjórum orkuveitnanna sem segja engan ávinning af nýju lögunum. Hún bendir á að raforkuverð hafi ekki hækkað á landsvísu vegna breytinganna: „Í skýrslu sem ég dreifði í Alþingi um raforkumál kemur fram að rekja megi tveggja til fjögurra prósenta hækkun á raunverði rafmagns suðvestanlands til lagabreytinganna. Með sama hætti má rekja lækkun á veitusvæði rafmagnsveitna ríkisins til breytinganna, einkum í þéttbýli.“ Hún bendir á að vísitala neysluverðs hafi hækkað frá janúar 2004 til 2006 um 8,5 prósent en rafmagnshluti vísitölunnar aðeins um 7,1 prósent. Sé litið til síðasta árs komi í ljós að vísitala neysluverðs hafi hækkað um 4,4 prósent en rafmagnshluti vísitölunnar hafi lækkað á sama tíma um tæpt prósent.



**ÚR VÍGI HITAVEITU SUÐURNESJA** Bláa lónið er afrakstur Hitaveitu Suðurnesja. Forstjóri veitunnar hefur gagnrýnt að þurfa að greiða fyrir flutning orku um kerfi Landsnets sem hann flytji ekki um kerfið. Iðnaðarráðherra segir hann ekki eiga að kvarta þótt hann búi ekki lengur í gósenlandi.



**VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR** Iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

Valgerður telur forstjórana fyrst og fremst óánægða með að þeir lúti auknu aðhaldi og eftirliti. „Þeir gátu leyft sér ýmislegt í gamla kerfinu, eins og til dæmis að byggja skrauthýsi og annað slíkt. Þeir voru í raun eins og kóngar í ríki sínu,“ segir Valgerður. Jafnræðis sé nú gætt milli fyrirtækjanna.

Þá blæs Valgerður á þá túlkun forstjóra Hitaveitu Suðurnesja að flutningskostnaðurinn sé í raun skatttekjur til ríkisins: „Hitaveita Suðurnesja lifði í gósenlandi í gamla kerfinu. Hún þurfti ekki að borga til flutningskerfisins nema að litlu leyti, en önnur fyrirtæki þurftu að gera það að öllu leyti.“ Misréttið hafi verið leiðrétt.

**gag@frettabladid.is**



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Ber sig vel þrátt fyrir alvarleg meiðsl. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Steingrímur J. Sigfússon:

## Óðum að ná sér eftir slysið

**STJÓRNMÁL** Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, segist vera óðum að ná sér af meiðslunum sem hann varð fyrir í bílslysinu á milli Svartárbrúar og Húnavers í Austur-Húnavatnssýslu.

„Ég hef það ágætt og er að allur að hressast. Ég tek það nú samt eins rólega og ég get þessa dagana.“

Steingrímur slasaðist illa á brjóstkassa í bílslysinu og braut meðal annars þrettán rifbein. **- mh**

Íslensk-færeyska orðabókin:

## Seldist upp í Færeyjum

**BÓKAÚTGÁFA** Fyrsta prentun íslensk-færeysku orðabókarinnar sem Hið íslenska bókmenntafélag gaf út fyrir skömmu hefur selst upp í Færeyjum en það eru þúsund eintök. Að sögn Jóns Hilmars Magnússonar, sem vann orðabókina, gengur salan einnig vel á Íslandi þótt hann geti ekki sagt til um seld eintök þar sem uppgjör liggi ekki fyrir.

„Ég hafði alltaf trú á því að henni yrði vel tekið enda er mikill áhugi á íslensku í Færeyjum og áhugi Íslendinga á færeysku fer vaxandi,“ segir Jón Hilmar. **- jse**






Condoleezza Rice átti fund með Geir H. Haarde í Washington í gær:

# Varnarviðræður hafnar á ný

**VARNARMÁL** „Þetta er fyrsti fundur eftir allnokkurt hlé og það skiptir máli að byrja aftur á ráðherrastigi,“ segir Geir H. Haarde utanríkisráðherra.

Hann átti fundi í Washington í gær við Condoleezzu Rice utanríkisráðherra Bandaríkjanna með Nicholas Burns aðstoðarutanríkisráðherra. „Rice hefur kynnt sér þetta áður og er vel að sér um málefnið. Við fórum nokkuð ítarlega yfir stöðu málsins. Ég á eftir fund með Eric Edelman aðstoðarvarnarmálaráðherra. Samninganefndir þjóðanna hefja síðan viðræður hér á ný á grundvelli veganestis sem fæst úr þessum fundum.“

Geir segir að upphaf viðræðnanna sé til marks um vilja Bandaríkjamanna til að leysa málið og ætlunin sé að leggja fram tillögur sem miðað geti að niðurstöðu. „Það er mikilvægt að óvissuástandi um varnir landsins linni, bæði vegna samskipta þjóðanna og annarra bandamanna í NATO en ekki síður vegna þeirra sem hagsmuna eiga að gæta á Íslandi.“



**WASHINGTON** Geir H. Haarde utanríkisráðherra heilsar Condoleezzu Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, við upphaf fundar þeirra í gær. Mynd AP

Geir segir að allir þættir, svo sem staðsetning herflugvéla, hafi verið ræddir.

„Það vekur bjartsýni að viðræðurnar skuli fara af stað með svo myndarlegum hætti,“ segir utanríkisráðherra. **- jh**

MODUS

VERTU Á ÖRUGGASTA BÍLNUM

# Eftir þínu höfði

## Frumsýndur á laugardaginn








# Verð frá kr. 1.490.000

**og eldsneytisnotkun í blönduðum akstri frá 4.1 ltr/100 km**

*Bílasamningur: 30% útborgun og mánaðarlegar greiðslur í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta. Bíll á mynd: Renault Modus Dynamic Lux útgáfa, verð kr. 1.990.000

**Modus** er **stór smábíll eða smár risabíll**, allt eftir sjónarhorninu. Hann er þó fyrst og fremst **nettur** og ótrúlega þéttur borgarbíll, sem býr yfir ógrynni möguleika. **Modus** er jafnframt fjölnotabíll og því með meira rými og fleiri möguleika en aðrir í sama stærðarflokki. Og ólíkt flestum bílum í þessum stærðarflokki er hann með **5 stjörnu öryggi.** Að öllu samanlögðu er **Modus** því bíll sem gefur stórum fjölskyldubílum ekkert eftir, nema hvað **hann er liprari og hagkvæmari í rekstri.**









Renault Megane II
Verð frá kr. 1.680.000
**Bílasamningur kr. 17.778***



Renault Megane II Sport Tourer
Verð frá kr. 1.930.000
**Bílasamningur kr. 20.423***



Renault Megane II Saloon
Verð frá kr. 1.880.000
**Bílasamningur kr. 19.894**



Renault Megane II Scenic
Verð frá kr. 2.130.000
**Bílasamningur kr. 22.539***



Renault LAGUNA II Berline
Verð frá kr. 2.350.000
**Bílasamningur kr. 24.867**



Renault LAGUNA II Break
Verð frá kr. 2.470.000
**Bílasamningur kr. 26.138**

**Alls hafa átta bílar frá Renault fengið 5 stjörnur eða hæstu einkunn í öryggisprófunum Euro NCAP, sem er meira en tvöfalt betri árangur en hjá öðrum bílaframleiðendum.**

**RENAULT**
**www.renault.is**

B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - 575 1200 - www.bl.is

Með bílinn handa þér

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 2.2.2006

| | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 63,29 | 63,5 |
| Sterlingspund | 112,3 | 112,84 |
| Evra | 76,36 | 76,78 |
| Dönsk króna | 10,227 | 10,287 |
| Norsk króna | 9,481 | 9,537 |
| Sænsk króna | 8,231 | 8,279 |
| Japanskt jen | 0,5341 | 0,5373 |
| SDR | 91,43 | 91,97 |

*Gengisvísitala krónunnar*
107,0495

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Héraðsdómur heimilar verjendum í Baugsmálinu að leggja fram gögn:

# Mega bæta við nýjum gögnum

**BAUGSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur úrskurðaði í gær að verjendum í Baugsmálinu væri heimilt að leggja fram sérfræðiálit frá PricewaterhouseCoopers í máli endurskoðendanna tveggja í hópi sakborninganna sex.

Í úrskurðinum kemur fram að saksóknari hafi þegar lagt fram gögn frá Deloitte & Touche og það væri ekki í anda jafnræðisreglu ef verjendur fengju ekki að leggja fram gögn sem varða sama efni. Einnig er vísað til frelsis dómara til að meta sönnunargögn.

Sigurður Tómas Magnússon, settur saksóknari, hefur ekki ákveðið hvort hann kærir úrskurðinn til Hæstaréttar, en hann hefur til þess þriggja daga frest.



**GESTUR JÓNSSON** Verjendur mega leggja fram sérfræðiálit frá PricewaterhouseCoopers í máli endurskoðendanna tveggja.

Héraðsdómur úrskurðaði í byrjun vikunnar að aðalmeðferð ákæruliðanna átta, sem enn eru fyrir dómi í Baugsmálinu, yrði skipt upp og mál endurskoðendanna yrði tekið fyrir 9. og 10. febrúar. „Við búum enn við óvissu um aðalmeðferð þeirra ákæruliða sem snúa að bílainnflutningi sakborninga,“ segir Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar.

Sigurður Tómas segist líta svo á að með úrskurði um skiptingu málsins sé viðurkennt að matsgerð á tilteknum tölvugögnum, sem lögð hafa verið fram í málinu, geti tengst þeim ákæruliðum sem snúa að bílainnflutningi sakborninga. Frestur sem dómkvaddir matsmenn hafa til að skila matsgerðinni er til 23. febrúar. **- jh**

Dómsmál fatlaðs drengs:

# Ríkið sýknað af bótakröfu

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur sýknaði í gær íslenska ríkið af bótakröfu 13 ára gamals drengs en hann varð fyrir heilaskaða vegna súrefnisskorts á síðustu dögum meðgöngu eða í fæðingu og hlaut hann heilalömun.

Móðir drengsins, sem að sögn lækna mun verða háður hjálp annarra það sem hann á eftir ólifað, krafðist bóta frá ríkinu þar sem mistök starfsmanna Landspítalans hefðu leitt til þess að hann varð fyrir heilalömun. Að mati dómara Hæstaréttar voru staðhæfingar um starfsglöp starfsmanna ekki reistar á nægilega traustum gögnum. **- mh**



**TÓMUR RÉTTARSALUR** Saddam Hussein og sjö aðrir ákærðir mættu ekki í réttarsal í Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttað yfir Saddam Hussein:

# Sakborningar neita að mæta

**ÍRAK, AP** Enginn hinna ákærðu mættu í dómsal í Bagdad í gær, í réttarhöldum yfir einræðisherranum fyrrverandi, Saddam Hussein, og sjö öðrum. Saddam og fjórir aðrir ákærðir hafa þvertekið fyrir að mæta síðan á sunnudag og segjast ósáttir við nýjan yfirdómara. Í gær bannaði dómarinn, Raouf Abdel-Rahman, hinum þremur ákærðu aðgang að dómsal vegna ótilgreindra „óspekta“.

Haldi hinir ákærðu og lögmenn þeirra áfram að neita að mæta stofnar það trúverðugleika réttarhaldanna í hættu. Málflutningi hefur verið frestað til 13. febrúar. **- smk**

# Franskur ritstjóri rekinn

**Fárið vegna Múhameðsteikninganna sem upprunalega birtust í Jótlandspóstinum í haust vindur æ meira upp á sig. Einn af ritstjórum franska blaðsins France Soir var rekinn í gær vegna birtingar á teikningunum.**

**MÚHAMEÐSTEIKNINGAR** Framkvæmdastjóri ritstjórnar franska dagblaðsins France Soir var rekinn í gær vegna birtingar á skopmyndum af Múhameð spámanni sem valdið hafa mikilli reiði í löndum múslima. Mótmælendur í Pakistan hrópuðu í gær „Dauði yfir Danmörku“ og „Dauði yfir Frakklandi“ og æstir byssumenn á Gaza kröfðust afsökunarbeiðna frá ríkisstjórnum Evrópulanda.

Fárið sem spunnist hefur um Múhameðsteikningarnar, sem fyrst birtust í Jótlandspóstinum danska í lok september, gengur nærri spurningunni um það hvort sé helgara gildi í hinum vestræna heimi, tjáningarfrelsið eða virðing fyrir trúarlegum gildum.



**TIL VARNAR TJÁNINGARFRELSINU** Opna norska blaðsins Magazinet með Múhameðsteikningunum endurbirtum.

France Soir og allmörg önnur evrópsk dagblöð endurbirtu Múhameðsteikningarnar umdeildu á miðvikudag í því skyni að sýna danska blaðinu samstöðu og árétta mikilvægi tjáningarfrelsisins í vestrænu lýðræðissamfélagi.

Eigandi France Soir, egypski auðkýfingurinn Raymond Lakah, rak framkvæmdastjóra ritstjórnarinnar, Jacques Lefranc, eftir birtinguna. Eiginkona Lefrancs sagði í gær að maður hennar vildi ekki tjá sig um málið en staðfesti að hann hefði verið rekinn vegna teikninganna – jafnvel þótt hann hefði í upphafi verið mótfallinn birtingu þeirra. Robert Menard, forseti samtakanna Fréttamenn án landamæra sem hafa höfuðstöðvar sitt í París, sagði brottrekstur Lefrancs aðeins til þess fallinn að hella olíu á eldinn. „Það er það versta sem hægt er að gera. Það sem við þurfum er stilling og samræður,“ tjáði hann AP-fréttastofunni. „Við verðum að finna út hvernig við sættum tjáningarfrelsið og virðingu fyrir trúarbrögðum.“



**MÓTMÆLI GEGN DANMÖRKU Í PAKISTAN** Nemar í íslömskum fræðum í Multan í Pakistan brenna danska fánann í mótmælum í gær. Fjölmenn mótmæli voru einnig í Sýrlandi og víðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Að íslömskum sið er bannað að birta myndir af Guði eða spámanni hans Múhameð, en upprunaleg ástæða bannsins er að fyrirbyggja hjáguðadýrkun. Óánægja múslima í Danmörku, sem töldu að sér vegið með birtingu teikninganna í Jótlandspóstinum, hefur nú breiðst út um nær gervallan múslimaheiminn. Danskar vörur eru sniðgengnar í búðum í múslimaríkjum, ritstjórn Jótlandspóstsins hafa borist ítrekaðar sprengjuhótanir, danski fáninn – og reyndar sá norski líka vegna endurbirtingar norsks blaðs á teikningunum – verið brenndur af æstum múg á Gaza og víðar.

Palestínsku byssumenn hertóku um stund í gær sendiskrifstofu Evrópusambandsins í Gazaborg og kröfðust afsökunarbeiðna frá ríkisstjórnum Frakklands, Danmerkur, Þýskalands og Noregs vegna myndbirtinganna. Þeir sögðust enn fremur myndu loka af skrifstofur fjölmiðla frá þessum löndum og nefndu frönsku AFP-fréttastofuna sérstaklega.

Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði í gær að hann hefði boðið sendiherrum múslimaríkja í Danmörku til viðræðufundar um málið. **audunn@frettabladid.is**

## Margir reiðir vegna teikninganna

„Við höfum ekkert spáð í skipulagðar aðgerðir en margir múslimar hér á landi eru reiðir líkt og annars staðar,“ segir Salmann Tamimi, formaður Félags múslima á Íslandi. „Hver og einn ákveður fyrir sig hvað hann gerir en það eru ekki svo margar danskar vörur sem maður kaupir hvort sem er,“ segir Salmann.



**SALMANN TAMIMI** Formaður Félags múslima á Íslandi

„En það sem okkur þykir mest pirrandi eru þessi röngu pólitísku skilaboð sem eru til vitnis um fordóma af hæstu gráðu. Það held ég að fáir kynnu því vel ef teiknuð væri mynd af þeim eða einhverju sem þeim er kært með sprengju í hendinni eða á hausnum. Hver er tilgangurinn með þessu?“ spyr Salmann.

„Þetta snýst ekki um tjáningarfrelsi því öllum er okkur annt um það og viljum vernda það. En þótt þú hafir frelsi til einhvers þá verður þú líka að taka ábyrgð á því sem frelsinu fylgir. Þú þarft ekki að kasta tillitsseminni fyrir róða þótt þú hafir frelsi til að gera eitt og annað. Svo er það alveg makalaust að menn bregðast ekki við þessu fyrr en það er farið að snerta pyngjuna. Eftir að menn hættu óðum að kaupa danskar vörur í Sádi-Arabíu og víðar, þá tóku menn við sér, ekki fyrr,“ segir Salmann Tamini. **- jse**

## SPÁNN

**Atvinnulausum fjölgar** Atvinnulausum fjölgaði um tæp 70 þúsund á Spáni í síðasta mánuði. Eru þá tæpar 2,2 milljónir manna sem þiggja atvinnuleysisbætur.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Ofsaakstur á Fjarðarheiði** Lögreglan á Egilsstöðum stöðvaði bifreið á 134 kílómetra hraða á Fjarðarheiði í gær en leyfilegur hámarkshraði þar er 90 kílómetrar á klukkustund. Ökumaðurinn var einn í bílnum.

**Með efni til sölu** Lögreglan í Kópavogi fann í gær lítilræði af fíkniefnum á manni á tvítugsaldri. Maðurinn var með hass og marijúana í neyslupakkningum og játaði við yfirheyrslur að hafa ætlað efnin til sölu. Málið telst nú upplýst.






## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**KÓLNANDI Á SUNNUDAG**

Eins og staðan er núna verður milt fram á sunnudag, en þann dag bendir allt til þess að hann kólni nokkuð, einkum þó á Vestfjörðum og á Norðurlandi. Síðan eftir helgina er að sjá að kalt verði vel fram í næstu viku.

En dagurinn í dag verður í heildina séð úrkomulítill, nema ef vera skyldi á Vestfjörðum og til landsins vestan til.

**HÖFUÐBORGIN Í DAG**

Suðvestan 5-8 m/s. Skýjað og úrkomulítið. Hiti 3-6 stig.

*um hádegi »*



*» á morgun*



Yfirleitt 5-13 m/s, hvassast vestan til.

*» sunnudagur*



Víðast 5-13 m/s. Kólnandi veður um sinn.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 3°C hálfskýjað | París | 8°C léttskýjað | Alicante | 16°C léttskýjað |
| Osló | 1°C hálfskýjað | Berlín | 1°C léttskýjað | Mílano | 12°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | -1°C skýjað | Frankfurt | 4°C léttskýjað | New York | 13°C rigning |
| Helsinki | -8°C alskýjað | Madríd | 15°C léttskýjað | San Francisco | 17°C léttskýjað |
| London | 7°C léttskýjað | Barcelona | 14°C léttskýjað | Orlando/Flórída | 27°C skúrir |

* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# Svínakjöts-útsala



**GOTT RÁÐ**
Alltaf ætti að elda svínakjöt við báði háan og síðan lágan hita eða öfugt svo bæði náist stökk húð og meir vöðvi.

**Sigurður Gíslason**
aðstoðar yfirmatreiðslumaður á Vox
meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

| | VERÐ NÚ | VERÐ ÁÐUR |
|---|---|---|
| Svínahnakki úrbeinaður | 899 kr/kg | 1.499 kr/kg |
| Svínasnitsel | 959 kr/kg | 1.599 kr/kg |
| Svínagúllas | 959 kr/kg | 1.599 kr/kg |
| Svínalundir | 1.599 kr/kg | 2.298 kr/kg |
| Svínaskankar úr kjötborði | 89 kr/kg | 198 kr/kg |

**Svínabógur** úr kjötborði
TILBOÐ 399 kr/kg
Verð áður 579,-




**Nautalundir** úr kjötborði
TILBOÐ 2.998 kr/kg
Verð áður 3.998,-



**Svínakótilettur**
TILBOÐ 889 kr/kg
Verð áður 1.398,-



**Svínarifjasteik**
TILBOÐ 499 kr/kg
Verð áður 798,-



**Svínalæri** úr kjötborði
TILBOÐ 498 kr/kg
Verð áður 649,-



**Orkuátak 2006**

**Orkubók Latabæjar fæst í Hagkaupum**



TILBOÐ 399 kr/pk
Verð áður 699,-

**Ben & Jerry´s** ís



**Smoothies ávaxtadrykkirnir** eru úr pressuðum ávöxtum, án allra aukaefna og viðbætts sykurs. 100% hreinn safi!

**Smoothies** ávaxtadrykkir, 100% hreinn safi!

Gildir til 5. febrúar eða á meðan birgðir endast.

*Landsins mesta úrval kjötvöru*

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*




## KJÖRKASSI

*Telurðu að íslenska landsliðið í handbolta vinni til verðlauna á EM?*

| | |
|---|---|
| Já | 46% |
| Nei | 54% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú samkeppni á raforkumarkaði nægja?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin fundar í Vín:

# Íran líklega fyrir Öryggisráð

**VÍNARBORG, AP** Deilunni um kjarnorkuáætlun Írana verður væntanlega vísað til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Stjórnarmenn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar, IAEA, sem sitja nú tveggja daga stjórnarfund í Vínarborg, munu væntanlega taka lokaákvörðun í dag eða í síðasta lagi á morgun, að sögn fulltrúa sem sitja fundinn.

Íranar hafa marghótað að snarminnka samstarf við IAEA og Sameinuðu þjóðirnar verði deilunni um kjarnorkuáætlun þeirra vísað til Öryggisráðsins. Jafnframt segjast þeir þá neyðast til að hefja auðgun á úrani af fullum krafti vegna laga sem þingið setti nýverið, að því er virðist í þeim tilgangi að koma í veg fyrir afskipti Öryggisráðsins. Íranar segjast eingöngu ætla sér að nota kjarnorkuna til að framleiða rafmagn, en aðildarþjóðir IAEA óttast að þeir muni framleiða kjarnorkuvopn.

Eftir árangurslítinn fund með fulltrúum Írans fyrr í vikunni ákváðu fulltrúar fimm stærstu þjóðanna innan IAEA að fara fram á það við IAEA að vísa málinu til Öryggisráðsins. Þrjátíu og fimm þjóðir eiga aðild að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. **- smk**




**KJARNORKA** Framkvæmdastjóri Alþjóðakarnorkumálastofnunarinnar, Mohamed ElBaradei, á blaðamannafundi í Vínarborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjálfstæðismenn í Reykjanesbæ:

# Meirihluti vill uppstillingu

**KOSNINGAR** Fulltrúaráð Sjálfstæðisflokksins í Reykjanesbæ ákvað á fjölmennum fundi að viðhafa uppstillingu við val á framboðslista flokksins fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri í Reykjanesbæ og fulltrúaráðsmeðlimur, segir mikinn meirihluta innan fulltrúaráðsins hafa verið að baki þeirri ákvörðun að stilla upp lista flokksins. „Meirihlutinn í bæjarstjórn hefur góðan stuðning að baki sér og þar sem ljóst var að allir bæjarfulltrúar flokksins ætluðu sér að bjóða sig fram aftur þá þótti eðlilegt hafa ekki prófkjör innan flokksins, heldur uppstillingu.“ **- mh**

Dæmdur fyrir líkamsárás:

# Sekt eða tíu daga fangelsi

**DÓMSMÁL** Maður á fertugsaldri var í gær dæmdur til þess að greiða konu á fertugsaldri rúmar 120 þúsund krónur fyrir að ráðast á hana í Templarasundi 17. ágúst 2003.

Maðurinn réðst á konuna með þeim afleiðingum að hún tognaði á brjósthrygg sem leiddi til hreyfiskerðingar og stoðkerfiverkja og voru þessar afleiðingar metnar konunni til tíu prósenta varanlegrar örorku.

Konan krafðist skaðabóta upp á rúmlega tvær og hálfa milljón en við þeirri kröfu var ekki orðið.

Maðurinn þarf að auki að greiða 120 þúsund krónur í sekt í ríkissjóð en sektin verður látin niður falla ef maðurinn situr í tíu daga í fangelsi. **- mh**

## JAPAN

**Vilja óbreyttar ríkiserfðir** Tugir íhaldssamra þingmanna mótmæltu á miðvikudag fyrirhuguðum lagabreytingum í Japan sem myndu heimila að ríkiserfðir gengju til dætra Japanskeisara, en enginn drengur hefur fæðst innan japönsku keisarafjölskyldunnar í rúm 40 ár. Þingmennirnir óttast að lagabreytingin geti leitt til þess að útlendingar fái að giftast inn í keisarafjölskylduna.

## VÍSINDI

**„Tíunda plánetan“** Kuldalegur hnöttur sem hlotið hefur nafnið Xena og er í útjaðri sólkerfis okkar mun að líkindum geta kallast ný pláneta þar sem rannsóknir hafa sýnt að hann er töluvert stærri en Plútó.

## ÚTGERÐ

**Gott ár hjá Ísfélaginu** Útgerð Ísfélagsins í Vestmannaeyjum gekk vel árið 2005. 105 þúsund tonn veiddust að verðmæti um 2.100 milljóna króna. Landvinnslan vann úr 135 þúsund tonnum, frystihúsið úr 17 þúsund og bræðslur félagsins úr 119 þúsund tonnum.

# Styttingu náms til stúdentsprófs frestað

**Nýr samningur menntamálaráðherra og Kennarasambands Íslands gefur svigrúm til að vinna að breyttri námsskipan skólastiganna. Fulltrúar kennara telja innihald námsins skipta meira máli en tímalengd þess fram að stúdentsprófi.**

**MENNTAMÁL** Styttingu náms til stúdentsprófs hefur hefur verið frestað til ársins 2010 með samningi um umfangsmiklar breytingar á menntakerfinu sem Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Eiríkur Jónsson, formaður Kennarasambands Íslands, undirrituðu í gær.

„Við vonum að þetta sé upphafið að betra samstarfi okkar og menntamálaráðuneytisins,“ sagði Eiríkur við undirritun samningsins og áréttaði að trúnaður og traust hefði ríkt í samskiptunum við undirbúning málsins.

„Þetta er tímamóta samkomulag sem miðar að bættu skólakerfi í framtíðinni. Við störfum að þessu í samvinnu við kennarasamfélagið og tökum mið af ábendingum sem okkur hafa borist. Ætlun okkar er að setja umbótastarfið á faglegra plan en áður,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra.

Eiríkur segir að efnisatriðin tíu í samningnum séu þýðingarmikil. „Þau taka til breytilegra möguleika á námshraða, grunnog endurmenntunar kennara, sveigjanlegra skila milli skólastiganna, lögverndunar á starfsheiti leikskólakennara og fjölmargra annarra þátta.“

Undir þetta tekur Elna Katrín Jónsdóttir fulltrúi framhaldsskólakennaranna. „Ég vil auðvitað sjá að niðurstaðan verði sú að við stöndum ekki uppi með skert nám. Við getum líka orðað það svo að 13 eða 14 ára námstími er ekki höfuðatriði því hann er nú þegar svo breytilegur,“ segir Elna Katrín.

Menntamálaráðherra segir að í vor verði lögfest frumvarp til breytinga á framhaldsskólunum og síðan verði þeim gefinn fjögurra ára aðlögunartími til 2010. Þá verður nám til stúdentsprófs í framhaldsskólunum þrjú í stað fjögurra ára. Jafnframt koma breytingar á grunnskólakerfinu til framkvæmda ári síðar en ætlað var eða árið 2007.

„Ársfrestur á því sem gerast átti í grunnskólunum í haust og síðan í framhaldsskólunum til ársins 2010 gefur okkur svigrúm til að vinna þá vinnu sem við viljum koma að og það sem þetta samkomulag byggir á. Mér finnst líka mikilvægara að tala um innihald og gæði námsins en árafjöldann,“ segir Eiríkur Jónsson.

johannh@frettabladid.is



**EIRÍKUR JÓNSSON OG ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR Á BLAÐAMANNAFUNDI Í GÆR** Tímamótasamkomulag við kennarasamfélagið segir menntamálaráðherra.

**SAMNINGUR MENNTAMÁLARÁÐHERRA OG KSÍ – 10 SKREF TIL SÓKNAR**

– Endurskoðun laga um leik-, grunn og framhaldsskóla hefst í vor
– Efling kennaramenntunar á grundvelli niðurstöðu starfandi nefndar
– Fjögurra ára aðlögunartími framhaldsskólanna til að takast á við breytta námsskipan
– Endurmenntun kennara verður efld á öllum skólastigum
– Starfsheiti leikskólakennara verður löggilt
– Efling verk- og starfsnáms í grunn- og framhaldsskólum
– Almenn braut framhaldsskólans verður endurskipulögð og unnið gegn brottfalli
– Meira og betra námsefni á öllum skólastigum. Meira stafrænt námsefni
– Fjar- og dreifnám verður skilgreint með skipulegum hætti
– Starf kennara og starfsumhverfi verði gert aðlaðandi og eftirsóknarvert

www.ru.is/simennt

SÍMENNT HR

Samningatækni I

Eiga neðangreind atriði við um þig:

- Þarftu að semja við aðra?
- Viltu bæta samkeppnishæfni þína?
- Viltu auka hæfni þína í samningaviðræðum?
- Langar þig að vita meira um samningatækni?

Þá átt þú erindi til okkar!

*Samningatækni I*

7. febrúar - 16. febrúar kl. 16:15-19:15

Á námskeiðinu er farið yfir grundvallaratriði í samningatækni. Þátttakendur læra m.a. að skilgreina jaðarverð, finna samningsfleti, skilja samningsviðmót og takast á við erfiða einstaklinga. Þátttakendur þurfa að finna sinn samningsstíl, glíma við verkefni og dæmi einir og í hóp.

Verð kr. 30.000,-

Leiðbeinandi:
Sigurður Gíslason, viðskiptafræðingur og ráðgjafi hjá Grow Consulting ehf.

Upplýsingar og skráning:
Lóa Ingvarsdóttir
Sími: 599 63 50
li@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Reykjavíkurborg afþakkaði bætur útreiknaðar af óháðum hagfræðingi:

# Olíumálið fyrir héraðsdóm

**OLÍUSAMRÁÐ** Reykjavíkurborg ætlar að fara fram á fyrir héraðsdómi að olíufélögin þrjú, sem högnuðust á olíuverðsamráði gegn borginni, greiði 151 milljón auk dráttarvaxta. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, lögmaður Reykjavíkurborgar, segir að einnig verði lögð fram varakrafa jafnhá þeirri upphæð sem félögin hafi ákveðið að skipta á milli sín vegna viðskiptanna við borgina. Sú upphæð nemi um 75 milljónum króna.

Vilhjálmur segir að á fundi 18. október hafi lögmenn olíufélaganna viljað að óháður hagfræðingur mæti skaðann af verðsamráðinu. Sjálfur hafi hann fallist á það. Hagfræðingurinn hafi hins vegar byggt niðurstöðu sína á öðrum forsendum en borgin og samkeppniseftirlitið geri. Hann horfi til styttri tíma en þeirra rúmlega fimm ára sem viðskiptin stóðu yfir og upphæðin því lægri en borgin hafi vonast til.

Vilhjálmur segir olíufélögin hafa boðist óformlega til að greiða þá upphæð sem niðurstaða hagfræðingsins sýndi auk þess að greiða verðbætur. „Það bar einfaldlega of mikið á milli,“ segir Vilhjálmur og málsókn því óhjákvæmileg. **- gag**



**VERÐSAMRÁÐ DREGUR DILK Á EFTIR SÉR** Reykjavíkurborg krefst fyrir héraðsdómi 151 milljónar í skaðabætur auk dráttarvaxta en til vara um 75 milljóna.



Frá 6.073 kr. aðra leið, London hefur aldrei verið nær

Kynntu þér málið núna, á ba.com

BRITISH AIRWAYS

Skráðu þitt tölvupóstfang á ba.com fyrir 31. mars 2006 til að njóta þessa afsláttarfargjalds. Gildir fyrir flug frá Reykjavík til London. Ljúka þarf ferð fyrir 31. ágúst 2006.
Skattar og flugvallargjöld innifalin. Athugið skilmála og skilyrði, nánar á ba.com

British Airways hefur reglulegt áætlunarflug til Íslands í næsta mánuði:

# Búast við harðri samkeppni

**NEYTENDUR** „Við teljum okkur eiga fullt erindi á íslenska markaðinn og viljum meina að það sem við bjóðum falli íslenskum ferðalöngum vel í geð,“ sagði Sam Heine, viðskiptastjóri breska flugfélagsins British Airways á Norðurlöndunum.

Flugfélagið ætlar að hefja reglulegar áætlunarferðir milli London og Keflavíkur í lok mars og mun þá keppa við þau tvö íslensku félög sem fyrir eru á þeirri flugleið, Icelandair og Iceland Express. Segir Heine að um skýran valkost verði að ræða fyrir íslenska neytendur. Almennt fargjald fram og tilbaka mun kosta 22.900 krónur en fyrstu 20 þúsund sætin verða seld á helmings afslætti og er þegar hægt að bóka þau fargjöld á vef félagsins BA.com. Hann segir flugfélagið gera ráð fyrir samkeppni þegar fram líða stundir og fyrirtækið verði vel í stakk búið til að mæta henni þegar þar að kemur. „Við höfum gefið okkur góðan tíma til að kynna okkur markaðinn og vitum nákvæmlega út í hvað er verið að fara og erum hvergi smeyk við samkeppnina sem við þó vitum að verður hörð. Við bjóðum fulla þjónustu fyrir sama verð og lægst gerist hér og teljum að Íslendingar muni taka okkur vel.“

Fargjald BA verður svipað og lægstu gjöld hjá Iceland Express eru í dag og mun ódýrari en fargjöld Icelandair. - aöe



**KOMNIR TIL AÐ VERA** British Airways hefur áætlunarflug til og frá landinu í mars. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

Peningafundur í Madríd:

# Pesetar í poka

**SPÁNN** Maður sem fór í göngutúr fyrir nokkru um hinn stóra og fallega Retiro-garð í miðborg höfuðborgarinnar Madríd fann fyrir hreina tilviljun poka fullan af peningum falinn í trjábol.

Þykir fundurinn merkilegur enda um spænska peseta að ræða en þann gjaldmiðil hættu Spánverjar að nota árið 2002 er evran kom í stað hans. Í pokanum var andvirði tæplega þrjú hundruð þúsunda íslenskra króna. Var fátt annað í stöðunni en tilkynna fundinn til lögreglu enda hvergi hægt að skipta pesetum í landinu. Lögregla telur víst að um fíkniefnapeninga sé að ræða og rannsakar málið. ■

Víkingarnir voru hégómlegir fram úr hófi:

# Skreyttu framtennur

**STOKKHÓLMUR, AP** Þótt sögur fari af blóðþorsta og grimmd forfeðra okkar, víkinganna, hafa sænskir vísindamenn komist að því að þeir voru einnig afar skrautgjarnir og hégómlegir. Rannsókn á þúsund ára gömlum grafreitum í Suður-Svíþjóð hefur sýnt að sumir karlmenn hafa sargað skorur með járnþjöl þvert á framtennur sínar og líklega borið lit í.

„Ég held þetta hafi verið frekar fallegt,“ sagði mannfræðingurinn Caroline Arcini, sem vinnur hjá sænsku þjóðminjastofnuninni. „Þeir hafa þurft að hlæja heldur mikið svo liturinn kæmi í ljós, því rákirnar voru gerðar ofarlega á tönnunum.“

Arcini telur líklegt að liturinn sem var borinn í hafi verið svartur eða rauður, en rákirnar fundust í um 10 prósent hauskúpa af karlmönnum sem grafnir voru á svæðinu. Tennur kvennanna báru engin merki um þennan sið.

Þótt indíánar Norður-Ameríku hafi á sama tíma einnig notað þjalir á tennur sínar, telur Arcini ekki að siður víkinganna sé þaðan kominn, enda sé það algengt að fólk fái svipaðar hugmyndir víða um heim án þess að tengsl séu þar á milli. - smk



**SKREYTTAR TENNUR** Karlmenn sörguðu rákir í tennur sínar og báru líklega lit í. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**Á FRAMFÆRI** Formaður Landssambands hestamannafélaga segir nauðsynlegt fyrir ræktendur að koma hrossum sínum á framfæri.

# Adolf biðjist afsökunar

## Landssamband hestamannafélaga ætlar að krefjast afsökunarbeiðni frá íþróttafréttamanni RÚV vegna niðrandi ummæla um hestamennsku og íþróttir.

**HESTAMENNSKA** Landssamband hestamannafélaga ætlar að krefjast afsökunarbeiðni frá Adolf Inga Erlingssyni, íþróttafréttamanni á RÚV, vegna ummæla hans um hestamenn í nýjasta tölublaði Eiðfaxa. Jafnframt verður hann krafinn skýringa á orðum sínum, að því er Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður LH, segir.



**ADOLF INGI ERLINGSSON**

„Orðfærið sem Adolf Ingi Erlingsson notar í umræddri grein í tímaritinu Eiðfaxa er niðrandi, þegar hann talar um „hrossaprang,“ „dundara,“ og „fyllibyttur,““ segir Jón Albert. „Þetta eru verulega niðrandi ummæli bæði um keppnisíþróttina og almenningsíþróttina hestamennsku. Þessi orð sem hann notar þarna nota hestamenn ekki. Þess vegna fyllast þeir reiði yfir að vera kallaðir „dundarar“.

Jón Albert kveðst ekki hafa fengið svo sterk viðbrögð frá hestamönnum víðs vegar að af landinu í mörg ár. Síminn hafi ekki stoppað hjá sér síðan Eiðfaxi kom út.

„Þessi ágæti maður hefur það verkefni í Ríkisútvarpinu, útvarpi allra landsmanna, að fjalla um íþróttir. Ef hann gerir sér ekki betur grein fyrir stöðu hestaíþrótta en þetta þá verður hann að hugsa sinn gang,“ segir Jón Albert.

Formaður LH segir að taug sé milli manns og hests og þeir sem stundi hestamennsku uni því ekki að vera kallaðir „dundarar“. Þá segir hann Adolf Inga greinilega ekki skilja út á hvað hestaíþróttin gangi þegar hann tali um að knapar séu „ hrossaprangarar“ að „braska“ með keppnishross sín.

„Það tekur fjögur ár að þjálfa hest til keppni. Adolf Ingi skilur ekki hvernig þjálfunarferlið á sér stað. Hann skilur ekki það sem varðar eignarhald á hestum,“ segir Jón Albert. „Í hestamennsku erlendis, þar sem menn keppa í hindrunarstökki og veðhlaupum, eru gríðarhá verðlaun í boði. Hjá okkur eru menn að keppa um dollur. Þeir verða því að selja hross til að hafa í sig og á, auk þess að bera kostnað af þjálfun hrossanna. Það er mikil vinna að þjálfa keppnishest. Toppurinn er svo að komast með keppnishest sinn á heimsmeistaramótið og þau hross sem þangað fara eiga að sjálfsögðu ekki afturkvæmt. Þá er ærinn kostnaður við að rækta hross og framleiða, og ekkert eðlilegra en að menn sem eru með kynbótahross vilji koma þeim á framfæri. Að slíta þetta í sundur er fráleitt og ekki hægt með neinum hætti.“

jss@frettabladid.is

Jólasöfnun Hjálparstofnunar kirkjunnar:

# Aldrei safnast meira

**SÖFNUN** Alls söfnuðust 28 milljónir króna í jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar en ætlunin er að nota peningana til að grafa vatnsbrunna í Mósambík. Um met er að ræða enda aldrei áður safnast svo mikið fé í jólasöfnunum.

Hjálparstofnun kirkjunnar styður margvísleg verkefni í Mósambík en flest felast þau í að sinna vatnsöflun með einhverjum hætti. Þannig styður stofnunin við bakið á smábændum með öflun vatns og nýtingar þess. Féð er einnig notað til kaupa á stórum tönkum til að ná regnvatni því sem til jarðar fellur. ■







Fyrir framtíð fegurðar þinnar
SENSAI SILK
Þú hefur sjálfsagt ekki tekið eftir því, en enda þótt erfitt sé að greina einhverjar breytingar á yfirborði húðarinnar, á róttæk þróun sér stað í neðri lögum hennar.
Þetta ferli nefnist „snemmbúin öldrunareinkenni“ og hefst hjá fólki á miðjum þrítugsaldri.
Fyrstu ummerkin eru þau að stinnleiki og ljómi húðarinnar minnka af völdum utanaðkomandi áreitis.
Það er einmitt á þessum tímapunkti sem vönduð umhirða hefur úrslitaþýðingu fyrir fegurð húðarinnar um ókomin ár.
Kanebo hefur nú hannað snyrtivörulínu þar sem kraftmiklir eiginleikar silkis og fágætra jurta sameinast í að styrkja mótstöðuafl húðarinnar gegn áreiti umhverfisins og hindra með þeim hætti ótímabæra öldrun hennar.
SENSAI SILK snyrtivörulínan frá Kanebo heldur húðinni fallegri og silkimjúkri svo árum skiptir.
FRUMSÝNING OG TILBOÐ
Ný lína frá Kanebo verður frumsýnd og kynnt í dag, föstudag frá kl.13.00–18.00
og á morgun laugardag frá kl. 13.00–17.00.
Falleg taska full af snyrtivörum fylgir þegar verslað er fyrir 4.500 kr.
Tilboðið gildir frá 3.–7. febrúar eða á meðan birgðir endast.
SENSAI SILK
http://kanebo-international.com
Kanebo
INTERNATIONAL
DEBENHAMS
SMÁRALIND



**VORHÁTÍÐ Í VÍETNAM** Víetnömsk unglingsstúlka lagar varalitinn sinn á vorhátíð sem fram fór í höfuðborginni Hanoí í gær. Vorinu er fagnað þessa dagana um allt Norður-Víetnam. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nefnd um aðskilnað ríkis og kirkju í Noregi skilar af sér:

# Aðskilnaður ríkis og kirkju

**ÓSLÓ, AP** Norsk stjórnvöld hafa hleypt af stokkunum nýrri umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju. Tuttugu manna nefnd skipuð fulltrúum ríkisvaldsins og norsku þjóðkirkjunnar, sem Kjell Magne Bondevik, þáverandi forsætisráðherra, skipaði árið 2003, skilaði af sér á þriðjudag. Í niðurstöðum ítarlegrar skýrslu um málið mælir nefndin með því að af aðskilnaðinum verði látið. Það taki þó tíma þar sem til þess þurfi stjórnarskrárbreytingu. Slík breyting gæti því fyrst tekið gildi árið 2014.

Meðmæli nefndarinnar með aðskilnaði ríkis og kirkju skapar nú nýjan grundvöll fyrir almenna umræðu um málið meðal norsku þjóðarinnar. Trond Giske, menningar- og kirkjumálaráðherra Noregs, sagði í gær að þúsundir aðila, þar á meðal allir kirkjusöfnuðir í Noregi, yrðu beðnir álits á skýrslu nefndarinnar. Um 86 prósent Norðmanna eru í evangelísk-lúthersku þjóðkirkjunni.

Staða íslensku þjóðkirkjunnar í íslensku stjórnarskránni er hliðstæð þeirri norsku. Sama má segja um dönsku þjóðkirkjuna. Í Svíþjóð gekk hins vegar aðskilnaður ríkis og kirkju í gildi með stjórnarskrárbreytingu í ársbyrjun 2000. - aa



**TROND GISKE** Kirkjumálaráðherra Noregs.

Íslendingar til Afganistan:

# Átta sendir til friðargæslu

**UTANRÍKISMÁL** Átta Íslendingar verða á næstu vikum sendir til Kabúl í Afganistan á vegum íslensku friðargæslunnar. Munu sex þeirra starfa á alþjóðaflugvellinum í Kabúl.

Auk starfsmannanna sex á flugvellinum mun einn sinna störfum sem ráðgjafi fyrir afgönsk stjórnvöld og mun vera þeim innan handar þegar heimamenn taka við stjórn flugvallarins. Þá verður einn sérstakur fulltrúi á skrifstofu æðsta borgaralega yfirmanns Atlantshafsbandalagsins í landinu, en hann mun verða fulltrúi framkvæmdastjóra NATO gagnvart afgönskum stjórnvöldum. - mh




MBA

Opinn fyrirlestur í boði MBA námsins

Föstudaginn 3. febrúar 2006. Öskju, náttúrufræðahúsi HÍ, stofu 132, kl. 17.15

**Áskoranir í þekkingarstjórnun**
**Challenges in Knowledge Management**

Þekkingarstjórnun stuðlar að árangri fyrirtækja í þekkingarsamfélaginu. Hvernig fyrirtæki fanga, þróa, deila og nýta þekkingu er talið lykillinn að samkeppnisforskoti. Samt sem áður glíma fyrirtæki og stofnanir við það hvernig þau geti stjórnað og miðlað þekkingu á árangursríkan hátt.



Einn helsti sérfræðingur í stjórnunarráðgjöf í Evrópu, prófessor **Flemming Poulfelt**, mun í erindi sínu fjalla um hvað þekkingarstjórnun snýst, hverjar hindranirnar í stjórnun þekkingar eru og hvernig fyrirtæki og stofnanir geti sigrast á þessum hindrunum.

Nánari upplýsingar á **www.mba.is**

Áhugasamir um MBA nám eru hvattir til að koma.

www.mba.is

H2 hönnun

V Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

SIGILLUM UNIVERSITATIS ISLANDIAE




**KÁRI STEFÁNSSON, FORSTJÓRI ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR** Pétur Pétursson segir í grein í Læknablaðinu að forysta læknafélaganna taki við fyrirmælum frá lögmanni Kára. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pétur Pétursson gagnrýnir stjórn læknafélaganna:

# Segir læknafélögin vera hliðholl Kára

**LÆKNAMÁL** Pétur Pétursson, læknir á Akureyri, gagnrýnir forystu Læknafélags Íslands og Reykjavíkur harðlega í nýjustu útgáfu blaðsins og segir hann þar greinilegt að forysta læknafélaganna taki við fyrirmælum frá lögmanni Kára Stefánssonar.



**SIGURBJÖRN SVEINSSON**

Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands, segist ekki ætla að munnhöggvast við Pétur og segir honum frjálst að túlka stöðu mála með þessum hætti. „Túlkun Péturs á þeim atburðum sem gengið hafa á hjá læknafélögunum byggir auðvitað á hans persónulega mati. Ég, og félagar mínir í stjórn Læknafélags Íslands, erum ósammála honum um þetta, en skemmtilegum mönnum er hægt að fyrirgefa margt.“

Óskar Einarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur, segir ummæli Péturs ekki koma á óvart. „Pétur er stóryrtur og lætur oft í sér heyra þegar svona mál koma upp. Stjórn Læknafélags Reykjavíkur ræddi um málið og á sínum tíma var það einróma álit allra í stjórninni að Kári Stefánsson yrði að njóta jafnréttis á við aðra lækna.“

Í desember í fyrra kærði Læknafélag Íslands Jóhann Tómasson lækni til siðanefndarinnar fyrir grein sem birt var í Læknablaðinu þar sem starfsleyfi Kára sem læknis var dregið í efa. Ritstjóra læknablaðsins var í kjölfarið vikið úr starfi og hefur nú ný ritstjórn tekið til starfa. - mh


LEGACY

ALLIR VEGIR FÆRIR

30 ÁRA FARSÆLD Á ÍSLANDI SUBARU



– Ný 2,0 lítra vél - 165 hö.
– Tölvustýrð loftkæling
– Sítengt aldrif (AWD)
– Kastarar í stuðara
– 17" álfelgur
– Hraðastillir

| Tegund | Verð |
|---|---|
| LEGACY Sedan beinsk. | 2.210.000,- |
| LEGACY Sedan sjálfsk. | 2.440.000,- |
| LEGACY Wagon beinsk. | 2.390.000,- |
| LEGACY Wagon sjálfsk. | 2.590.000,- |

www.subaru.is

SYMMETRICAL AWD

SUBARU MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Sölluga er aukabúnaður á mynd.



ÓB
ódýrt bensín
16 stöðvar
-3 kr.
aukaafsláttur af lítranum með ÓB-frelsi
ÓB-frelsi er fyrirframgreitt eldsneytiskort sem þú sækir um á ob.is. Kortið er án endurgjalds og veitir þriggja króna aukaafslátt á hvern lítra ofan á það lága verð sem fyrir er á öllum ÓB-stöðvum. Hægt er að millifæra inn á kortið í heimabanka. Allar upplýsingar um ÓB-frelsi er að finna á vefsíðu ÓB, www.ob.is
gerir ódýrt ódýrara!
ÓB
ódýrt bensín
frelsi
sæktu um á www.ob.is
Himinn og haf / SÍA




Byggingarfulltrúinn í Reykjavík samþykkir staðsetningu á nýrri bensínstöð:

# Atlantsolía í Öskjuhlíðina

**VIÐSKIPTI** Byggingarfulltrúinn í Reykjavík hefur samþykkt umsókn um leyfi til að setja sjálfsafgreiðslustöð Atlantsolíu ásamt skiltastandi á lóð Keiluhallarinnar í Öskjuhlíð við Flugvallarveg.

Hugi Hreiðarsson, upplýsingafulltrúi Atlantsolíu, segir framkvæmdir hefjast innan skamms við að setja upp nýju stöðina og áætlar að það taki tvo til þrjá mánuði að koma henni upp. „Hún gæti því orðið tilbúin snemmsumars,“ segir hann. Bensínstöðin verður sú sjöunda hjá Atlantsolíu, en beðið er leyfis bæjaryfirvalda í Hafnarfirði fyrir þeirri áttundu við Kaplakrika.



**NÝ BENSÍNSTÖÐVARLÓÐ** Hugi Hreiðarsson upplýsingafulltrúi og Geir Sæmundsson, framkvæmdastjóri Atlantsolíu, í Öskjuhlíð. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Hugi segir Atlantsolíu fagna hugrekki borgaryfirvalda að úhluta þeim lóð svo nærri miðbænum, en á brattan hafi verið að sækja fyrir félagið að fá úthlutað lóðum. Þá skipti staðsetningin máli því félagið hafi fengið að heyra hjá atvinnubílstjórum sem þar störfuðu að of langt væri í stöðvar félagsins.

Umsókn um bensínstöð í Öskjuhlíðinni var samþykkt á fundi byggingarfulltrúa 31. janúar, en gerður er fyrirvari um lokaúttekt byggingarfulltrúa og samþykki heilbrigðiseftirlits. Frágangur á lóðamörkum á svo að vera í samráði við nágrannana. **- óká**

Friðargæsla í Afganistan:

# Danir senda liðsauka

**DANMÖRK, AP** Danska þingið samþykkti í gær að 200 hermenn til viðbótar yrðu sendir til Afganistans. Þar munu þeir þjóna í friðargæsluliði NATO, sem liðsmenn Íslensku friðargæslunnar þjóna einnig í.

Danski liðsaukinn mun fylla raðir þeirra sveita fjölþjóðlega NATO-liðsins sem gæta mun friðarins í suðurhluta Afganistans, þar sem skæruliðar talibana hafa haft sig mest í frammi. Í júní leysir liðið bandarískar hersveitir af hólmi sem fram til þessa hafa einar séð um gæslu í þessum ófriðlegasta hluta Afganistans. ■

## REGLUR PRÓFKJÖRSINS

Prófkjörið verður haldið í sal sjálfstæðisfélaganna á Austurströnd 3, 3. hæð þann 4. febrúar og verður kosið frá kl. 9.00 til 18.00. Í prófkjörinu eiga kjósendur að velja sjö frambjóðendur með því að merkja við nöfn þeirra sem kjósa skal með tölustöfum 1 til 7, sem vísar þá til þess sætis sem kjósandi vill að frambjóðandi skipi á væntanlegum framboðslista sjálfstæðismanna við kosningarnar í vor.

Kjörið er bindandi ef frambjóðandi hlýtur að minnsta kosti 50 prósent atkvæða samanlagt. Á kjörskrá eru allir félagsmenn sjálfstæðisfélaganna á Seltjarnarnesi og þeir sem ganga í félögin í síðasta lagi þegar kosið er. Seltirningar geta gengið í Sjálfstæðisfélag Seltirninga eða Félag ungra sjálfstæðismanna á Netinu á heimasíðu Sjálfstæðisflokksins eða með því að skrá sig á kjörstað þegar kosið er. Aldurstakmarkið er 16 ár.

**FRAMBJÓÐENDUR Í PRÓFKJÖRI SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Á SELTJARNARNESI**

**1. sæti** Jónmundur Guðmarsson stjórnmálafræðingur og bæjarstjóri
Magnús Þór Álfþórsson kerfisfræðingur og bæjarfulltrúi

**2. sæti** Ásgerður Halldórsdóttir viðskiptafræðingur og forseti bæjarstjórnar
Sólveig Pálsdóttir kennari og varabæjarfulltrúi
Þór Sigurgeirsson fyrirtækjaráðgjafi

**3. sæti** Ólafur Egilsson sendiherra
Sigrún Edda Jónsdóttir viðskiptafræðingur og varabæjarfulltrúi

**4. sæti** Lárus B. Lárusson flugmaður og varabæjarfulltrúi

**5. sæti** Helgi Þórðarson kerfisfræðingur
Oddný Rósa Halldórsdóttir fjármálastjóri
Gunnar Lúðvíksson framkvæmdastjóri
Ragnar Jónsson rannsóknarlögreglumaður

**6. sæti** Helga Jónsdóttir ferðamálafræðingur
Magnús Örn Guðmundsson viðskiptafræðingur



**GRÓTTA Á SELTJARNARNESI** Búast má við spennandi kosningu í prófkjöri sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi á morgun þar sem tveir takast á um að leiða listann.

# Tveir stefna á efsta sætið

**Sjálfstæðismenn á Seltjarnarnesi efna til prófkjörs á morgun. Fjórtán manns gefa kost á sér og fær bæjarstjórinn mótframboð í fyrsta sæti listans.**

**PRÓFKJÖR** Prófkjör Sjálfstæðisflokksins á Seltjarnarnesi fyrir bæjar- og sveitarstjórnarkosningarnar í vor fer fram á morgun. Alls gefa fjórtán einstaklingar kost á sér, níu karlar og fimm konur. Sjálfstæðismenn hafa verið forystuafl í sveitarstjórn Seltjarnarness um áratuga skeið og hafa hreinan meirihluta í bæjarstjórn, fjóra fulltrúa af sjö. Þrír af þessum fjórum fulltrúum gefa kost á sér að nýju í prófkjörinu á morgun.

Athygli vekur að Bjarni Torfi Álfþórsson bæjarfulltrúi býður sig fram gegn sitjandi bæjarstjóra, Jónmundi Guðmarssyni, og þó svo að gera megi ráð fyrir að bæjarstjórinn sé sigurstranglegri í þeirri baráttu hleypir þetta nokkurri spennu í prófkjörið.

Baráttan um annað sætið verður einnig áhugaverð. Þrír frambjóðendur sækjast eftir því, þau Ásgerður Halldórsdóttir bæjarfulltrúi, Sólveig Pálsdóttir varabæjarfulltrúi og Þór Sigurgeirsson sem nú býður sig fram í fyrsta sinn.

Annað sem vekur athygli á lista frambjóðenda er nafn Ólafs Egilssonar, fyrrverandi sendiherra, og sækist hann eftir þriðja sæti listans sem og Sigrún Edda Jónsdóttir varabæjarfulltrúi. Kollegi hennar á varamannabekknum, Lárus B. Lárusson, sækist einn eftir fjórða sætinu.

Niðurstöður prófjörsins eiga að liggja fyrir í lok kjördags og er vonast til að lokatölur verði tilbúnar vel fyrir miðnætti. Fyrstu tölur verða birtar fljótlega eftir lokun kjörstaðar kl. 18 á morgun.

**ssal@frettabladid.is**

Jónmundur Guðmarsson:

## Finnur að störf hans eru vel metin



**JÓNMUNDUR GUÐMARSSON**

Jónmundur Guðmarsson er núverandi bæjarstjóri á Seltjarnarnesi. Þegar hann er spurður um prófkjörið um helgina segir hann: „Tilfinning mín er bara mjög góð. Það er skemmtilegt að standa í kosningum og prófkjörsbaráttu því það skerpir línurnar. Störf meirihlutans á Seltjarnarnesi virðast fólki velþóknanleg og ég held að það muni endurspeglast í niðurstöðunni. Við höldum alltaf prófkjör hér á Seltjarnarnesi og höfum komist að því að þetta er besti kosningaundirbúningur sem hægt er að hugsa sér.“ Honum líst vel á mótframbjóðanda sinn í fyrsta sætið en segir að framboð hafi komið honum nokkuð á óvart í fyrstu. Jónmundur segir marga hafi komið að máli við sig til. „Ég tel það til marks um að störf mín á þessu kjörtímabili séu vel metin. Ég hlakka til að standa skuldaskil á þeim.“

Bjarni Torfi Álfþórsson:

## Telur sig munu auka fylgi flokksins



**BJARNI TORFI ÁLFÞÓRSSON**

Bjarni Torfi Álfþórsson er kerfisfræðingur hjá Skýrr og bæjarfulltrúi. Hann sækist eftir fyrsta sæti á lista sjálfstæðismanna á Seltjarnarnesi. Hvernig er tilfinning hans fyrir helginni? Ég finn fyrir vaxandi jákvæðum áhuga.“ Bjarni segir að kosningabaráttan hafi verið róleg og að hún hafi farið prúðmannlega fram. Spurður um möguleika hans segist hann bjartsýnn þó að erfitt sé að fara á móti sitjandi bæjarstjóra. „Hvor okkar sem verður oddviti þá verður þetta sigurstranglegur listi, en ég tel hann álitlegri með mig frammi og því fer ég í þetta prófkjör. Ég fer fram vegna þess að ég hef mikinn metnað og svo hef ég líka fengið mikinn þrýsting frá mörgum Seltirningum því menn hafa ekki verið ánægðir með allt. Við þurfum að auka fylgi flokksins og ég tel að ég sé rétti maðurinn til þess.“

NISSAN PATROL

NISSAN SKIPT_um væntingar



ENDIST ENDALAUST

Rúmgóður og áreiðanlegur vinnuþjarkur sem hefur sýnt og sannað að hann á heima á Íslandi. Nissan Patrol er einfaldlega alvöru jeppi fyrir alvöru fólk!

| Tegund | | Verð |
|---|---|---|
| Patrol Luxury | Beinskiptur | 3.990.000 kr. |
| Patrol Luxury | Sjálfskiptur | 4.090.000 kr. |
| Patrol Elegance | Beinskiptur | 4.390.000 kr. |
| Patrol Elegance | Sjálfskiptur | 4.490.000 kr. |

250.000 kr. kaupauki
33" dekk, toppbogar og dráttarbeisli
Veiðikortið 2006 fylgir öllum 4x4 Nissan bílum

Bíll á mynd er 35" breyttur

Ingvar Helgason | Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is | Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00-18.00 og laugardaga kl. 12.00-16.00


KRÓNAN
VIRK SAMKEPPNI
Virk Sam-keppni
Sprengiverð
á dönskum kjúklingabringum
1.499 kr./pk.
Danpo kjúklinga bringur 900 gr.
699 kr./kg.
Krónu grísabógur reyktur/ úrbeinaður
1 kg. Basset´s konfekt fylgir!!!
Krónu Grísakótilettur
899 kr./kg.
Krónu blandaðir kjúklingabitar
299 kr./kg.
4 x 2 l. Coke kippa basset's konfekt fylgir
699 kr./pk.
Grand´italia pasta
199 kr./pk.
Grand´italia spaghetti og fusilli
39 kr./pk.
Pasfrost frosið grænmeti
49 kr./pk.
Meira úrval
LP salernispappír 8 rúllur
129 kr./pk.
Vatnsmelónur rauðar
69 kr./kg.
Paprikur rauðar
189 kr./kg.
ALLTAF FRÁBÆR TILBOÐ

## Kíktu á verðið

EKKERT BRUÐL

-það borgar sig!

SPAGETTÍ 59 kílóið KR.

Kíló af spagettí

Kíló af pasta fusilli

PASTA FUSILLI 69 kílóið KR.

Nýtt!

MAKKARÓNUR 69 kílóið KR.

Kíló af makkarónum

Kíló af pasta gnocchi

PASTA GNOCCHI 69 kílóið KR.

HVERSDAGSVERÐ Á EUROSHOPPER VÖRUM

Pastasósa 600g

PASTASÓSA 129 600g KR.

Vörur sem vit er í!

PENNE RIGATE 69 kílóið KR.

Kíló af penne rigate

NESTLÉ VIVANA ÍSINN GÓÐI

900 ml box 129 KR.

HATTING hvítlauksbrauð með stutt geymsluþol

2 Í PAKKA 59 KR.

Lúðusteikin er komin aftur!

FROSNIR LÚÐUBITAR 999 kg KR.

FROSIN LÚÐUSTEIK

EKKERT BRUÐL

# Nú ertu

PORK ROAST GRÍSASTEIK FRÁ ALI

ALI PORK ROAST 979 kg KR.

30% AFSL. VIÐ KASSANN MERKT VERÐ 1398KR.

30% afsláttur við kassann

TÓLF LÍTRAR 599 6x 2 lítrar KR.

Kipputilboð!

GRÆN/RAUÐ VÍNBER 295 kg KR.

STEINALAUS VÍNBER FRÁ SUÐUR - AFRÍKU



Tilboð í viku 5 gilda til sunnudags
eða á meðan birgðir endast
þó á réttri opnu!
3 BRINGUR
3 LEGGIR
3 VÆNGIR
FERSKAR FRÁ ALI
979 kg KR.
30% AFSL. VIÐ KASSANN
MERKT VERÐ 1398KR.
SVÍNAKJÖT
30% afsláttur við kassann
BÓNUS KJÚKLINGUR
Lúxus Bónus kjúklingablanda
899 kg KR.
MERKT VERÐ 1199KR.
VINSÆLA FERSKA LÚXUS BLANDAN
EKKERT BRUÐL
Chips
Chips Paprika
EURO SHOPPER
ERNO'S SALAMÍ
PITSAN Á TILBOÐI!
erno's
EUROSHOPPER SNAKK
98 KR.
200 GRÖMM
SALAMI PITSA
95 KR.
350g
Frosnu dönsku kjúklingabringurnar
EKKERT BRUÐL
...fyrir góðan dag!
KS
DANSKAR KJÚKLINGABRINGUR 900g
1495
900g poki KR.
EUROSHOPPER GRÆNMETI
Í KÍLÓPOKUM- Kíktu á verðið!
HVERSDAGSVERÐ
Á EUROSHOPPER VÖRUM
HÁLFUR LÍTRI
49 KR.
THULE
LÉTTÖL
BROKKOLÍ/BROKKOLÍBLANDA
198 kílóið KR.
KS lambalæri
898 kg KR.
FROSIÐ OG SNYRT
KS LAMBALÆRI
www.bonus.is
BÓNUS

„ORÐRÉTT“

*Höfum við ekki heyrt þetta áður?*

**„Það er kraumandi óánægja og vaxandi reiði á meðal verkafólks.“**

AÐALSTEINN BALDURSSON, FORMAÐUR VERKALÝÐSFÉLAGS HÚSAVÍKUR, Í FRÉTTABLAÐINU.

*Jahá!*

**„Kannski er hann skiljanlegur frá sjónarhorni Kristins, sem alla daga hagar sér eins og kommúnisti en þykist vera framsóknarmaður.“**

EINAR KRISTJÁN JÓNSSON FRAMSÓKNARMAÐUR Í GREIN Í MOGGANUM UM MÁLFLUTNING KRISTINS H. GUNNARSSONAR ÞINGMANNS.

*nær og fjær*

**tilveran**

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** BRODDI KRISTJÁNSSON, MARGFALDUR ÍSLANDSMEISTARI Í BADMINTON

# *Íþróttir, íþróttir og íþróttir*



Brodda Kristjánsson þekkja allir sem komið hafa nálægt badmintoníþróttinni síðustu ár. Hann hefur lengi verið í eldlínunni og segist sjálfur ekki halda því til haga hversu oft hann hefur orðið Íslandsmeistari í greininni. Hann er landsleikjahæsti Íslendingurinn og hefur unnið til nítján Íslandsmeistaratitla í badminton þar sem hann hefur keppt fyrir hönd Tennis- og badmintonfélags Reykjavíkur. Hann hefur verið valinn Íþróttamaður Reykjavíkur oftar en einu sinni og komið til greina sem Íþróttamaður ársins. Enn fremur var hann landsliðsþjálfari í badminton um tíma. Broddi er ekki hættur að spila en lætur þá íþrótt eina ekki nægja þessa dagana.

„Ég starfa sem grunnskólakennari og hef kennt íþróttir í Snælandsskóla í Kópavogi í mörg ár en legg þar enga sérstaka áherslu á badminton fremur en aðrar íþróttir. Þegar ég er ekki að vinna sparka ég gjarnan fótbolta með félögunum öðru hverju og svo er ég á kafi í hestaíþróttinni eins og svo margir aðrir. Ég á nokkra hesta og fer ósjaldan styttri og lengri ferðir á þeim um landið. Það fer mikill tími í það en honum er vel varið. Hvað badminton varðar þá spila ég ennþá en ég æfi tiltölulega lítið miðað við það sem áður var. Læt nægja að fara einu sinni til tvisvar í viku þessa dagana.“

Brodda verður orða vant þegar hann er spurður um hvort eitthvað merkilegt hafi drifið á daga hans síðustu misserin. „Það er ekkert sem stendur sérstaklega upp úr, allavega ekki síðustu árin. Milli þess sem ég tek þátt í íþróttum skiptir fjölskyldan náttúrlega miklu máli. Ég eyði eins miklum tíma og hægt er með henni en það verður að segjast eins og er að síðustu misserin er ekkert sérstakt sem stendur upp úr eða hefur gerst nýtt sem ég man eftir í fljótu bragði. Mikið gengur eðlilega út á íþróttir af einhverju tagi og ég held mér í ágætu formi. Lífið gengur sinn vanagang, heilsan er góð og það skiptir öllu máli.“

## SJÓNARHÓLL

HVAR Á NÆSTA ÁLVER AÐ RÍSA?



GUÐLAUG ELÍSABET ÓLAFSDÓTTIR LEIKKONA

### *Mér er alveg sama*

„Helst myndi ég vilja að við slepptum þessu alveg, mér finnst þetta vera vitleysa,“ segir Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir leikkona aðspurð um hvar næsta álver eigi að rísa en það er ein helsta pólitíska spurningin þessa dagana. Hún segist þó gera sér grein fyrir að eitthvað verði að gera, fólk verði að hafa einhverja vinnu. „En er þjóðin orðin svo aum að hún kýs bara yfir sig fólk sem hefur ekki aðrar hugmyndir en álver?“ spyr Guðlaug.

„En ef það á að reisa enn eitt álverið þá er mér alveg sama hvar það verður gert enda þykir mér ekkert vænna um einn stað en annan. Ætli sé samt ekki þægilegra að stækka þar sem búið er að reisa nú þegar í stað þess að leggja nýtt land undir.“








**HÓTEL SAGA VIÐ HAGATORG** Eitt glæsilegasta hótel landsins. Bændur hafa hafnað öllum tilboðum sem borist hafa í Sögu síðasta áratug og lúra þar þegar þeir eiga erindi í höfuðborgina. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

# Enn lúra bændur á Sögu

**Bændur höfnuðu á dögunum kauptilboði í Hótel Sögu og Hótel Ísland. Fjölmörg tilboð hafa borist í hótelin á síðustu árum en bændur alltaf hafnað. Þeir vilja eiga sína Sögu sjálfir.**

Afstaða bænda til kauptilboðsins var skýr en gengið var til atkvæða á búnaðarþingi á mánudag. 36 sögðu nei en 13 já. Þrjár ástæður eru einkum nefndar fyrir því að svo margir bændur vilja að samtök þeirra eigi hótelin áfram. Sú fyrsta er að þeir meti það einfaldlega sem svo að hagkvæmara sé að eiga en að selja; eiginfjármyndunin hafi verið um 200 milljónir króna á ári síðustu ár en ávöxtun á söluvirðinu hefði ekki náð þeirri fjárhæð. Önnur ástæðan sem nefnd er er sú að hefði tilboðinu verið tekið hefðu Bændasamtökin lent á hrakhólum og ekki sé gott að þurfa að finna þeim samastað í snarheitum. Þriðja ástæðan er svo sú að Bændahöllin á Melunum í Reykjavík sé stolt íslenskra bænda og af þeirri einföldu ástæðu megi ekki selja.

Mörgum þykir merkilegt, og jafnvel skjóta skökku við, að bændur skuli eiga þessar miklu eignir í höfuðborginni. Á því eru vitaskuld skýringar eins og ávallt. Ari Teitsson, fyrrverandi formaður Bændasamtakanna, kann söguna.

„Bændasamtökin áttu frá fornu fari skrifstofuhúsnæði niður við Tjörn. Þegar kom að því að það var orðið of lítið ákváðu bændur að byggja sér stærra hús yfir starfsemina. Þegar sú ákvörðun lá fyrir sáu menn að skynsamlegt væri að hafa svefnloft yfir húsinu svo bændur sem áttu leið í bæinn gætu haft aðgang að ódýrri gistingu,“ rifjar Ari upp en þetta var fyrir 1950. Eftir yfirlegu komust bændur svo að því að skynsamlegast væri að hafa þetta í formi hótels þannig að húsið nýttist allt árið; fyrir bændur á veturna og ferðamenn á sumrin. „Svo var farið að teikna og hótelið smá stækkaði þar til komin var Hótel Saga.“

Hótelið var tekið í notkun í byrjun júlí 1962 og var stækkað til muna tæpum tuttugu árum síðar.

Móttaka og ýmis þjónusta var veitt á fyrstu hæð, veitingasala var á annarri hæð, Bændasamtökin komu sér fyrir á þriðju hæðinni og á þeirri fjórðu voru leigðar út skrifstofur, meðal annars til Flugfélags Íslands.



**HÓTEL ÍSLAND VIÐ ÁRMÚLA** Ólafur Laufdal hóf að byggja hótelið en bændur eignuðust það fyrir rúmum áratug. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Hótelherbergi voru svo á fimmtu, sjöttu og sjöundu hæð.

Bygging Hótels Sögu kostaði sitt. Bændur og bændafélögin tvö sem þá störfuðu, Búnaðarfélag Íslands og Stéttarsamband bænda, lögðu fram peninga og svo voru tekin lán. „Félögin lögðu fram úr eigin sjóðum nálægt því einn tíunda af byggingarkostnaði hvort og svo var lagt gjald á alla bændur landsins sem skilaði einum tíunda,“ segir Ari og bætir við að gjaldið, sem kallað var Hallargjald, hafi mælst mjög illa fyrir hjá sumum bændum.

Þorvaldur Guðmundsson, kenndur við Síld og fisk, var fenginn til ráðgjafar um stofnun, skipulagningu og búnað hótelsins en hann hafði langa reynslu að baki úr veitingarekstri eftir að hafa rekið veitingahús í Þjóðleikhúskjallaranum og reist veitingahúsið Lídó. Var Þorvaldur hótelstjóri Sögu fyrstu árin og Konráð Guðmundsson honum til aðstoðar. Tók Konráð svo við hótelstjórninni 1964 og annaðist hana um árabil.

Hótel Ísland við Ármúla komst í eigu bænda fyrir rúmum áratug. Fyrir nokkru gerðu Bændasamtökin svo samkomulag við Radisson SAS hótelkeðjuna um rekstur hótelanna beggja og nefnast þau nú Radisson SAS Saga hotel og Park Inn.

Ari Teitsson segir að Bændasamtökunum hafi margsinnis borist tilboð í hótelin síðasta áratug eða svo en enn séu þau í eigu samtakanna og fátt sem bendi til að þau verði seld á næstu árum. „Það verður nú að viðurkennast að reksturinn gekk ekkert alltof vel á milli 1980 og 1990 en með samningnum við Radisson SAS hefur þetta gengið mun betur. Síðasta ár var til dæmis mjög gott þrátt fyrir að gengi krónunnar sé alveg hreint kolvitlaust.“

Bændur njóta sérkjara á hótelunum sínum og gista þar flestir þegar þeir eiga erindi til Reykjavíkur. Ari segir gott að sofa á Hótel Sögu, þótt ekki sé það jafn gott og að sofa á Hrísum í Þingeyjarsveit, þar sem hann býr.

bjorn@frettabladid.is



**ÞORVALDUR GUÐMUNDSSON** Var bændum til ráðgjafar við byggingu Hótel Sögu og var hótelstjóri fyrstu árin.



**ARI TEITSSON** Segir gott að sofa á Hótel Sögu, þótt ekki sé það nú jafn gott og að sofa heima á Hrísum.

VIÐ OPNUM Á EGILSSTÖÐUM





# 500 kall á haus

## *Opnunarhátíð Orkunnar á Egilsstöðum laugardaginn 4. febrúar kl. 13–15.*

Bensínorkan er komin á Austurland. Ný stöð var nýlega reist og hefur verið vitlaust að gera frá fyrsta degi. Á laugardaginn höldum við svo opnunarhátíð í anda Orkunnar og verður þar hvergi til sparað.  Skorað er á Austfirðinga í styrktargöngu, fimleikaborgarar framreiddir af fingrum fram, og hljómlistamenn leika við hvern sinn fingur.



### Göngum á lagið

Bensínorkan skorar á alla göngufæra Austfirðinga að styðja við fimleikadeild Hattar, en Orkan ætlar að greiða deildinni 500 kr. fyrir hvern göngumann. Upplagt að ganga á lagið og safna myndarlegri upphæð því eitt er víst, að Orkan mun ekki sjá eftir þessum skemmtilegu fimmhundruð köllum.



### Gangan

Mæting er kl. 12:00 við íþróttahúsið, þar sem göngugarpar verða skráðir til leiks. Hver þátttakandi verður að skrá sig og veglegir vinningar verða svo dregnir út í göngulok. Fjöldi göngumanna fær vinning – bensíninneignir og gjafabréf á Búlluna – og er ljóst að vinningshlutfallið er afar hátt.

### Bensínfrelsi

Kynning og skráning á staðnum – tryggðu þér kort sem gefur 3 krónu afslátt af lítranum.



### Bensíntombóla

Allir sem taka bensín, fá skafmiða með 500 kr. – 5000 kr. vinningum í formi úttektar á stöðinni. Einn miði á bíl.

### Hljómfagur flutningur

Valinkunnir Austfirðingar halda uppi firnaþéttu fjöri fyrir unga sem aldna.

FIMLEIKADEILD HATTAR

HAMBORGARA Búllan splæsir borgurum á alla

ORKAN BENSÍN

ÞAÐ MUNAR UM MINNA

## Svona erum við

> Úrslit sveitarstjórnarkosninga í Kópavogi 2002




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FORINGINN:** FLOSI EIRÍKSSON

# *Leggur allt undir fyrir fjórða sætið*



Flosi Eiríksson hefur verið í forystu fyrir jafnaðar- og vinstrimenn í Kópavogi allar götur síðan 1998 er hann leiddi Kópavogslistann við bæjarstjórnarkosningar en listinn var sameiginlegt framboð Alþýðuflokks, Alþýðubandalags, Kvennalista og óháðra.

Í kosningunum 2002 fór Flosi fyrir lista Samfylkingarinnar en að þessu sinni sækist hann ekki eftir efsta sætinu heldur því fjórða. Að sögn Flosa gerir hann þetta að vandlega íhuguðu máli. „Ég held að þetta muni styrkja Samfylkinguna í Kópavogi og með þessu vil ég reyna að tryggja flokknum einn bæjarfulltrúa til viðbótar að minnsta kosti,“ segir hann en viðurkennir að í þessu geti falist nokkur áhætta. „Ég er tilbúinn að leggja mig og mín verk undir í því skyni að ná þessu markmiði.“

Hann segir engan ágreining milli manna um það hver verði leiðtogi Samfylkingarinnar í Kópavogi fari svo að hann nái kjöri í bæjarstjórn sem fjórði maður á lista. „Ég hef engar áhyggjur af þessu, við munum koma fram sem einn sterkur hópur, hér eftir sem hingað til. Ég sækist eftir þessu fjórða sæti á listanum og ætla að vinna það. Hvað við látum það svo heita ákveðum við eftir prófkjörið,“ segir Flosi og bætir því við að málið verði leyst þannig að það gagnist flokknum og bænum sem best.

Hann metur það svo að bætt þjónusta við bæjarbúa verði meginmál kosninganna í vor og þar sé af nógu að taka. „Það er sama hvort það er þjónusta í leikskólum, grunnskólum eða þjónusta við aldraða. Leikskólamál hafa til dæmis verið í uppnámi í allt haust og við þurfum að taka upp allt aðrar reglur og vinnubrögð í samskiptum við íbúa bæjarins, en núverandi bæjaryfirvöld standa í sífelldum illdeilum við þá um skipulagsmál, svo dæmi séu tekin,“ segir Flosi og leggur áherslu á að Samfylkingin ætli sér að vinna fyrir fólkið í bænum en ekki einhverja aðra hagsmuni.

Aðspurður um það hvort hann muni sækjast eftir bæjarstjórastólnum ef svo fer að Samfylkingin komist í þá stöðu að mynda meirihluta eftir kosningarnar í vor segir hann hlæjandi: „Það eru allt of mörg ef og mundi í þessari spurningu til að hægt sé að svara henni á þessari stundu.“

## REGLUR PRÓFKJÖRSINS

Prófkjör Samfylkingarinnar í Kópavogi fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í vor fer fram á morgun á skrifstofu flokksins í Hamraborg 11, frá kl. 10 til 20. Kosið verður um sex efstu sæti listans en 21 frambjóðandi gefur kost á sér í prófkjörinu, þrettán karlar og átta konur. Prófkjörið er opið öllum félagsmönnum í Samfylkingunni í Kópavogi, Ungmennafélagi jafnaðarmanna í Kópavogi og tengdum félögum, að því gefnu að þeir hafi náð 16 ára aldri á kjördag og eigi lögheimili í Kópavogi. Hægt er að ganga í flokkinn á kjördag. Kosning utan kjörstaðar á kjördegi er heimil fyrir þá sem vegna veikinda geta ekki komist á kjörstað. Gert er ráð fyrir að fyrstu tölur um fylgi frambjóðenda verði kynntar um kl. 20.15 en reynt verður að ljúka talningu fyrir kl. 22.

### FRAMBJÓÐENDUR Í PRÓFKJÖRI SAMFYLKINGARINNAR Í KÓPAVOGI

| | |
|---|---|
| **1. sæti** | Guðríður Arnardóttir framhaldsskólakennari<br>Jón Júlíusson íþróttafulltrúi |
| **1.–4. sæti** | Kristín Pétursdóttir grunnskólakennari |
| **1. - 6. sæti** | Arnþór Sigurðsson forritari<br>Hreiðar Oddsson leiðbeinandi og nemi<br>Hulda Björg Sigurðardóttir lyfjafræðingur<br>Jóhann Guðmundsson<br>Sigurður M. Grétarsson viðskiptafræðingur<br>Tjörvi Dýrfjörð verslunarstjóri |
| **2. sæti** | Hafsteinn Karlsson bæjarfulltrúi<br>Ingibjörg Hinriksdóttir þjónustufulltrúi |
| **2.–3. sæti** | Margrét Júlía Rafnsdóttir grunnskólakennari |
| **2.–4. sæti** | Rut Kristinsdóttir framhaldsskólakennari |
| **3. sæti** | Bjarni Gaukur Þórmundsson íþróttakennari<br>Guðmundur Örn Jónsson verkfræðingur<br>Jens Sigurðsson formaður FUJ Kópavogi<br>Ragnhildur Helgadóttir jafnréttisráðgjafi ÍTR |
| **4. sæti** | Flosi Eiríksson bæjarfulltrúi |
| **4.–6. sæti** | Þorsteinn Ingimarsson viðskiptafræðingur |
| **5. sæti** | Björk Óttarsdóttir leikskólastjóri |
| **6. sæti** | Þór Ásgeirsson líffræðingur |


International Studies in Denmark?

– Information meeting, 8 February at 17.00



**Market Economist** (2 years)
Marketing Coordinator, Advertising Consultant, Account Manager, Purchasing Assistant, Trainee.

**Advanced Computer Studies** (2¼ years)
Systems Designer, Programmer, IT Consultant, Project Manager, Systems Administrator.

- Higher education academy programmes.
- Teaching in small groups. Case studies and solving of practical tasks.
- Cooperation with more than 300 enterprises.
- Flexible programmes. Direct qualifications for employment, or 1-1½ years top-up to become a Bachelor.

**Information meeting, 8 February at 17.00**
Icelandair Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2, Reykjavik 108

www.aabc.dk/english

THE BUSINESS ACADEMY
Aarhus Business College
Phone +45 8936 3535, E-mail eak@aabc.dk

AARHUS BUSINESS COLLEGE


# Tekist á um leiðtogasæti

**Tuttugu og einn frambjóðandi býður sig fram í prófkjöri Samfylkingarinnar í Kópavogi sem fram fer á morgun, þrettán karlar og átta konur. Kosið er um sex efstu sæti listans. Mesta athygli vekur að núverandi oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi, Flosi Eiríksson, sækist ekki eftir efsta sæti listans heldur því fjórða.**



Tveir frambjóðendur sækjast eftir fyrsta sætinu, þau Guðrún Arnardóttir framhaldsskólakennari og Jón Júlíusson íþróttafulltrúi og aðrir tveir um annað sætið, þau Hafsteinn Karlsson bæjarfulltrúi og Ingibjörg Hinriksdóttir þjónustufulltrúi. Fjórir stefna á þriðja sætið, einn í sæti fjögur, fimm og sex en aðrir frambjóðendur bjóða sig fram í fleiri en eitt sæti.

Ljóst er að úrslit prófkjörsins ráða miklu um hver verður leiðtogi Samfylkingarinnar í Kópavogi næsta kjörtímabil. Flokkurinn hefur þrjá bæjarfulltrúa eins og er en Flosi Eiríksson segir að hann leggi allt undir til að vinna fjórða sætið fyrir Samfylkinguna og verða jafnframt áfram leiðtogi flokksins.

Þau sem sækjast eftir efsta sætinu segjast hins vegar samtímis vera að sækjast eftir leiðtogasætinu og líta þannig á að fyrsta sætið sé sæti leiðtoga flokksins. Fari svo að flokkurinn fái fjóra menn kjörna í vor má því búast við að tekist verði um hver leiði flokkinn.

**ssal@frettabladid.is**

Guðríður Arnardóttir sækist eftir 1. sæti:

## Velferðar- og fjölskyldumál



**GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR**

Guðríður Arnardóttir, veðurfréttamaður og jarðfræðingur, sækist eftir fyrsta sæti í prófkjörinu. Hún telur ákvörðun Flosa Eiríkssonar að bjóða sig fram í fjórða sætið góða. Með henni sé Flosi að undirstrika nauðsyn þess að fylgi Samfylkingarinnar aukist. „En fyrsta sætið verður oddvitasætið.“

Guðríður setur velferðarmál og fjölskyldumál á oddinn. „Kópavogur hefur verið að byggjast upp undanfarin ár, fólki hefur verið hrúgað í bæinn og nú er kominn tími til að byggja upp innviðina og hlúa að fólkinu.“ Hún vill fá stöðugleika í starfsmannahald á leikskólum. Störfin verði að launa þannig að fólk fáist í þau.

Málefni eldri borgara hafa verið í umræðunni. „Við erum með hóp af fólki sem er hætt að vinna og hefur mikinn frítíma. Þetta fólk þarf aukið viðeigandi tómstundastarf. Það þarf líka að tryggja hjúkrunarrými og heimahjúkrun svo fólk geti verið lengur heima,“ segir hún. Skipulagsmálin brenna á mörgum og segir Guðríður það vera bráðnauðsynlegt að Samfylkingin komist í meirihluta til að geta staðið vörð um útivistarsvæðin í bænum.

Jón Júlíusson sækist eftir 1. sæti:

## Með brennandi áhuga á pólitík



**JÓN JÚLÍUSSON**

Jón Júlíusson er íþróttafulltrúi Kópavogsbæjar og hefur verið í 18 ár. Hann hefur ekki tekið þátt í flokkspólitísku starfi fram til þessa en segist nú tilbúinn að takast á við slík verkefni fái hann til þess stuðning. „Ég tel mig hafa lagt mitt af mörkum á sviði míns málaflokks og hef alltaf haft brennandi áhuga á pólitík. Mér finnst kominn tími til að skipta um vettvang og skella mér hinum megin við borðið í ákvarðanatökuna og nýta þá reynslu sem ég hef í það,“ segir hann. Með því að bjóða sig fram í efsta sæti Samfylkingarinnar segist Jón jafnframt vera að sækjast eftir því að verða leiðtogi flokksins þó svo að hann hafi ekki áður starfað innan Samfylkingarinnar í Kópavogi. „Ég geri það af heilum hug og hef góða reynslu af forystustörfum sem formaður starfsmannafélags Kópavogsbæjar um langt árabil,“ segir hann. Í kosningabaráttunni leggur Jón megináherslu á að stjórn fjármála bæjarins verði sem styrkust. „Það verður hins vegar að verja meira fé til þjónustu, standa betri vörð um leikskólann og æskylýðs- og íþróttastarfið auk þess sem það þarf að gera átak í málefnum eldri borgara,“ segir Jón Júlíusson.

Hafsteinn Karlsson sækist eftir 2. sæti:

## Jöfn tækifæri og breyttar reglur í lóðaúthlutunum



**HAFSTEINN KARLSSON**

Hafsteinn Karlsson, skólastjóri og bæjarfulltrúi, sækist eftir öðru sæti í prófkjörinu. Hafsteinn vill jafna kjör ungs fólks með börn í leikskólum, grunnskólum og íþróttastarfi og vill að öll börn hafi jöfn tækifæri til að stunda íþróttir, tónlistarnám og önnur áhugamál óháð efnahag. Hann vill líka að tónlistarnám verði í meiri tengslum við grunnskólana.

Hafsteinn vill að úthlutunarreglum bæjarins við lóðaúthlutanir verði breytt þar sem umsækjendur verði metnir hæfir eða ekki og síðan dregið milli þeirra hæfu. Einnig að teknar verði frá lóðir fyrir þá sem þurfa af sérstökum ástæðum að fá lóð, til dæmis vegna fötlunar.

Hafsteinn vill nýja sókn með meiri fjölbreytni í námsframboði skóla, eflingu list- og verkgreina, meiri áherslu á raunvísindakennslu frá sex ára aldri, að hreyfing og íþróttir fái meira vægi, að tungumálakennsla hefjist fyrr og að nemendur fái aukið val á öllum stigum grunnskólans.

Ingibjörg Hinriksdóttir sækist eftir 2. sæti:

## Íbúum Kópavogs sé betur sinnt af bæjaryfirvöldum



**INGIBJÖRG HINRIKSDÓTTIR**

Ingibjörg Hinriksdóttir, þjónustufulltrúi hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sækist eftir öðru sæti á lista Samfylkingarinnar. „Mér finnst ég vera á þeim tímapunkti í lífinu að ég eigi að leggja meira af mörkum fyrir bæjarfélagið mitt,“ segir hún.

Ingibjörg hefur nokkra reynslu af pólitískum störfum í Alþýðuflokknum á sínum tíma en hefur einnig langa reynslu af félagsstörfum og hefur setið í stjórn KSÍ síðustu fjögur ár. Og hún vill sjá breytingar í Kópavogi. „Mér finnst bæjaryfirvöld hér síðustu 16 ár ekki hafa sýnt íbúum bæjarins tilhlýðilega virðingu né sinnt því að þjónusta þá nægjanlega vel.“

Hún gagnrýnir þá áherslu sem lögð hefur verið á útþenslu bæjarins. „Þetta er ágætt upp að ákveðnu marki en ég held að það sé kominn tími til að hægja aðeins á og sinna þeim íbúum sem búa hérna,“ segir Ingibjörg Hinriksdóttir.



Sumarbæklingur Úrvals-Útsýnar
Sumarsól 2006
er kominn!
Þúsundur Íslendinga hafa þegar bókað bestu utanlandsferðirnar - vinsælir gististaðir að seljast upp!
Sumarfríið er dýrmætt – Bókaðu strax!
BESTU UTANLANDSFERÐIRNAR
að dómi þátttakenda í skoðanakönnun Gallup í október 2005
Nýjung!
Tenerife
PARQUE SANTIAGO
15. júní í viku
39.900*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/1 svefnherbergi.
Nýjung!
Tyrkland
ANASTASIA
27. júní í viku
44.900*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/1 svefnherbergi.
Krít
HELIOS
26. júní í viku
53.900*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/1 svefnherbergi.
Portúgal
VILA ALBA
30. maí í viku
44.900*
á mann m.v. 2 fullorðna og 3 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/2 svefnherbergjum.
Mallorca
ALBIR
21. júní í viku
44.500*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/2 svefnherbergjum.
Mallorca
CALA MILLOR PARK
20. júní í viku
39.900*
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2ja-11 ára, í íbúð m/1 svefnherbergi.
*Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.
Bókaðu strax á www.urvalutsyn.is
VISA
Færð þú MasterCard ferðaávísun?
EFLING
Nánari upplýsingar um ferðir ásamt lýsingum á hótelum er að finna á www.urvalutsyn.is
Úrval-Útsýn, Lágmúla 4: 585 4000 – Akureyri: 460 0600 – Vestmannaeyjum: 481 1450
ÚRVAL·ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS URV 31106 02/2006



**landslag**
*fólkið í landinu*

**ATVINNUREKANDINN:** LEIKSKÓLINN SKÝJABORG

## *Leikskólinn lokkar að íbúa*

Börnin setja mestan svip á Melahverfi enda fara hinir fullorðnu annað í sínum erindagjörðum meðan börnin sýsla í og við hverfið. Það er því vel við hæfi að eini atvinnureksturinn í hverfinu skuli vera leikskólinn Skýjaborg. Þó hafa þær hugmyndir verið viðraðar að tími sé kominn til að opna kaffihús eða aðra starfsemi en ekki er þó útlit fyrir slíkt í bráð. Sigurður Sigurjónsson leikskólastjóri á sjálfur eitt af þeim 26 börnum sem eru í Skýjaborg. Honum þykir miklu máli skipta að snáðinn alist upp í þessari fámennu byggð í sveitinni. Sjálfur á Sigurður,



sem er gamall Skagamaður, minningar úr þessari sveit en foreldrar hans áttu sumarbústað í grennd við Melahverfi. Þegar Hlynur Sigurbjörnsson, íbúi í Melahverfi, var spurður að því hvað einkenndi íbúana sagði hann að það væri einna helst það að allflestir sem þangað hefðu flutt væru barnafólk. Einnig sögðu flestir þeirra sem blaðamaður ræddi við að leikskólinn og svo Heiðarskóli, sem er grunnskóli þar í grenndinni, væru ein af ástæðum þess að þeir fluttu í Melahverfi. Það er því ljóst að þungar byrðar hvíla á herðum Sigurðar og hans liði líkt og verða vill um þá sem vinna hjá eina atvinnurekandanum í bænum.

Sigurður í Skýjaborg

**STAÐURINN**

**TÖLUR OG STAÐREYNDIR**



### *Melahverfi*

**Fjöldi íbúa í desember 2005:** 95.

**Sveitarfélag:** Skilmannahreppur.

**Oddviti:** Sigurður Sverrir Jónsson.

**Fjöldi íbúa í hreppnum í desember 2005**: 214.

**Fjöldi íbúa í hreppnum í desember 1991:** 144.

**Skólar:**
Leikskólinn Skýjaborg.
Grunnskólabörn fara í Heiðarskóla í Leirár- og Melahreppi.

**Fjarlægð frá Reykjavík:** 51 kílómetri.

# Börnin mynda bæjarbraginn

**Það er þungbúið yfir Melahverfi sem lætur lítið yfir sér við þjóðveginn í Skilmannahreppi þegar Jón Sigurður Eyjólfsson rennir þar í hlað með skrifblokkina sína. Fátt gefur þó til kynna að hann fái eitthvað til að hripa í hana því viðmælendur eru hvergi sjáanlegir. En þó er ekki allt sem sýnist í þessu rólega hverfi.**



**SÆUNN HÓLMARSDÓTTIR OG BYLGJA HAFÞÓRSDÓTTIR MEÐ HUNDINN BRÚNÓ** Mæðgurnar eru alsælar í Melahverfi ekki síður en Brúnó sem til allrar lukku er ekki stór því hann getur verið viðskotaillur ef óþekkta tvífætlinga ber að garði.

Melahverfi er eini þéttbýliskjarninn í Skilmannahreppi en þar búa um 94 af 214 íbúum hreppsins. Eini atvinnureksturinn í hverfinu er leikskólinn Skýjaborg og því er þar rólegt um að litast á hefðbundnum vinnutíma þar sem íbúarnir leggja land undir fót til að komast til vinnu. Sumir vinna í stóriðjunni á Grundartanga sem er steinsnar frá, aðrir á Akranesi og enn aðrir láta sig hafa það að aka daglega til vinnu í höfuðborginni. Börn á grunnskólaaldri fara í Heiðarskóla sem er stutt frá en oddvitinn ekur þeim til og frá á skólabílnum sínum.

### Falið þorp í alfaraleið

„Það er alveg undarlegt hvað það eru fáir sem vita af þessum stað,“ segir Bylgja Hafþórsdóttir, íbúi í Melahverfi, sem blaðamaður var svo heppinn að hafa upp á. „Þegar við segjum að við búum í Melahverfi eða Hagamel eins og þetta er oft kallað kemur fólk alveg af fjöllum jafnvel þótt það hafi keyrt hundrað sinnum hérna fram hjá. En það er mjög gott að búa hér. Við erum frá Siglufirði og vildum vera nálægt borginni enda vinnur maðurinn minn þar en þó vildum við ekki búa í borginni. Svo er grunnskólinn rosalega góður hérna og það réði miklu um það að við fluttumst hingað,“ segir hún.

„Passaðu þig því nú verða rosalega læti því ég ætla að hleypa hundinum út,“ segir hún skyndilega áður en hún opnar fyrir hundinum Brúnó. Blaðamaður verður skelkaður enda kann hann því illa þegar stórir og grimmir hundar láta til sín taka. Honum léttir því stórum þegar hundur sem hæglega kæmist fyrir í skókassa vappar út og gefur til kynna með skæru gelti að ókunnir tvífætlingar séu ekki velkomnir á lóðinni.

### Rólegir foreldrar en fjörug börn

Þeir íbúar sem blaðamaður ræddi við voru flestir sammála um það að bæjarbragurinn væri ekki líflegur í Melahverfi, enda kæmi fólkið úr öllum áttum og hver háir sína lífsbaráttu fjarri hinum.

Einnig er engum samkomustöðum fyrir að fara ef frá er talið svokallað stjórnsýsluhús þar sem hreppsnefndin kemur saman. „Við reyndum aðeins að hrista liðið saman síðasta sumar og boðuðum til sameiginlegrar grillveislu en veðrið setti strik í reikninginn,“ segir Hlynur Sigurbjörnsson en hann hefur búið í Melahverfi í tæp þrjú ár.

En þar með er ekki öll sagan sögð því þó þeir fullorðnu fari á mis við smábæjarbraginn þá horfir það öðruvísi við börnunum.

„Það eru margir krakkar í Melahverfi og þeir eru nokkuð duglegir að leika sér,“ segir Hlynur. „Það er bankað upp á og spurt eftir krökkunum til að koma í útileiki sem maður hélt satt að segja að viðgengjust ekki lengur.“

Sigurður Sigurjónsson leikskólastjóri segir sín börn una sér vel úti við með félögum sínum og hann þurfi litlar áhyggjur af þeim að hafa þó þau séu úti við flestum stundum. Sæunn Hólmarsdóttir, tólf ára dóttir Bylgju, segir þetta alveg rétt og unir hag sínum hið besta. Hún segir krakkana mjög samheldna í hverfinu.



**SIGURÐUR SVERRIR JÓNSSON ODDVITI** Skilmannahreppur var með fátækustu hreppum landsins áður en stóriðjan kom til sögunnar en nú getur hreppurinn boðið íbúum sínum gull og græna skóga.

### Oddvitinn man tímana tvenna

Margt hefur breyst í hreppnum frá því að Sigurður Sverrir Jónsson oddviti lék sér ungur að stráum í Stóra-Lambhaga þar sem hann býr enn. Fyrst kom Járnblendiverksmiðjan í þennan fátæka hrepp, svo álverið, sem er hálft innan hreppamarkanna, og jafnt og þétt fór fólk að flytja í hreppinn frá þéttbýlli svæðum.

Nú er svo komið að hreppurinn er betur settur en flestir aðrir enda er útsvarið lágt, þjónustugjöld nær engin og ofan á allt saman fá íbúar 200 fríar ferðir í Hvalfjarðargöngin og ókeypis netaðgang hjá eMax. Samt sem áður hafa íbúar samþykkt sameiningu við Hvalfjarðarstrandarhrepp, Innri-Akraneshrepp og Leirár- og Melahrepp. Hún tekur gildi í vor.

„Vissulega hefur mannlífið breyst hérna,“ segir oddvitinn. „Hér áður var haldið þorrablót í hverjum hreppi fyrir sig af þessum fjórum sem nú eru að sameinast og þau voru gríðarlega vel sótt. Eins voru haldin hér böll sem jafnan voru vel sótt. Nú er ekki grundvöllur fyrir því að halda þorrablót í hverjum hreppi fyrir sig því að aðsóknin er ekki næg. Ekki það að menn hér fari ekki á þorrablót heldur fara þeir á sín þorrablót þar sem þeir vinna. Og böllin heyra sögunni til. Þetta hefur breyst úr því að vera sveitasamfélag í það að vera samfélag útivinnandi fólks.“

Hann segir að vissulega sé hugarfar sveitunga og aðkomumanna að mörgu leyti ólíkt. „Það var lögð fram tillaga í hreppsnefnd frá aðkomumanni um að gera göngustíg um Melahverfi, göng undir Vesturlandsveg og brú yfir Urriðaá og yfir í skógræktina við Fannarhlíð. Þetta er alls ekki slæm hugmynd en gömlum sveitungi hér hefði ekki komið til hugar að stinga upp á svona dýrum framkvæmdum í þessu litla sveitarfélagi,“ segir oddvitinn og brosir í kampinn. ■

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að **hringja í síma 550 5000** til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ


Nettó slær öllu við
-með betra verði
Sjóbleikja
35%
afsláttur við kassa
Sjóbleikja Fiskspecial
bringu-tilboð
íslenskar!
30%
afsláttur við kassa
Kjúklingabringur frá Matfugli
hvítlauks-kryddað!
40%
afsláttur við kassa
Hvítlauksmarinerað lambalæri
1. flokks stór humar
2.990
kr.pokinn
Humar 1. flokks stór 2kg.
hvergi betra verð!
Mr Noodles
159
kr/kg
Jarðarber
Grand
59
kr.pk
Grand epla- og appelsínusafi
59
kr/stk
Mr. Noodle núðlur
99
kr/kg
Vatnsmelónur
Hönnun: HÉR & NÚ / SÍA
Umbrot: Auglýsingastofa Víkurfrétta
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Gildistími frá 3. - 5. febrúar eða meðan birgðir endast.
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto

# BÚBÓT Í FJARÐA

FK
FJARÐARKAUP



**FK JURTAKRYDDAÐ LAMBALÆRI**
998kr.kg



**FERSKUR KJÚKLINGUR**
frá matfugli
489kr.kg




FK VANILLU- EÐA SÚKKULAÐIÍS 1l.
**99** kr. stk.



**BLANDAÐ HAKK**
frá kjöthúsinu
698kr.kg



**20%** afsláttur við kassann
SKÓLAOSTUR
kílópakkning
**814** kr.kg.
merkt verð: 1018 kr.kg.




ARIEL REGULAR OG ARIEL COLOR 3.3kg
**798** kr.pakkinn




2 FYRIR 1
FINDUS OXPYTT
2 x 550gr.
**398** kr.




CHARMIN WC PAPPÍR
8 rúllur
**398** kr.pakkinn

BOUNTY ELDHÚSPAPPÍR
3 rúllur
**398** kr.pakkinn




**KAUPAUKI**
kaupir þú tvo pakka af **KELLOG´S SPECIAL K** 750gr. færðu 3ja vikna kort í **HREYFINGU** í kaupauka

# VELKOMIN Í FJARÐARKAUP

# RKAUPUM

**gildir til laugardagins 4.feb**
**eða á meðan birgðir endast**



**FOLALDAGÚLLAS**
úr kjötborði
**998kr.kg.**



**SVÍNAKÓTILETTUR**
úr kjötborði
**798kr.kg**



LAMBALÆRI
FROSIÐ
**898** kr.kg.




COKE & COKE LIGHT
0.33l.
**49** kr. dósin



**SVÍNALUNDIR**
úr kjötborði
**1598kr.kg**






CRAWFORD KEX
SÚKKULAÐI OG VANILLU
500gr.
**198** kr. pakkinn



JÓNAGOLD
EPLI
**89** kr.kg.

APPELSÍNUR
**89** kr.kg.



ICEBERG
SALAT
**98** kr.kg.




FARM FRITES
FRANSKAR 750gr.
**99** kr.




FK BRAUÐ
770gr.
**99** kr.



JARÐABER
250gr.
**198** kr.

**FK**
**FJARÐARKAUP**

Opið mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00, fimmtudaga 09:00 - 18:30,
föstudaga 09:00 - 19:00 og laugardaga 10:00 - 16:00, lokað sunnudag

einstök

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 6.378 **+0,96%** **Fjöldi viðskipta:** 620 **Velta:** 10.364 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Íslandsbanki** | +1,55% | **Avion** | -2,89% |
| **KB banki** | +1,43% | **Nýherji** | -2,11% |
| **Atlantic Petroleum** | +1,41% | **Össur** | -1,43% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 54,40 +1,10% ... Atorka 6,20 -0,80% ... Bakkavör 54,20 -0,60% ... Dagsbrún 5,60 +0,00% ... FL Group 22,30 +1,40% ... Flaga 3,88 -0,30% ... Íslandsbanki 19,70 +1,60% ... KB banki 923,00 +1,40% ... Kögun 63,10 +0,00% ... Landsbankinn 27,50 +0,40% ... Marel 69,50 -0,60% ... Mosaic Fashions 17,70 +0,00% ... SÍF 4,02 +0,50% ... Straumur-Burðarás 19,90 +1,00% ... Össur 103,50 -1,40%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Gáfu út skuldabréf í Sviss

Íslandsbanki fékk sambærileg kjör í útboði verðbréfa í Sviss á miðvikudag og hann hefur notið áður. Í nýjum skýrslum greiningarfyrirtækjanna Barclays Credit Research og Credit Sights er nokkuð gert úr meintum vandkvæðum íslensku bankanna við að afla fjár í Evrópu.


**INGVAR H. RAGNARSSON** Forstöðumaður Alþjóðlegrar fjármögnunar Íslandsbanka.

„Það er ljóst að neikvæð skrif hafa ekki haft áhrif á þessa fjárfesta," segir Ingvar H. Ragnarsson, forstöðumaður Alþjóðlegrar fjármögnunar Íslandsbanka, en segir um leið hægt að gefa sér að áhrif skrifanna á fjárfesta séu einhver. „Útgáfan styrkir okkur hins vegar í bjartsýni á þetta ár og mjög jákvætt að við séum búin að loka þessari útgáfu, svona í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur að undanförnu." Gefin voru út skuldabréf fyrir 250 milljónir svissneskra franka, eða sem nemur um 12,25 milljörðum íslenskra króna.

„Þetta var okkar fyrsta opinbera útgáfa útgáfa á þessu ári og sú fimmta í Sviss síðan við byrjuðum þar í árslok 2004," segir Ingvar og telur kjörin í útboðinu hafa verið í takt við útgáfu bankans í Sviss á síðasta ári. Ingvar segir vel heppnaða skuldabréfaútgáfu nú styðja við þá stefnu bankans að mikilvægt sé að hafa aðgang að sem flestum mörkuðum. „Við lítum á heiminn sem okkar markaðssvæði. Við bútum Evrópu niður í nokkur svæði og hefur orðið mjög ágengt að selja til fjárfesta í Bretlandi, Ítalíu og Frakklandi á undanförnum árum." **- óká**

## MARKAÐSPUNKTAR...

Þór Kristjánsson hefur sagt sig úr stjórn Straums-Burðaráss að því gefnu að hann verði kjörinn í bankaráð Landsbanka Íslands.

Sænska ferðaskrifstofan Ticket sýnir tap upp á fimm milljónir á fjórða ársfjórðungi en hún tapaði 19,5 milljónum á sama ársfjórðungi í fyrra.

Sameining þriggja stórra fyrirtækja í laxeldi, Pan Fish, Fjord Seafood og Marine Harvest, er mögulega í farvatninu.




# Carnegie stærst í Noregi

Carnegie var umsvifamesti viðskiptaaðilinn í Norsku kauphöllinni í janúar samkvæmt tölum frá kauphöllinni.

Hlutdeild sænska bankans, sem er að fimmtungshluta í eigu Landsbankans, var 11,21 prósent af allri veltu og fer hann þar með upp fyrir DnB Nor sem var stærst í desember.

Á lista yfir þau tíu verðbréfafyrirtæki, sem voru umsvifamest á hlutabréfamarkaði, er ekki að finna nafn KB banka. **- eþa**

# Tíu milljarða vöruskiptahalli

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Hagstofu Íslands var vöruskiptahallinn í janúar rúmir 10 milljarðar króna samanborið við 5 milljarða í fyrra. Innflutningur í janúar var 25,5 milljarðar króna sem er rúmlega þriðjungsaukning frá því í janúar í fyrra. Greining Íslandsbanka geirr ráð fyrir að aukningin stafi bæði af vexti í innflutningi fjárfestingarvara og neysluvara eins og undanfarna mánuði.

Útflutningur í janúar nam 15,4 milljörðum sem er tæplega 11 prósenta aukning frá því í janúar 2005. Vöruskiptahallinn mun að öllum líkindum haldast mikill á meðan gengi krónu helst hátt og eftirspurn í hagkerfinu verður eins mikil og nú. **- hhs**


**FORSETI ÍSLANDS OG FORSTJÓRI ACTAVIS** Ólafur ragnar grímsson afhendir Róbert Wessman þekkingarverðlaunin.

# Actavis best í stefnumótun

Actavis hlaut þekkingarverðlaun Félags viðskipta- og hagfræðinga sem voru veitt í fjórða sinn í gær. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, afhenti Róbert Wessman, forstjóra fyrirtækisins, verðlaunin. Þema þekkingardagsins 2006 var „stefnumótun" og stóð val dómnefndar milli Actavis, Avion Group og Bakkavarar, sem þóttu öll hafa náð miklum árangri innanlands sem utan og sýnt að stefnumótun hafi nýst fyrirtækjunum til framdráttar.

FVH valdi jafnframt viðskiptafræðing ársins og féll sú viðurkenning að þessu sinni í skaut Hreiðars Más Sigurðssonar, forstjóra KB banka. **- hhs**




**100% Akrílmálning – 100% gæði**

# Aðeins hágæða málning frá Múrbúðinni

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA- VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

MÚRBÚÐIN
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Æ fleiri skip með heimahöfn erlendis.

## Kaupskipin verði áfram skráð hér

Kaupskipaútgerðin hér á landi er í harði samkeppni við erlend skipafélög bæði um flutninga til og frá landinu og ekki síður á alþjóðlegum markaði. Þetta hefur leitt til þess að skip í eigu íslensku félaganna hafa í síauknum mæli siglt undir fánum erlendra ríkja, svokölluðum hentifánum, en með því móti segja skipafélögin að rekstrargrundvöllurinn verði hagstæðari. Sífellt fleiri útlendingar frá láglaunalöndum hafa verið munstraðir á skipin í stað Íslendinga, þrátt fyrir öfluga baráttu sjómannasamtakanna gegn þessari þróun.

*Við erum eyþjóð og eigum nær allt okkar undir sjóflutningum með helstu aðdrætti til landsins. Þess vegna brennur þetta mál heitar á okkur en meginlandsþjóðum, sem eiga margra kosta völ við flutninga á helstu nauðsynjum fyrir íbúa landa sinna...*

Nú bendir allt til þess ekkert af skipum stóru skipafélaganna tveggja, Eimskips og Samskipa, verði skráð hér á landi, sem er slæm þróun í sögu sjóflutninga hér á landi. Það er ekkert nýtt að sjómenn frá láglaunalöndum séu áberandi á skipum í alþjóðasiglingum. Sumir þeirra hafa verið þar um borð á skammarlega lágum kjörum, og auðvitað aðallega verið þar í skítverkunum. Yfirmennirnir hafa hins vegar sprangað um í brúnni borðalagðir og notið lífsins í yfirmannamessanum. Þrátt fyrir öflug samtök flutningaverkamanna hefur gengið erfiðlega að snúa þessari þróun við, því alltaf öðru hverju hafa komið upp mál þar sem komið hefur í ljós að hásetar og lægra settir í áhöfnum hentifánaskipa búa við lakan kost.

Sum nágrannalanda okkar hafa tekið þessi mál alvarlegum tökum og reynt eftir megni að leysa þau. Þetta virðist hafa tekist í Færeyjum og þá er von að spurt sé hvers vegna ekki sé hægt að leysa þetta mál á sama hátt hér. Eru það staðnaðir og stirðir embættismenn í ráðuneytum sem koma í veg fyrir að hægt sé að gera breytingar á lögum og reglum til að greiða fyrir þessu máli, eða vantar pólitískan vilja til þess?

Við erum eyþjóð og eigum nær allt okkar undir sjóflutningum með helstu aðdrætti til landins. Þess vegna brennur þetta mál heitar á okkur en meginlandsþjóðum, sem eiga margra kosta völ við flutninga á helstu nauðsynjum fyrir íbúa landa sinna, að ekki sé minnst á flutninga á eldsneyti og hráefnum til iðnaðar og uppbyggingar.

Guðmundur Hallvarðsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks og til marga ára forystumaður sjómanna, hefur margoft bent á þetta mál, og nú síðast á Alþingi í vikunni. Samflokksmaður hans og ráðherra, Árni Mathiesen, hefur sagt að þessi mál hafi verið í athugun, en það er ekki nóg. Það verður að bregðast fljótt við svo kaupskipaflotinn verði ekki allur skráður erlendis. Það ætti að vera stolt okkar Íslendinga sem eyþjóðar að kaupskipafloti okkar sé skráður hér og í því ætti að felast visst öryggi fyrir land og þjóð komi upp sú staða að truflanir verði á siglingum til og frá landinu.

Íslenska fánann í skut hvers kaupskips! ■




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Er hann að skipta um flokk?**
Margt er skrafað og skeggrætt á kaffistofum, einnig á Alþingi.
Þannig varð mönnum tíðrætt um atlögu Kristins H. Gunnarssonar að forystu Framsóknarflokksins á dögunum þegar hann hélt því blákalt fram að Halldór Ásgrímsson, formaður flokksins, og helstu fylgismenn hans stunduðu „handleiðslu að ofan“. Þegar svo Kristinn sást ræða einslega við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, formann Samfylkingarinnar, áberandi lengi fyrr í vikunni yfir kaffibolla, voru menn fullvissir: Kristinn var að skipta um lið, ganga í Samfylkinguna. Þóttust meira að segja gárungarnir í þingmannahópnum hafa heyrt á þingflokksformanni Framsóknarflokksins að hann væri reiðubúinn að borga eitthvað með Kristni.



**Ósýnileg áhrif**
Stjórnarandstaðan á Alþingi og þingmenn Framsóknarflokksins margir hverjir undrast blússandi siglingu Sjálfstæðisflokksins, ekki aðeins í fylgiskönnunum heldur einnig á öðrum sviðum þjóðlífsins. Framsóknarmaður í forystusveitinni hélt því fram að Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins, væri orðinn háheilagur og ósýnilegur? Horfir hann eins og ofan af himnum ofan á brölt þjóðarinnar og heldur í alla spotta, spurði hann og minntist þess að því meiri sem völd manna yrðu því minna færi fyrir þeim í opinberu lífi. Var það ekki þannig með Wallenberg sem átti Svíþjóð í eina tíð? Hann sagði helst ekkert opinberlega og sást varla opinberlega.
Þrautreyndur stjórnarandstæðingur glotti og sagði: Sjallarnir toppa of snemma. Það er ekki góðs viti að gera það 16 mánuðum fyrir þingkosningarnar. En gallinn er sá að þeir eru ekkert sérstaklega að reyna að toppa núna. Hvar er til dæmis formaður Sjálfstæðisflokksins?



johannh@frettabladid.is

# Stærri sneiðar af stærri köku

Í DAG
KJÖR ALMENNINGS



HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON

*Hagvöxturinn er hinn mikli sáttasemjari mannlífsins. Í frjálsu hagkerfi er bakaríið í fullum gangi.*

Um áramótin urðu nær allir, sem tóku til máls opinberlega, til þess að hneykslast á úrskurði Kjaradóms um laun ráðherra, þingmanna og ýmissa annarra valdsmanna annars vegar og launasamningum ýmissa forstjóra hins vegar. Í framhaldinu var gripið til aðgerða í því skyni að ónýta úrskurð Kjaradóms. Þessi viðbrögð eru vanhugsuð.
Ráðherrar og annað fólk í sambærilegum stöðum eiga að hafa sæmileg laun. Það tryggir sjálfstæði þeirra og minnkar með því hættuna á spillingu. Á atvinnulífið að njóta allra bestu starfskraftanna, af því að það getur boðið miklu hærri laun? Hægur vandi var fyrir þá stjórnmálamenn, sem vildu, að hafna sjálfir launahækkunum sínum, og hefðu þeir eflaust notið þess í prófkjörum og kosningum síðar meir, ef umbjóðendur þeirra deildu með þeim skoðunum. Jóhanna og Ögmundur mega vera láglaunamenn fyrir sjálfa sig, en ekki aðra. Það er síðan samningsatriði milli stjórna fyrirtækja og forstjóra þeirra, hvaða laun þeir fá, en þyki hluthöfum þau of há, þá geta þeir geta ekki aðeins látið í ljós óánægju sína í fjölmiðlum eða á aðalfundum félaganna, heldur líka selt bréf sín. Sjálfur sé ég ekki eftir fimm milljónum á mánuði til forstjóra, ef hann skapar hluthöfum fyrirtækisins fimmtán milljónir á sama tíma (en þá verður hann líka að gera það!) Raunar eru forstjóralaun lægri á Íslandi en víðast annars staðar.
Í þessum umræðum minntust fáir á aðalatriði málsins. Síðasta áratug hafa kjör almennings á Íslandi, eins og þau mælast í kaupmætti, snarbatnað, um rúmlega þriðjung. Það er stórkostlegur árangur, og hann má ekki rekja til tímabundins stríðsgróða eða einhverrar skyndilegrar aflahrotu, eins og oft á árum áður, heldur til breytinganna á hagkerfinu upp úr 1991, þegar það varð frjálsara og skilvirkara. Umræðurnar um úrskurð Kjaradóms og ofurlaun forstjóra sýna hins vegar, að enn eiga sumir erfitt með að sætta sig við ójafna tekjuskiptingu, þótt hún kunni að vera í senn forsenda og afleiðing hagvaxtarins.
Skýrum þetta með því að hugsa okkur þjóðarkökuna, eins og hún liggi á borði fyrir framan okkur. Þá sjáum við, að sneið eins aðila getur stækkað á langveginn fremur en þverveginn. Hún getur stækkað, af því að kakan stækki, en ekki af því að sneið neins annars aðila minnki. Sá er munurinn á kjarabótum okkar frjálshyggjumanna annars vegar og félagshyggjufólks eins og Jóhönnu og Ögmundur hins vegar. Við viljum, að sneiðar allra stækki, af því að kakan stækkar. En þótt þau tali fjálglega um láglaunafólk, hafa þau mestar áhyggjur af því, að sneiðir sumra stækki meira en annarra, þótt allar stækki. Þau eru ekki með láglaunafólki, heldur á móti hálaunafólki.
Það þarf ekki að fara mörgum orðum um, hvor aðferðin sé líklegri til að skapa raunverulegan frið, að stækka sneiðarnar af kökunni með því að stækka kökuna sjálfa eða reyna að stækka sneiðar sumra með því að minnka sneiðar annarra (sem taka því auðvitað ekki mótmælalaust, auk þess sem millifærslan sjálf er síður en svo ókeypis). Hagvöxturinn er hinn mikli sáttasemjari mannlífsins. Í frjálsu hagkerfi er bakaríið í fullum gangi.
Málið má nálgast frá sjónarmiði láglaunafólks. Hvort er það betur sett með vitneskju um, að hlutfall þess af þjóðartekjum hafi hækkað, jafnvel þótt kakan hafi ekki stækkað eins mikið og ella, eða með stærri sneið af stærri köku, um leið og kjör annarra hafa vissulega batnað enn frekar í vaxandi atvinnulífi? Félagshyggjufólk eins og Jóhanna og Ögmundur virðast einblína á hlutfallið, en við frjálshyggjumenn horfum á hin raunverulegu kjör. Láglaunafólk er best komið með því að hætta að vera láglaunafólk eða með öðrum orðum með því, að öll laun hækki, eins og gerst hefur á Íslandi síðasta áratug. Ofurlaun eru gárur á yfirborði. Undir niðri er þungur og mikill straumur fjár til alls almennings í krafti framfara. ■

## EFST Á BAUGI

MYNDBIRTINGAR JÓTLANDSPÓSTSINS:

### Eiga Danir að biðja múslima afsökunar?

Jón Magnússon,lögmaður



### Verjum tjáningarfrelsið

Nei, þeir eiga ekki að gera það. Þegar reynt er að láta ríkisstjórn biðjast afsökunar á einhverju sem er lögvarið í stjórnarskrá viðkomandi ríkis, er það aðför að tjáningarfrelsi þess. Það eru til hatursákvæði í stjórnarskrá ýmissa ríkja, þar á meðal okkar, og snúa að því að ekki megi meiða eða særa einhvern sem ekki getur borið hönd fyrir höfuð sér. Það er spurning hversu langt er hægt að teygja þá skilgreiningu. Til dæmis finnst mér menn komnir út fyrir þau mörk sem sett hafa verið í hugmyndafræðina um tjáningarfrelsi, ef þessi hatursákvæði eru látin gilda um þjóðfélagsumræðuna, burtséð frá hversu kjánaleg hún kann að vera.

Þetta mál snýst um það að ekki megi birta myndir af Múhameð spámanni. Sá sem ekki er múslimi á ekki að þurfa að taka tillit til þess. Ég get ekki beitt mér til að einhverjum sé refsað fyrir að vanvirða Jesú Krist þótt það kunni að misbjóða mér sem kristnum manni. Það á ekki að beita valdi til að koma í veg fyrir að fólk hafi skoðanir. Við eigum að hugsa til orða franska heimspekingsins Voltaire: Ég er kannski ekki sammála skoðunum þínum, en skal með lífi mínu verja rétt þinn til að halda þeim fram.

Hlynur Hallsson, myndlistarmaður og varaþingmaður



### Aðgát skal höfð...

Eins og með flest eru fleiri en ein hlið á þessu máli og ekkert svart og hvítt í þeim efnum. Í fyrsta lagi þarf maður að bera virðingu fyrir skoðunum annarra, en í öðru lagi finnst mér allt í lagi að gera góðlátlegt grín að hverju og hverjum, hvort sem það er forseti, forsætisráðherra, biskup, Guð eða Múhameð. En þetta er flókið mál. Það eru nokkrir mánuðir síðan Jótlandspósturinn birti þessar myndir og nú er allt orðið vitlaust víða í Miðausturlöndum. Þetta er auðvitað ögrun af hálfu Jótlandspóstsins, þar sem þetta er greinilega mörgum hjartans mál og ljóst að þetta myndi kalla á sterk viðbrögð, þótt menn hafi kannski ekki séð þetta fyrir. Vissulega skal hafa aðgát í nærveru sálar, en mér finnst blaðið þó ekki hafa gengið of langt og þekki það sjálfur að hafa látið allt flakka í skjóli málfrelsis. En hvað sem því líður stendur það alls ekki upp á danska ríkið á bera ábyrgð á þessu uppátæki Jótlandspóstsins. Ég veit ekki betur en blaðið hafi þegar beðist afsökunar og samtök múslima tekið hana til greina. Ég held að það besta sem menn gerðu í þessu máli væri kæla sig aðeins niður.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



## EGGALDIN

Skemmtilegur ávöxtur notaður eins og grænmeti í ýmsa gómsæta rétti, ekki síst þá sem ættaðir eru frá Miðjarðarhafinu.

BLS. 2



## STÍGVÉLATILBOÐ

Í skóverslunninni Iljaskinni við Háaleitisbraut er útsala. Sérstakur afsláttur er þar á stígvélum.

BLS. 4



## ALLT HITT

**[MATUR TILBOÐ]**

**Osta- og smjörsalan** innkallaði þrjár ostategundir úr verslunum vegna gerla sem eru yfir viðmiðunarmörkum. Um er að ræða tegundirnar Búra, Havarti og Krydd-Havarti. Ekki er vitað til að neinn hafi veikst af ostunum.



**Útsölulok** eru í Smáralind fram á sunnudag. Þá stendur yfir götumarkaður með ekta markaðsstemningu þar sem gera má reyfarkaup með allt að 90 prósent afslætti.

**Freisting.is** er stórgóð heimasíða þar sem má finna mikinn fróðleik tengdan mat og víni ásamt fréttum úr heimi matreiðslunnar. Í pistli gærdagsins fjallaði Hinrik Carl Ellertsson um allt milli himins og jarðar sem tengist salti.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er föstudagurinn 3. febrúar, 34. dagur ársins 2006.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.02 | 13.42 | 17.22 |
| Akureyri | 9.59 | 13.26 | 16.55 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

Smáauglýsingasími
**550 5000**
Auglýsingasími Allt
**550 5880**
Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Björk undirbýr eldun á eðalfiskrétti sem uppskrift er að á næstu opnu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fjölskyldan vill fisk og saft

***Björk Vilhelmsdóttir félagsráðgjafi er þessa dagana í prófkjörsslag fyrir Samfylkinguna, en gefur sér þó tíma til að sinna eldamennsku enda matgæðingur mikill.***

„Í minni fjölskyldu leggjum við mikið upp úr að borða fisk og höfum hann á borðum minnst þrisvar í viku," segir Björk og kveðst versla mikið í fiskbúðinni Hafbergi í Gnoðarvoginum enda sé hún í hennar gamla hverfi. „Ég nýti mér dálítið að spyrja kokkana þar hvað ég eigi að elda. Þeir segja mér það og ég hlýði! Þetta þýðir fjölbreyttan og góðan matseðil fyrir fjölskylduna enda eru þeir með gott hráefni og líka tilbúna rétti." Margir lenda í því að börnin á heimilinu mótmæla ef fiskur er oft á borðum en Björk kveðst aldrei hafa lent í því. „Ég held það skipti miklu máli að venja börnin ung á fisk og varast að ofelda hann því þá verður hann þurr."

Þar sem Sveinn Rúnar Hauksson læknir, eiginmaður Bjarkar, er þekktur fyrir áhuga sinn á berjum er Björk spurð hvernig henni gangi að nýta uppskeruna. „Sveinn tínir óskaplega mikið af berjum og ég reyni að gæta þess að þau fari ekki til spillis. Það vinsælasta á okkar heimili er aðalbláberjasaft sem ég útbý á haustin og líka krækiberjasaft sem heimilisfólkið notar út á skyr allan veturinn. Þetta er bara eins og vítamínmixtúra – lífselexír – sem úr fæst síðsumarið og haustið í kroppinn í einni matskeið. Auðvitað eigum við líka ber í frysti til að nota í kökur og pæ til hátíðabrigða, til dæmis þegar gesti ber að garði, og svo er gott að henda nokkrum frosnum berjum út í sósuna með lambasteikinni."

## Útsölulok um allan bæ

LOKAHRINA VETRARÚTSÖLUNNAR STENDUR NÚ YFIR OG VÍÐA MÁ GERA AFAR GÓÐ KAUP.

Sand í Kringlunni býður 70 til 80 prósenta afslátt af öllum vörum í lokaviku útsölunnar.

66°Norður hefur lækkað útsöluverðið enn frekar og er allt að helmingsafsláttur á vörum þeirra.

Tékkkristall í Kringlunni er með góð tilboð fram á sunnudag á sængurfötum, púðum og dúkum.

Belladonna á Laugavegi er með „þrjá fyrir tvo" tilboð á útsöluvörum um helgina.

Hagkaup býður 20 prósenta afslátt af öllum vörum sem tengjast tannhirðu í tilefni tannverndardaga.



Topphúsið er með helmingsafslátt á útsölu sinni.

Í Gallerí húsgögnum er allt að 70 prósenta afsláttur á lokadögum útsölunnar.

Borð fyrir tvo og verslunin Duka í Kringlunni halda götumarkað í tilefni útsöluloka.

Í Verinu er 50 prósenta afsláttur og síðasti dagur útsölunnar er í dag.

Í Noa Noa í Kringlunni er boðið upp á sex verðflokka um helgina á síðustu dögum útsölunnar, frá 500 krónum til 5.000.

**Barnahúsgögn sem stækka**

Barnahúsgögnin okkar bjóða upp á ótal samsetningarmöguleika og sveigjanleika sem gerir þér kleift að nota eitt og sama rúmið allt frá því barnið hættir í grindarrúminu og fram á unglingsár.



3ja ára



6 ára



9 ára



12 ára

www.design.is @ 2006

HÚSGAGNA HEIMILIÐ

Fossaleynir 6 - 112 Reykjavík - Sími: 586 1000 - Fax: 586 1034 - www.husgogn.is

**Kartöflur** eru góðar með flestum mat og þær má elda á ýmsa vegu. Margir geta ekki hugsað sér máltíð án þess að kartöflur séu á borðum.



## TRIVENTO:
# Algjört nammi-vín



Chardonnay-þrúgan er fjölhæf og háð víngerðinni: hér er hún fersk, ung og öll einkenni þrúgunnar varðveitt. Ávöxturinn er nokkuð suðrænn: ananas, ferskjur, melóna, tónar af hunangi. Aðlaðandi og ferskt vín sem á heima á öllum hlaðborðum þar sem það hefur nógan persónuleika til að passa með öllum léttum réttum sem eiga heima þar. En það hentar einnig afar vel með skelfiski, rækjum og hörpudiski, hvítu kjöti og sérstaklega fuglakjöti. Vínrýnir Gestgjafans, Þorri Hringsson, kallaði Trivento Chardonnay „algjört nammi-vín" í lofsamlegri umfjöllun sinni um vínið.

Verð í vínbúðum 990 kr.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Te mánaðarins
Janúar 2006
Vetrardraumur

Vetrardraumur
Glænýtt svart bragðbætt te, sérlega mjúkur og yljandi morgunsopi.
Teið er kryddað með Kanil, eplabitum, möndlum og vanillubitum, gerist ekki betra !
Nú á 10% afslætti í öllum verslunum Te og kaffi.
Kaffihús: Laugavegi 24, Smáralind
Verslanir: Kringlunni - Smáralind, Laugavegi 27 - Suðurveri
TE & KAFFI

# Moussaka og imam bayildi

***Flestir þekkja best dökkvínrauðu eggaldinin sem fást í flestum búðum en til eru margar fleiri tegundir. Talið er að eggaldinið sé upprunnið á Indlandi en hafi borist með aröbum til Miðjarðarhafs.***

Eggaldin er í raun ávöxtur en er notað eins og grænmeti og er aldrei borðað hrátt. Eggaldin hentar vel í matmikla rétti og er oft skorið til helminga og fyllt með góðgæti. Eggaldinin eru sjaldnast afhýdd því hýðið er nokkuð bragðgott. Hins vegar getur hýðið orðið mjög seigt ef það er steikt við of háan hita. Til að losna við mesta beiskjubragðið úr aldinkjötinu er gott að strá salti yfir kjötið og láta standa í sigti til að losna við mesta vökvann.

Eggaldin er að mestu hitaeiningalaust en getur dregið í sig mikla fitu við steikingu, Hýðið er bætiefnaríkasti hluti aldinsins og er ávöxturinn ríkur af B- og C-vítamínum, kalki og járni.



Þekktasti eggaldinrétturinn er gríski þjóðarrétturinn moussaka sem er einnig þekktur í Austurlöndum nær. Imam bayildi er einnig þekktur eggaldinsréttur. Nafnið þýðir „það leið yfir imaminn," en imam er leiðtogi múslima eða klerkur. Tvennum sögum fer af því hvort liðið hafi yfir imaminn vegna þess að rétturinn var svo góður eða hvort orsökin hafi verið dýr hráefniskostnaður.

**MOUSSAKA**
**3 eggaldin, skorin í 1 cm þykkar sneiðar**
**1 msk. salt**
**1 1/2 dl ólífuolía,**
**500 g magurt lamba- og/eða nautahakk,**
**1 stór laukur, saxaður**
**1 dós tómatmauk (425 g)**
**1 msk. hvítvínsedik**
**1 msk. steinselja, söxuð**
**1 msk. mintulauf, söxuð (má sleppa)**
**1/4 tsk. kanill**
**nýmalaður pipar**
**75 g smjör**
**50 g hveiti**
**5 dl mjólk**
**2 egg**
**150 g rifinn ostur (td blanda af óðalsosti og parmesanosti)**
**e.t.v. salt**

Eggaldinsneiðarnar stráðar salti og látnar standa í sigti í klukkustund en þá skolaðar vel og þerraðar með eldhúspappír. Á meðan eru 2 msk. af olíu hitaðar í potti, hakk og laukur sett út í og brúnað við góðan hita í um 10 mínútur. Þá er tómatmauk, edik, steinselja, minta, kanill og pipar sett út í, hitað að suðu og látið malla undir loki í um 20 mínútur. Lokið tekið af og látið malla áfram þar til nær allur vökvi er gufaður upp. Ofninn hitaður í 180 gráður. Smjörið brætt í potti, hveitinu stráð yfir, hrært og látið malla við vægan hita í 1-2 mín en síðan bakað upp með mjólkinni, sem best er að sé heit. Hitað að suðu og látið sjóða í 1-2 mínútur, tekið af hitanum, osturinn settur út í og hrært þar til hann er bráðinn. Kryddað ef vill. Afgangurinn af olíunni hitaður á pönnu og eggaldinsneiðarnar steiktar, nokkrar í einu, þar til þær eru gullnar. Þriðjunginum raðað í eldfast fat, kjötsósa sett ofan á, annað eggaldinlag, meiri kjötsósa og síðan eggaldin. Sósunni hellt yfir, sett í ofninn og bakað í um 45 mín, eða þar til yfirborðið hefur tekið góðan lit. Best er að rétturinn fái að standa í fáeinar mínútur áður en hann er borinn fram.

**IMAM BAYILDI**
**2 meðalstór eggaldin**
**salt**
**2 saxaðir laukar**
**4 msk. ólífuolía**
**2 pressaðir hvítlauksgeirar**
**2 saxaðir tómatar**
**söxuð hálf rauð paprika**
**2 msk. saxaðar furuhnetur**
**1 msk. saxaðar rúsínur**
**1/2 tsk. paprikuduft**
**safi úr einni sítrónu**
**soðið vatn**

Eggaldinin klofin og kjötið hreinsað úr, um hálft sentimetra lag skilið eftir í hýðinu. Aldinkjötið skorið í bita, þeir saltaðir, látnir standa í sigti í klukkustund og svo skolaðir með vatni og þurrkaðir.

Látið laukinn malla í hluta olíunnar, hvítlauknum bætt við og síðan eggaldininu, paprikunni og tómötunum. Sjóðið við vægan hita þar til paprikan verður meyr. Furuhnetunum, rúsínunum, paprikuduftinu og salti bætt við. Hitið ofninn í 180 gráður. Afgangurinn af olíunni er settur í eldfast mót, eggaldinhelmingunum raðað í og fyllingunni skipt á þá. Sítrónusafi kreistur yfir og sjóðandi vatni hellt í formið þar til það nær upp að miðju eggaldinhelminganna. Breiðið álpappír yfir og bakið í um klukkustund.

Rétturinn er borinn fram kaldur.




AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ


## Krydd til heilsubótar

VISSAR KRYDDTEGUNDIR Í MAT AUKA HOLLUSTU HANS.

Krydd bragðbæta ekki einungis matinn heldur geta þau verið beinlínis til heilsubótar í mátulegu magni. Hér er dæmi um sex tegundir sem hafa einkar góða eiginleika.



**KANILL.** Lækkar blóðþrýstinginn.



**OREGANO.** Er bakteríudrepandi.



**CHILÍPIPAR.** Eykur brennslu.



**HVÍTLAUKUR.** Styrkir ónæmiskerfið.



**ENGIFER.** Bætir meltinguna.



**NEGULL.** Dregur úr depurð.



## Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR

### Leyndarmálsfiskur með rauðri chilísósu
**(fiskens spændende hemmelighed)**

Þessi réttur er svo ótrúlega góður að leynd ætti í raun að hvíla yfir uppskriftinni. En það er ekki beinlínis hlutverk matarskríbenta að halda uppskriftum fyrir sig og því opinberast leyndarmálið hér í þessum afmarkaða hópi. Rétturinn er sæt-súr-sterkur. Gjörið svo vel og njótið. En gætið þó varúðar því hann er afar ánetjandi!

Ýsuflök fyrir 4 (roðlaus og beinlaus)
2 egg
2 dl hveiti
1/2 tsk salt
1/2 dl ólífuolía (til steikingar)
Sósa:
3 kúfaðar tsk „Thai roasted chilí" mauk (frá Thai Choice)
3 tsk pálmasykur (fæst í búðum sem selja austurlenska matvöru)
Safi af 1/2 sítrónu
Börkur af 1/2 súraldini
5-6 lítil þurrkuð súraldinlauf („Dried Kaffir lime leaves") sem fást víða



Byrjið á því að leggja súraldinlaufin í bleyti í volgu vatni í u.þ.b. 20 mínútur, takið þau þá upp úr vatninu og þerrið vel. Á meðan laufin liggja í bleyti, útbúið þá sósuna með því að hræra chilímauki, sykri, sítrónusafa, og rifnum súraldinberki vel saman þar til sykurinn leysist upp. Setjið sósuna til hliðar. Blandið hveiti og salti saman á diski og hrærið eggin með gaffli á öðrum. Byrjið svo á að velta ýsubitunum fyrst upp úr hveitiblöndunni, þá upp úr eggjahrærunni og síðan aftur hveitiblöndunni og endið á að velta þeim upp úr eggjahrærunni í annað sinn. Til þess að fiskurinn festist ekki við pönnuna er mikilvægt að hita hana rækilega áður en olían fer á hana. Setjið hjúpuð flökin þá strax varlega út í olíuna og steikið á háum hita í 1-2 mínútur eða þar til flökin hafa brúnast ögn á annarri hliðinni. Snúið flökunum við og steikið áfram í u.þ.b. 1/2 mínútu. Slökkvið þá á hitanum undir pönnunni, smyrjið sósunni jafnt ofan á fiskflökin og stráið súraldinlaufunum yfir allt. Setjið lokið á pönnuna og látið hana standa á hellunni í 2 til 3 mínútur. Berið réttinn fram með soðnum hrísgrjónum og hafið jafnvel gott salat með. Ekki hika við að borða sjálf súraldinlaufin með því þau gefa sérlega góðan keim. *gudrund@hi.is*



Bjarni Óskarsson, eigandi Nings , Kristín Óladóttir, eigandi Borðaðu þig granna ehf. og Íslensku vigtarráðgjafanna, og Hilmar Sigurjónsson framkvæmdastjóri veitingahúsa Nings, við undirritun samningsins.

# Sérstök samsetning heilsurétta

***Nings hefur sölu á nýjum heilsuréttum sem framleiddir eru í samstarfi við Íslensku vigtarráðgjafana.***

Íslensku vigtarráðgjafarnir og veitingahús Nings hafa undirritað samstarfssamning um framleiðslu og dreifingu á tilbúnum réttum sem uppfylla nákvæma staðla Íslensku vigtarráðgjafanna (stundum nefndur danski kúrinn). Samningur þessi gengur út á það að meðlimum ÍV, ásamt öllum öðrum gestum Nings, gefst kostur á að kaupa heita og kalda tilbúna rétti á veitingahúsum Nings, hvort sem er til að borða á staðnum, taka með eða fá senda heim.

Þessir nýju heilsuréttir Nings hafa hlotið nafnið 120/300 vegna samsetningar þeirra, en þeir innihalda flestir 120 grömm af kjöti eða fiski og 300 grömm af grænmeti og í matnum er enginn sykur, ekkert salt og mjög lítil en holl olía er notuð við matreiðsluna, og síðast en ekki síst ber að nefna nákvæma vigtun. Þessi tiltekna samsetning matarins hefur hjálpað þúsundum manna um allan heim til að ná árangri í baráttunni við aukakílóin.

Í byrjun verða þessir réttir eingöngu seldir á veitingahúsum Nings á Suðurlandsbraut 6 , í Hlíðasmára 12 í Kópavogi og á Stórhöfða 17. Fljótlega er þó von á þeim í verslanir.

# Beikon til bragðbætis

***Hóflega notað beikon gleður mannsins hjarta.***

Þegar beikon er notað í mat eins og fisk- eða kjúklingarétti þarf lítið annað krydd, því beikonið gefur frá sér bæði salt og góðan keim. Gott er að vefja beikonsneiðum utan um kjúklingabringur eða fisk og tylla þeim saman með tannstöngli. Síðan má grilla réttinn, steikja á pönnu eða setja í eldfast-mót inn í ofn.



Beikonvafinn þorskur með grænmeti.

## TRIVENTO:
# Argentínsk vín í mikilli sókn

Trivento þýðir „þrír vindar" og er kennt við þá vinda sem hafa gert vínrækt mögulega: Polar-vindinn, sem eins og nafnið bendir til blæs kaldur um vínekrurnar á veturna, Zonda sem kemur að vestan frá Andes-fjöllunum með hlýjuna á vorinu, og Sudestada að austan sem kælir svæðið í sumarhitanum og ber raka með sér. Þessir vindar gera vínrækt eins arðbæra og raun ber vitni, og Trivento hefur svo sannarlega komið með ferska vinda í vínheiminn.

Trivento í Mendoza-héraði er sá útflytjandi vína frá Argentínu sem nú er í hvað mestri sókn. Söluaukningin hefur verið gífurleg, að meðaltali um 80-100% á hverju ári undanfarin ár.

Vínekrurnar eru orðnar 565 hektarar og þrúgurnar eru þær sem hafa reynst best í Argentínu, fyrir utan alþjóðlegu þrúgurnar (cabernet sauvignon, merlot, shiraz, chardonnay) sem þrífast mjög vel á Mendoza-svæðinu. Þar eru í sviðsljósinu malbec, bonarda, torrontes, chenin, viognier, sangiovese og fleiri. Fjölbreytnin eins mikil og hægt er að hugsa sér og víngerðin hjá Trivento nær því besta úr þrúgunum.

Trivento Reserva Cabernet Malbec hefur verið geysilega vinsælt og er skýringin sennilega sú að vínið er með bestu kaupunum í vínbúðum þegar gæði og verð eru skoðuð. Það hefur verið geymt í átta mánuði í eikartunnu, hefur létta stemmu og mjög góða fyllingu, góðan og ferskan ávöxt, mikið eftirbragð og gott jafnvægi. Þetta er afar fjölhæft vín sem sómir sér vel með einföldum ostabakka sem og með góðri kjötmáltíð.

Verð í vínbúðum 1.190 kr.



## uppskrift }



### Engiferfiskur

AÐ HÆTTI BJARKAR VILHELMSDÓTTUR.

**1 kg skötuselur (spari) eða keila (hversdags)**
**3 gulrætur**
**2 stilkar sellerí**
**2 laukar**
**2 cm engifer**
**2-3 hvítlauksrif**
**4 dl fiskisoð**
**Karrý, salt og pipar**
**250 g rjómaostur**

Grænmetið er skorið í strimla og steikt á pönnu í smjöri. Það sett í pott ásamt, engifer, hvítlauk, fiskisoði (vatn og teningur) og karríi. Soðið upp með rjómaosti.
Þá er fiskinum velt upp úr hveiti og hann saltaður, pipraður og snöggsteiktur í olíu. Síðan er hann settur í eldfast mót og sósunni hellt yfir. Sett í 180°C heitan ofn í 5-10 mínútur eða sósunni hellt yfir fiskinn á pönnunni og lokið sett á í um 5 mínútur. Borið fram með hrísgrjónum og salati. Fallegt og gott er að strá ferskri steinselju yfir fiskinn áður en hann er borinn fram. Einnig er skemmtilegt að sjóða villihrísgrjón þegar von er á gestum og blanda þeim saman við hin hrísgrjónin.

## Húsráð }

### Gott er að

... fara í gegnum uppskriftirnar sem maður safnar úr tímaritum og blöðum og henda þeim sem ekki hafa verið notaðar en setja hinar snyrtilega í plastvasa.



... setja súpur og kássur í þykka plastskál eða ílát þegar verið er að frysta matinn. Þannig er auðvelt að setja ílátið í vel heitt vatn til að þíða matinn þegar þarf á að halda.

... frysta tertur án umbúða og pakka þeim svo inn. Þá festist kremið eða rjóminn ekki við umbúðirnar.

... merkja umbúðir áður en maturinn er frystur því engir límmiðar festast við frosnar umbúðir.

... merkja kryddið með dagsetningu svo endingartími þess sé þekktur.

... hafa skál með ávöxtum og heilsusamlegu nasli á eldhúsborðinu og hvetja heimilisfólkið til að borða hollt nasl á milli mála.


Vínþrúgur mánaðarins
20% afsláttur
áman
Skeifunni 11d 108 Reykjavík Sími 533 1020
Reykjavíkurvegi 64 220 Hafnarfirði Sími 533 3070
www.aman.is

Piparsósa...
... þegar vindur hvín!




*Tilvalin köld út á kjötið, í fiskrétti, með reyktum silungi og sjávarfangi. Góð með köldum, steiktum lunda og sem ídýfa.*

Bernaisesósa...
... þegar sólin skín!




VOGABÆR

*Frábær köld úr dósinni eða hituð upp, með lambakjöti, nautakjöti, fiski eða kjúklingaréttum í ofni.*

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

# allt tilboð o.fl.

**Topptilboðið** þessa vikuna er frá Krónunni. Þar lækkar hálft kíló af Grand It. Fusilli pasta úr 95 krónum í 39 krónur, eða um 60%.

**60%**






FJARÐARKAUP

Tilboðin gilda til 4. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Blandað hakk frá Kjöthúsinu | 698 | 878 | 698 | 20 |
| Lambalæri frosið | 898 | 998 | 898 | 10 |
| Súpukjöt frá Fjallalambi | 398 | 548 | 398 | 25 |
| FK jurtakryddað lambalæri | 998 | 1.856 | 998 | 45 |
| Svínakótilettur úr kjötborði | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Svínalundir úr kjötborði | 1.598 | 1.898 | 1.598 | 15 |
| Folaldagúllas úr kjötborði | 998 | 1.198 | 998 | 15 |
| Matfugl ferskur kjúklingur | 489 | 699 | 489 | 30 |
| Farm frites franskar 750 g | 99 | 198 | 99 | 50 |
| FK ís 1 l súkkul./vanilllu | 99 | 198 | 99 | 50 |
| Bounty select eldhúsrúllur | 398 | 498 | 398 | 20 |
| Crawford vanillu- og súkkulaðikex 500 g | 198 | 229 | 198 | 15 |
| Coke light dós 0.33 l | 49 | 83 | 49 | 40 |
| Coke dós 0.33 l | 49 | 83 | 49 | 40 |
| FK brauð 770 g | 99 | 129 | 99 | 25 |
| Charmin wc pappír 8 rúllur | 398 | 498 | 398 | 20 |
| Ariel regular 3.3 kg | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Ariel color 3.3 kg | 798 | 998 | 798 | 20 |
| Appelsínur | 89 | 95 | 89 | 5 |
| Jarðarber 250 g | 198 | 298 | 198 | 35 |
| Jonagold epli | 89 | 95 | 89 | 5 |
| Skólaostur 26% kílópakkning | 814 | 1.018 | 814 | 20 |
| Iceberg salat | 98 | 189 | 98 | 50 |

HAGKAUP

Tilboðin gilda til 4. og 7. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Svínagúllas | 959 | 1.599 | 959 | 40 |
| Svínakótilettur | 889 | 1.398 | 889 | 35 |
| Svínarifjasteik | 499 | 798 | 499 | 35 |
| Svínahnakki úrbeinaður | 899 | 1.499 | 899 | 40 |
| Svínabógur úr kjötborði | 399 | 579 | 399 | 30 |
| Ben&Jerry´s ís 453 ml | 399 | 699 | 881 | 40 |
| Létt feti 2 teg. | 199 | 219 | 199 | 10 |
| Núpo létt 3 teg. | 1.199 | 1.449 | 1.199 | 20 |
| Leppin léttur 3 teg. | 999 | 1.249 | 999 | 20 |
| Powerade orkudrykkur 3 teg. | 139 | 169 | 139 | 20 |
| Coca Cola light 2 l | 169 | 205 | 169 | 20 |

KRÓNAN

Tilboðin gilda til 6. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Krónu kjúklingur bl. bitar | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Krónu grísabógur reyktur/úrb. | 699 | Nýtt | 699 | |
| Krónu grísakótilettur | 899 | 1.198 | 899 | 25 |
| Ali bjúgu 4 stk. | 323 | 539 | 323 | 40 |
| Bertolli pastasósur 3 gerðir 500 g | 149 | 198 | 149 | 25 |
| Grand It. spaghetti 500 g | 39 | 85 | 78 | 55 |
| Grand It. Tortellini 250 g | 199 | 269 | 80 | 25 |
| Grand It. Fusilli 500 g | 39 | 95 | 78 | 60 |
| Myllu fjölkornasamlokubrauð 770 g | 99 | 229 | 128 | 55 |
| Calgonit Powerb. uppþvottav.töflur 60 stk. | 799 | 988 | 13 | 20 |

BÓNUS

Tilboðin gilda til 5. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Danskar kjúklingabringur 900 g | 1.599 | nýtt | 1.599 | |
| Frosin lúða í bitum | 999 | Nýtt | 999 | |
| N.f. reyktir ýsubitar roð/beinlausir 800 g | 399 | Nýtt | 399 | |
| N.f. þorskbitar roð/beinlausir | 599 | 799 | 599 | 25 |
| Búkonu reyktur lax, bitar og flök | 999 | 1.345 | 999 | 25 |
| Ernos pizza salami 350 | 95 | Nýtt | 95 | |
| Euroshopper pasta skrúfur | 69 | Nýtt | 69 | |
| Euroshopper pasta makkarónur 1 kg | 69 | Nýtt | 69 | |
| Euroshopper pasta gnocchi 1 kg | 69 | Nýtt | 69 | |
| Euroshppper pasta penne rigatte 1 kg | 69 | Nýtt | 69 | |
| Euroshopper pastasósa í gleri 600 g | 129 | Nýtt | 129 | |

NÓATÚN

Tilboðin gilda til 6. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Lambalæri úr kjötborði | 895 | 1.398 | 895 | 35 |
| Lambahryggur | 1.298 | 1.598 | 1.298 | 20 |
| Lamba sirloinsneiðar | 798 | 1.198 | 798 | 35 |
| Lamba filet ribeye | 1.998 | 2.998 | 1.998 | 35 |
| Grísalundir fylltar | 2.490 | 2.698 | 2.490 | 10 |
| Nóatúns skinka 200 g | 279 | 398 | 1.395 | 30 |
| McCain Superfries sléttar | 299 | 399 | 299 | 25 |
| Goða súpukjöt lítill poki | 398 | 499 | 398 | 20 |
| Kjörís mjúkís súkkulaði/vanilla | 299 | 499 | 299 | 40 |
| Mars Classic | 49 | 99 | 49 | 50 |

þín verslun

Tilboðin gilda til 8. febrúar

| Vörutegund: | Tilboðsverð | Verð áður | Eininga-, kíló- og lítraverð | Lækkun í % |
|---|---|---|---|---|
| Helgargrís að indverskum hætti | 1.398 | 1.748 | 1.229 | 20 |
| Beikonbúðingur | 662 | 828 | 674 | 20 |
| Borgarnes hangiálegg 150 g | 362 | 482 | 903 | 25 |
| HOLGER bruður grófar 400 g | 129 | 179 | 1.758 | 30 |
| HOLGER bruður fínar 400 g | 129 | 179 | 1.998 | 30 |
| Gevalia kaffi 500 g | 349 | 389 | 698 | 10 |
| Gevalia whole beans 400 g | 389 | Nýtt | | |


Verðhrun á síðustu útsöludögum

Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077


# Helgarbomba í Múrbúðinni

***Byggingavöruverslunin Múrbúðin í Árbænum er með stórlækkað verð um helgina.***



Helgarbomba verður í Múrbúðinni yfir helgina. Fjöldi vörutegunda er á stórlækkuðu verði og einnig er lækkað verð á byggingavörum.
Sem dæmi má nefna að Einhell-slípirokkur kostar rúmlega 2.500 krónur og Bosch-rafhlöðuskrúfvél kostar tæpar 2.500. Hægt er að fá verkfærakistur frá 500 krónum, tíu lítra af innimálningu á tæpar 2.700 krónur og Bosch-rafhlöðuborvél á 25.491 krónu.



Að auki selja Múrbúðarmenn bílskúrshurðaopnara á 10.990 og í bílskúrinn má einnig fá verkfæraskáp með litlu borði á tæpar tólf þúsund krónur til að geyma öll litlu verkfærin sem verða keypt á helgarbombunni.

# Góðir skór

***Útsala er hafin í Iljaskinni. Sérstakur afsláttur er á stígvélum.***

Útsalan er hafin í skóversluninni Iljaskinni í Miðbæ við Háaleitisbraut. 15% afsláttur er af öllum stígvélum, og 30% afsláttur af völdum vörum. Verslunin sérhæfir sig í sölu á vönduðum skófatnaði sem fer vel með fæturna. Í versluninni er að finna skó á dömur, herra og börn og sérstaklega gott úrval er af kuldaskóm og stígvélum. Bæði er þar að finna mikið af leðurstígvélum og loðstígvélum af mörgum gerðum.




allt bílar
Alla laugardaga

**Afgreiðslutími** Á löngum laugardegi er opið lengur en vanalega í miðbænum eins og nafnið gefur til kynna. Verslanirnar opna ýmist klukkan tíu eða ellefu að morgni og verður ekki lokað fyrr en fimm síðdegis.

viðburðir }



Í Þjóðmenningarhúsinu eru meðal annars sýningarnar Fyrirheitna landið og Mozart-óperan á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ / VALLI

## Örnefni og íslensk náttúra

NÓG ER UM AÐ VERA Á LÖNGUM LAUGARDEGI Á MORGUN.

**Ljósmyndasýning og fræðslufundur. Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu 15 klukkan 11 – 17.**
Fjölbreytilegar sýningar í sölum Þjóðmenningarhússins; Handritin, Þjóðminjasafnið - svona var það, Fyrirheitna landið og Mozart-óperan á Íslandi. Myndlist og veitingar í veitingastofunni. Leiðsögn í boði fyrir hópa.

**Ljósmyndasafn Reykjavíkur – 6. hæð í Grófarhúsinu, Tryggvagötu 15 klukkan 12 – 19.**
Myndirnar á sýningunni Móðir Jörð eftir Jónu Þorvaldsdóttur gefa óhefðbundna og nýstárlega sýn á íslenskt landslag þar sem markmiðið er að fanga ákveðna stemningu fremur en ákveðna staði. Skotið er nýr sýningakostur hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur en myndum er varpað á vegg úr myndvarpa.

**Sögufélagið, Fischersundi 3 klukkan 13.30 – 15.**
Nafnfræðifélagið efnir til fræðslufundarins Norsk örnefni á Íslandi. Tryggvi Gíslason, fyrrverandi skólameistari, talar um norsk örnefni á Íslandi og undarleg örnefni í Eyjafirði, örnefni sem borist hafa með norskum landnámsmönnum til Íslands.

**Safn, Laugavegi 37 klukkan 14-18.**
Myndlistarsýningar Einars Fals Ingólfssonar, Anouks De Clercq og Gregs Barrett. De Clercq sýnir myndbandsverk, Einar Falur ljósmyndir teknar á Njáluslóðum og Barrett sýnir keramikverk.



Nýi hjólreiðastígurinn á Laugaveginum sem svo leiðir hjólreiðamennina út á götuna en það er bannað að hjóla á gangstéttum við Laugaveg. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Nýr hjólreiðastígur á Laugaveginum

***Nýr hjólreiðastígur hefur verið lagður á Laugaveginum, milli Snorrabrautar og Barónsstígs. Áætlað er að fleiri hjólreiðastígar verði lagðir á ýmsum svæðum í borginni.***

Í sumar og haust stóðu yfir miklar framkvæmdir á þeim hluta Laugavegs sem liggur frá Snorrabraut í austri til Barónsstígs í vestri. Þar var meðal annars reist nýtt bílastæðahús auk þess sem unnið var við nýtt verslunarhúsnæði. Auk þessa voru gerðar endurbætur á götu og göngustíg. Við gangstéttina norðan megin var lagður stígur sem sérstaklega er ætlaður hjólreiðamönnum.

Þó svo að stígurinn sé ekki langur þá nýtist hann hjólreiðafólki mjög vel og brýnir einnig fyrir hjólreiðamönnum að nota ekki gangstéttirnar heldur götuna enda er bannað að hjóla á gangstéttunum við Laugaveg.

Stefán Agnar Finnsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar, segir að fólk megi eiga vona á fleiri hjólreiðastígum í framtíðinni. Sem dæmi má nefna að hjólreiðastígur mun koma í Lönguhlíð við þrengingu hennar. „Það hefur einnig verið í umræðunni að leggja hjólreiðastíg á Laugaveginum, frá Kringlumýrarbraut og að Hlemmi í sambandi við nýtt skipulag Hlemms sem nú er í vinnslu. Menn eru að velta fyrir sér úrlausnum hvað þetta mál varðar,“ segir Stefán, en segir að lokum að enn séu ekki komin nein frekari áform um fjölgun hjólreiðastíga á Laugaveginum.


LOPI
Uppskriftir og prjónar
Handprjónasamband Íslands
Skólavörðustíg 19 • sími 552 1890
www.handknit.is





Rúmfatnaður fyrir alla fjölskylduna
Langur laugardagur
gæði, ending og góð þjónusta
Endlich!



Fatabúðin
Skólavörðustíg 21 • Sími 551 4050 • Reykjavík

Diza ehf er lífsstílsverslun sem selur bútasaumsefni, prjónagarn og fatnað fyrir konur sem vilja skapa sér og sínum huggulegt umhverfi og fallegan fatnað til að njóta þess í.
Flott tilboð föstudag og laugardag
Bútasaumsefni gott úrval á 600 – 900 kr. m.
Náttfatnaður 60% afsláttur



Diza
Ingólfsstræti 6 • www.diza.is
opið 11-18 virka daga • 12-16 laugardaga

Handsmíðaða skartið hennar Önnu Maríu



Óslípaður demantur
ANNA MARÍA DESIGN
GULLSMIÐUR
Skólavörðustíg 3
Sími: 551 0036

Nú styttist í Valentínusardaginn
10% afsláttur af öllum hjörtum
Birta
Úr og skart
Ný verslun
Laugavegi 33
S: 544 4990
Sjáum um viðgerðir á úrum og skartgripum

VERÐHRUN !!
NÚ KLÁRUM VIÐ ÚTSÖLUNA
VERÐ FRÁ 500 - 2.500kr
ATH: ERUM AÐ TAKA UPP NÝJAR VÖRUR
CHER
Tískuvöruverslun
Laugavegi 82
544 4036

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ

**SG BÍLASALA**
Brekkustíg 38
260 Reykjanesbæ
sími: 421-4444
fax: 421-3733


Hyundai Santa Fe 5/2001 ek. 57 þ. Verð kr. 1.790.000, Áhvílandi kr. 1.500 þúsund. ath skipti. 100% lán.


Renault Master. Árgerð 2005. Ekinn 74 þ. km. Verð kr. 4.280.000. ath yfirtaka á láni 750 kg lyfta loftpúða fjöðrun.


Nissan Almera SLX. Árgerð 2002. Ekinn 41 þ. km. Sjálfskiptur. Verð kr. 1.190.000. Yfirtaka á láni.


MMC Galant GLSi. Árgerð 2003. Ekinn 83 þ.km. Sjálfskiptur. Verð kr. 1.790.000. 100%


Hyundai Tucson Disel. Sjálfskiptur, 10/2004, ek. 15 þ. Verð 2.570.000. 100% lán, skipti ódýrari.


VW Bora 1.6 Highline. Árgerð 2002. Ekinn 58 þ. km. Sjalfskiptur. Verð kr. 1.450.000. Áhvílandi kr. 1.100 þúsund. 100% lán.

**SG Bílasala**
**Sími: 421 4444**

SPARIbill


Nýjir Kia Sorento EX og EX Luxe Dísel og V6 Bensín til afgreiðslu strax. Sjálfskiptir með eða án leðurinnréttingar, álfelgur, full ábyrgð. Til sýnis á staðnum. Okkar verð á EX: 3.150 þús. Okkar verð á EX Luxe: 3.250 þús. Ath ! langt undir listaverði !

**Sparibíll ehf**
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**
**Sími: 577 3344**
**www.sparibill.is**

**BÍLASALA ÍSLANDS**


Nýir 2006 Dísel Jeep Grand Cherokee 3.0 CRD 217 hestöfl, Limited, sjálfskiptur, leðurinnrétting. Allt rafdrifið spólvörn, tölvustýrð miðstöð með loftkælingu. Ath, meðaleyðsla 10,2 á hundraði. Verð 5.580.000. skoðum skipti

**Bílasala Íslands**
**Skógarhlíð 10, 110 Rvk.**
**Sími: 510 4900**
**www.bilasalaislands.is**

**Bílasalan Bílfang**
www.bilfang.is


MMC L 200. Turbo Dísel 4x4. Árg 06/2001. Beinsk. Ný tímareim, smurður reglulega frá upphafi.Einn eigandi. Góður bíll. V. 1.300 þús. Möguleiki á 100 % Láni. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.


Nissan Patrol árg. 1993 ek. 330 þ. km Planað hedd, ný vatnsdæla, nýr vatnskassi, nýjar legur í gírkassi. Mikið endurnýjaður bíll í góðu ástandi. V. 590 þús. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.


Range Rover 4.6 HSE árg. 3/1996. Leður, sjálfskipt, glertopplúga o.fl nýir loftpúðar og planað hedd. Einn eigandi frá upphafi. V. 1.390 þús. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.


Isuzu Crew Cab 3.1 Turbo dísel 4x4. Árg. 03/2000, ek. 130 þ. km. beinsk, með plasthúsi o.fl V. 1.290 þús. Möguleiki á 100% láni.


Toyota Hilux Turbo dísel 4x4. Árg. 1995 ek. 167 þ. km, beinsk, með plasthúsi o.fl V. 680 þús. 100% Lán. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.


Jeep Cherokee Laredo (New) 4x4. Árg. 2005. sjálfskipt, álfelgur, litað gler , spólvörn o.fl. V. 3.200 þús. Fleiri litir til á staðnum. 3 ára ábyrgð í boði. Frekari upplýsingar í síma 567 2000.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

Söluumboð í Reykjanesbæ
sími 420 5000
HEKLA


Audi A 6 2002 akstur 32.000, sjálfsk., 1800 vél, verð 2.680.000 kr.


Pajero 2,8 TDI 1998 akstur 198.000, sjálfsk., vél 2800, dísel, verð 1.550.000 kr.


VW Polo 2004 sjálfsk., vél 1400, akstur 7000, verð 1.610.000 kr.


VW Polo 2004 100 prósent, lán 22.000 kr. pr. mán.


Chrysler Voyager Grand SE 3,3L, akstur 160.000, sjálfskiptur, 2001, verð 1.350.000 kr.


Skoda Felicia Station vél 1300, akstur 109.000, árg. 9/1998, verð 200.000 kr. Tiboð 160 þ.

**Hekla Söluumboð**
**Sími: 420 5000**

**TOYOTA salurinn**


VW Passat STW Basicline nýskr. 1/1999 ekinn 128 þ. km. 1.6 vél, 5 gíra, krókur, verð 790.000 Uppl. í síma 421 4888 hjá Toyotasalnum í Reykjanesbæ.

**Toyotasalurinn**
**Sími: 421-4888**

HEIMSBÍLAR
www.heimsbilar.is


Nissan Terrano II Luxary dísel árg.9/2000, ek. 104 þ. km, sjálfskiptur, fjarst. samlæsingar, topplúga, rafm. í rúðum og speglum CD-magasín o.fl. Algjör topp. smur- og þjónustubók. Virkilega fallegt og vel með farið eintak! Verð 1.890 þ. áhvílandi 1.020 þ. afb. 29 þús. Til sýnis og sölu hjá Heimsbílum Kletthálsi 2, 110 Rvk, s. 567 4000. Sjá fleiri myndir á www.heimsbilar.is. Getum aftur bætt við okkur bílum á planið og á söluskrá. Afhverju ekki að prófa?

**Heimsbílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 567 4000**
**www.heimsbilar.is**

**Breiðan ehf**
**821-6292**


Iðnaðarmenn, verktakar, viðhaldsaðilar Mercedes Bens 614D árgerð 6/2003, ekinn 30 þús. km., 37 rúmmetra kassi 5x3x2,5 álhillur og borð, innangengt úr stýrishúsi, stór hliðarhurð og afturhurð, verð 2.980.000,- m.vsk. S. 821 6292/540 5800.

**Breiðan ehf**
**Sími: 821 6292**

## Bílar til sölu





VW Transporter '98 2,4 dísel, beinsk,ek 235 þús. sk. '07. Topp vinnu bíll selst hæðstbjóðanda. Uppl. í s. 846 1065.


Grand Cherokee Laredo 2005 V6, ek. 23 þ. km. Sjálfsk., þjófavörn, dökkar rúður o.m.fl. Ath verð aðeins 2.990 þ. stgr. Bill.is s. 577 3777.


Benz 190E árg. '87, 2,3L. Uppl. í s. 869 8156.


Grand Cherokee Laredo árg. '95. 6 cyl. Ek. 105 þús. 31" dekk, leðursæti. S. 863 9018.


**Yfirtaka á einkaleigu**
Enginn útlagður kostnaður, bílnum skilað eftir að samningi líkur. 6 manna Kia Clarens, sjsk., skr. 01.2004. Rúmt ár eftir af leigusamningi, ca 31 þús á mán. S. 896 0753.

**50% afsláttur**
Til sölu VW Bora '99, ek. 115 þús., bsk., bilaður gírkassi. Gott fyrir laghenta. Uppl. í s. 898 8979.

Cherokee '94, Primera '92. Góðir, heilir og hóflega eknir. Einnig Cherokee '88, ekki heill né góður. S. 846 1022.

Daewoo Lanos árg. 11/'00, ek. aðeins 73 þ. 5 dyra, bsk., CD. Listaverð 500 þ. Tilboð 280 þ. stgr. S. 659 9696.

## 0-250 þús.


Isuzu Trooper 2,6 MPI. Árg. 1992, ekinn 242 þ. Bensín. Góður bíll á góðu verði. S. 694 5257.


Mazda 323 F '92, 1,8 beinsk, sk. '06. Verð 160 þús stgr. Uppl í s. 846 1065.


Nissan Primera árg. '95, 2.0 SLX, ek. 190 þús. Sk. '07, ásett v. 320 þús. Tilboð 249 þús. Uppl. í s. 661 8094.


Daewoo Nubira nýsk. maí '99, ek. 117 þús., sjálfskiptur, rauður. Verð 250 þús. S. 856 1854.

## BÍLAR TIL SÖLU

**Bílabankinn**
**Sími 588 0700 • www.bilabankinn.is**


Hyundai Santa Fe Diesel. Sjálfskiptur 8/2004, ek. 9 þús., km. Lán 2080 þús. Verð 2690 þús.



Lexus Gx 470 V8 07/2003. Bíll með öllum hugsanlegum aukabúnaði. TILBOÐ 4.900 þús. (Verð áður 5.700 þús)


Toyota Avensis EXE 2000, 11/2005 ek. 2 þ.km. Sjálfskiptur, Leður, sóllúga, 17" felgur, aukad. á felgum ofl. Verð 2.990 þús.


Hyundai Getz 1600 GLS, 07/2005 ek. 10 þ.km. Steingrár, Spoiler, aukadekk, cd. Verð 1.290 þús


Jeep Grand Cherokee Laredo V6 3,7L, 01/2005 ek. 46 þkm. Sjákfskiptur, gullsans, góður bíll og enn betri kaup. Verð 2.950 þús stgr. Eigum einnig Laredo V8 4,7L með leðri og DVD.


Nissan Almera SLX 1600 01/1999 ek. 140 þkm. Spoilerkit, opið púst ofl. Verð 590 þús.


Peugeot 407 STW, ek. 2 þ.km, Glerþak, 5 gíra, álfelgur ofl. Eins og nýr. Verð 2.190 þús.

VW Golf V Comfortline, 07/2004 ek. 10 þ.km. Silfurgrár, sjálfsk, álfelgur, cruise, hlaðinn aukabúnaði. Verð 1.990 þús.

**Erum með úrval af ársgömlum bílaleigubílum á dúndurtilboði**

Opnunartími:
mán - fös kl 10-18 • lau kl 12-16 • Sími 588 0700 • www.bilabankinn.is

**Bílakjarninn • Breiðhöfða**

## ÞJÓNUSTA

**STEYPUSÖGUN**
**KJARNABORUN**
**MÚRBROT**
**LÍNUBORUN EHF**
820 0070 577 5177

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

### Hagkaup Garðabær

Óskar eftir að ráða þjónustulundað og lipurt fólk á kassalínuna, um er að ræða fullt starf. Einnig eigum við laus störf í matvörunni Hægt er að sækja um á www.hagkaup.is, mæta í Garðabæinn eða hringja í Eyrúnu, deildarstjóra í síma 565-6400 og sjá hvort við eigum ekki samleið.

AMERICAN STYLE

### Laus störf í sal og á grilli.

Vilt þú vera hluti af frábærri liðsheild og vinna á líflegum vinnustað? American Style á Bíldshöfða leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í sal. Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga.

**Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 533 1048.**

aktu taktu

### Vantar þig góða vinnu eftir áramót?

Viltu vinna með skemmtilegu fólki á Aktu Taktu Skúlagötu eða Fellsmúla? Ertu dugleg/ur og mætir á réttum tíma í vinnu? Góð laun fyrir líflegt og skemmtilegt starf í sal og á grilli. Hentar best fólki 18-40 ára en allir umsækjendur velkomnir! Vaktavinna og hlutastörf í boði. Aktu Taktu er á fjórum stöðum á höfuðborgasvæðinu.

**Umsóknir á aktutaktu.is og á stöðunum. Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 533 1048.**

ÍTR

### Viltu vinna með börnum á vettvangi frítímans?

ÍTR óskar eftir starfsfólki á frístundaheimilin eftir hádegi alla virka daga. Umsækjendur þurfa að vera orðnir 20 ára.

**Hægt er að fá nánari upplýsingar og sækja um á heimasíðu ÍTR, www.itr.is og í síma 411 5000".**

### Veitingahús

Starfsfólk óskast í eldhús og sal. Aldur 35+ æskilegast.

**Uppl. í s. 894 0292.**

### Grill & Ís Laugarásvegi 1.

óskar eftir starfsfólki eldri enn 18 ára. Góð laun í boði. Þægileg vaktavinna.

**Upplýsingar í síma 517 9000.**

### Nasa - Nasa

Okkur vantar vana barþjóna, helst 20 ára og eldri. Skemmtilegur vinnustaður. Mikil vinna framundan. Viðtalstímar á Nasa milli kl. 14 og 16, virka daga.

**Nasa þar sem íslendingum finnst skemmtilegast að djamma.**

BÆJARBAKARÍ

Bakarí í Hfj. óskar eftir starfskrafti í afgreiðslu einnig óskum við eftir starfskrafti við þrif og aðstoð. Vinnutími 15-19 virka daga. S. 555 0480 og 896 9808.

### Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!

Ingvar Helgason óskar eftir starfsmönnum við þrif og bón á nýjum og notuðum bílum. Taktu þátt í uppbyggingu í vaxandi fyrirtæki.

**Upplýsingar veitir Svanberg í síma 525 8043. svanberg@ih.is www.ih.is**

### Furðufiskar ehf

Furðufiskar ehf. sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um osta- og sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Starfssvið:

∑ Innkaup og pantanir.
∑ Starfsmannahald/mönnun vakta.
∑ Laga brauð o.fl. sem lagað er á staðnum.
∑ Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði.

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð eða séu fagmenntaðir.

**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a, 101 Reykjavík.**

### Ræsting/Matráður

Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræstingar og matseld í 60% starf. Vaktavinna, unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

### Við bjóðum þér gott starfsumhverfi!

Ingvar Helgason ehf. óskar eftir að ráða bifvélavirkja eða menn vana bílaviðgerðum. Jafnframt vantar menn í bilanagreiningu bíla.

**Upplýsingar um starfið veita Skúli í síma 822 8093 - skuli@ih.is og Jón í síma 822 8071 - jon@ih.is**

### Vífilfell

Vífilfell óskar eftir að ráða starfsmann í framleiðslusal fyrirtækisins Stuðlahálsi . Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

**Umsóknareyðublöð liggja frammi í afgreiðslunni Stuðlahálsi 1. Nánari upplýsingar í síma 525 2500**

### Bílstjórar Tækjamenn

Vanir meiraprófsbílstjórar og vanir gröfumenn óskast til vinnu strax. Mikil vinna framundan.

**Klæðning ehf. Upplýsingar í síma 664 5075.**

### Hrafnista Reykjavík. Aðhlynning.

Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir.

**Uppl. veitir starfsmannaþjónustan í síma 585 9529 og á hrafnista.is**

### Vífilsstaðir. Garðabæ Aðhlynning.

Okkur vantar starfsfólk í aðhlynningu á morgun-kvöld og helgarvaktir, Einning vaktir frá kl.8-13 alla daga. Unnið skv.Time Care vaktavinnukerfinu, sveigjanlegur vinnutími.

**Uppl. gefur Ingibjörg Tómasdóttir hjúkrunarstjóri í Síma 599 7011 og 664 9560.**

SUBWAY

### Dagvinna - Subway Borgatúni

Óskum eftir fólki í dagvinnu, um er að ræða hlutastarf, vinnutími 11-15, virka daga. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Lifandi og skemmtilegur vinnustaður. Hægt er að sækja um á subway.is eða á staðnum.

**Nánari upplýsingar gefur Heiða 696 7011.**

### Just-Eat.is

Vantar nokkra góða bílstjóra á eigin bíl til að keyra út mat um helgar. Þarf að geta byrjað strax. Uppl. í s. 820 6992.

Pálmatré ehf óskar eftir duglegum verkamönnum. Sími 898 9313.

Óskum eftir að ráða kokk í Mývatnssveit. Um er að ræða heilsársstarf, viðkomandi þarf að geta hafið störf 15. febrúar. Sel - Hótel Mývatn 464 4164, myvatn@myvatn.is.

### Hársnyrtisveinar

Hárgallerí óskar eftir að ráða hársnyrtsveina í fullt starf og hlutastarf. Uppl. í s. 898 6850 Lilja.

### Dekkjaverkstæði

Óskum eftir vant fólki til starfa hjá hjólbarðaverkstæði Bílkó . Framtíðarstarf Uppl. í s. 660 0560

### Bón og þvottur

Óskum eftir vönum starfsmönnum á bónstöð hjá Bílkó. Góð laun fyrir gott fólk. Frekari upplýsingar um stöðuna gefur Guðni í s. 660 0560.

Silkiprent og fánar ehf. á Þórshöfn óskar eftir að ráða starfsmann sem fyrst. Fjölbreytt og skemmtilegt starf, tölvukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 577 2020 eða fanar@fanar.is

Starfskraftur óskast í útkeyrslu og fleira. Uppl. í síma 861 2410.

### Veitingarekstur

Óska eftir rekstraraðila á góðum stað á Vesturlandi. Öll tæki til staðar. S.694 2171.

Vantar húsasmið og nema sem vill komast á samning í húsasmíði. Næg vinna. Uppl. í s. 892 1909.

### Kringlubón

Óska eftir starfsmanni. Uppl. í síma 691 0282

Starfsmaður óskast. Heiðarlegur og stundvís starfsmaður óskast á bílapartasölu. Þekking og reynsla á bílum æskileg. Hálft eða fullt starf í boði. Umsóknir á staðnum. Uppl. í síma 587 7659. Bílapartar ehf Grænumýri 3 Mosfellsbæ.

### Bakarí

Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í Bakarí í Kópavogi eftir hád. og aðra hvora helgi. Helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

### Bakarí

Starfskraftur óskast til ræstinga í einn mánuð. Uppl. í síma 820 7370.

### Verkamaður

óskast í byggingarvinnu. Uppl. í s. 861 5577.

Lagnafélagið ehf óskar eftir mönnum í pípulagnir. S. 695 3161.

Rafvirkja eða rafvirkjanema óskast sem fyrst. Uppl. í s. 892 9120.

## Atvinna óskast

Húsasmíðameistara vantar vinnu. Er vanur allri úti og inni vinnu. Er með öll réttindi. Uppl. í s. 616 8457 & 567 0304.

Óska eftir vandaðri og vel launaðri vinnu. Er stundvís, reglusöm, vandvirk. S. 663 7569.

## Viðskiptatækifæri

Ef þú villt skapa þér algjört fjárhagslegt frelsi skaltu skoða http://www.sigradu.com.

Hefur þú áhuga á 100 þús. + aukalegri innkomu á mánuði? Aukavinna.com

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Aðalfundur Landsbankans verður haldinn á Nordica hótel á morgun, laugardaginn 4. febrúar kl. 14. Bankaráð Landsbankans.

## Einkamál

LYKILL AÐ GÓÐU SAMBANDI
TANTRA
ERÓTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00 OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
FÁKAFENI 11
HLÍÐASMÁRA 13
SÍMI 588 6969 / 587 6969
WWW.TANTRA.IS

UST
Umhverfisstofnun

## Auglýsing um starfsleyfistillögu fyrir Urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu

Í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, liggur starfsleyfistillaga fyrir Urðunarstað Sorpsamlags Strandasýslu, frammi til kynningar á afgreiðslutíma í skrifstofum Hólmavíkurhrepps, Hafnarbraut 19, 510 Hólmavík, á tímabilinu frá **3. febrúar til 31. mars 2006.**

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillöguna skulu hafa borist Umhverfisstofnun fyrir **31. mars 2006.** Einnig má nálgast starfsleyfistillöguna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://www.ust.is/

Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.

Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Auglýsing um tillögu að Aðalskipulagi Akureyrar 2005 - 2018

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/-1997 m.s.b. tillögu að aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018. Um er að ræða endurskoðun á gildandi aðalskipulagi Akureyrar 1998-2018. Endurskoðunin tekur ekki til aðalskipulags Hríseyjar 1988-2008.

Tillagan samanstendur af greinargerð, þéttbýlisuppdrætti í mkv. 1:10.000 og sveitarfélagsuppdrætti í mkv. 1:30.000.

Tillagan mun liggja frammi til kynningar í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík, frá og með föstudeginum 3. febrúar 2006 til og með föstudeginum 17. mars 2006, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarbæjar, *www.akureyri.is* undir: *Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur.*

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. $16^{00}$ föstudaginn 17. mars 2006. Athugasemdir skulu vera skriflegar og skal þeim skilað til skrifstofu Akureyrarbæjar. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

Akureyri 3. febrúar 2006,
Skipulags- og byggingarfulltrúi

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • www.akureyri.is

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
Stórmarkaður í stofunni heima
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ
– smáauglýsingar sem allir sjá

UST
Umhverfisstofnun

## Auglýsing um starfsleyfistillögu fyrir Urðun á óvirkum úrgangi í Bolungarvík

Í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, liggur starfsleyfistillaga fyrir urðun á óvirkum úrgangi í Bolungarvík, frammi til kynningar á afgreiðslutíma í skrifstofum Bolungarvíkurkaupstaðar, Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, á tímabilinu frá **3. febrúar til 31. mars 2006.**

Skriflegar athugasemdir við starfsleyfistillöguna skulu hafa borist Umhverfisstofnun fyrir **31. mars 2006.** Einnig má nálgast starfsleyfistillöguna á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://www.ust.is/

Umhverfisstofnun,
Suðurlandsbraut 24,
108 Reykjavík.

## Dægurlagakeppni á Króknum 2006

***Keppnin verður haldin í Sæluviku í byrjun maí n.k. Skilafrestur á lögum í keppnina er til 20. febrúar n.k.***

Senda þarf inn upptöku af laginu (demo eða fullklárað á cd eða kassettu) og texta hvort tveggja merkt með dulnefni. Raunveruleg nöfn höfunda þurfa að fylgja í lokuðu umslagi merktu dulnefninu. Þátttökugjald 2.000.- fylgi hverju lagi

**Merkist: Dægurlagakeppni á Króknum**
**Pósthólf 90, 550 Sauðárkrókur**

Nánari upplýsingar
í síma 867 8206, Ellert

EYKT
ÞEKKINGARFYRIRTÆKI Í BYGGINGARIÐNAÐI

Höfðatorg – Reykjavík

## Kranamenn

Við leitum eftir metnaðarfullum einstaklingum við byggingu einnar stærstu einkaframkvæmdar í sögu Reykjavíkur.

Gert er ráð fyrir að verkefnið taki u.þ.b. sex ár.
Um framtíðarstarf er að ræða

Upplýsingar á skrifstofu Eyktar Lynghálsi 4, sími 595-4400

Verkefnisstjóri: Sigurjón gsm 822-4405
Verkstjóri: Baldvin gsm 822-44-31

## Bílstjórar

háfell

**Vegna mikilla verkefna framundan óskum við eftir að ráða Búkollu bílstjóra til starfa.**

Umsóknareyðublöð eru á heimasíðu fyrirtækisins www.hafell.is.

**Frekari uppl. eru veittar á skrifstofu Háfells ehf í síma 587-2300.**

salt
LOUNGE BAR & RESTAURANT

Veitingastaðurinn býður uppá einstaklega fjölbreyttan matseðil með alþjóðlegu yfirbragði og einungis fyrsta flokks hráefni. Á barnum er boðið uppá úrval spennandi smárétta ásamt drykkjum í afslöppuðu og þægilegu umhverfi.

**Við leitum að:**

- **Morgunþjónum (Breakfast waiter)**

**Vinnu tími 6.00 - 13.30 helgar. Reynsla æskileg.**

Vinsamlegast hafið samband fyrir 08 .02. 2006.

**Sigurlaug Lydia Geirsdóttir, veitingastjóri**
Lydia.Geirsdóttir@Radissonsas.com
Gsm: 822 9037

Radisson SAS 1919 Hotel
Pósthússtræti 2, 101 Reykjavik
Sími: 599 1000
Fax: 599 1001

**1919.reykjavik.radissonsas.com**

TIL SÖLU

## SAUÐÁRKRÓKSBAKARÍ TIL SÖLU

**Fyrirtæki í góðum rekstri.**
**Upplýsingar í síma**
**892-5838 & 453-5838.**

## ÞORLÁKSGEISLI 1-3 – GRAFARHOLTI – STYTTIST Í AFHENDINGU





3ja og 4ra herbergja íbúðir í sextán íbúða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru frá 101 fm til 140 fm. Öllum íbúðunum fylgir stæði í bílageymslu. Íbúðirnar skilast fullbúnar án gólfefna en baðherbergi og þvottahúsgólf verða flísalögð. Innréttingar og skápar frá HTH. Í eldhúsi er keramik helluborð og blásturofn frá AEG. Veggháfur frá Airforce með viftu. Íbúðirnar verða afhentar í mars 2006. **Verð frá 24.500.000,-**

***Teikningar, verð og nánari lýsing á: www.lyngvik.is***

**Pantið skoðunartíma hjá sölumönnum**

Daníel S: 588-9499 / 897-2593
Steinar S: 588-9496 / 898-5254
Þorsteinn S: 588-9497 / 820-3466

LYNGVÍK
FASTEIGNASALA
**Síðumúla 33 - Sími 588 9490**

# Viðskiptahúsið

tm

## OPIÐ HÚS
Skúlagötu 17
Laugardag og sunnudag
4. og 5. febrúar frá kl. 12-18.

Kynnum nýjar eignir frá TM TORREBLANCA sem er markaðsleiðandi fyrirtæki í byggingu og sölu fasteigna við Miðjarðarhafströnd Spánar og jafnframt með 35 ára reynslu á sínu sviði.

- Gæðaeignir við Miðjarðarhafið.
- Fullbúnar húsgögnum, tækjum og öllu því sem til þarf.
- Glæsileg sameiginleg aðstaða á hverju svæði.
- Einstaklega góðar staðsetningar.
- Þjónustuskrifstofa á hverju svæði.
- Nýjar eignir beint frá byggingaraðilanum.
- 10 ára ábyrgð byggingaraðilans á húseigninni.

**97% fjármögnun á íbúðum sem tilbúnar eru til afhendingar.**
**5% afsláttur af 50 völdum eignum til 20. febrúar**

URBANIZATION
**Alteanatura**



**Rómantískur staður við rætur Alteafjalls, nálægt Altea, Calpe og Benidorm. 5 km eru niður á strendur Altea og stutt er í 9 holu golfvöllinn Don Cayo. Glæsilegar íbúðir, "penthouse-íbúðir" og sérhæðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum.**

URBANIZATION
**Terramar**



**Skemmtilegar íbúðir við sjávarsíðuna með mögnuðu útsýni yfir Miðjarðarhafið. Stutt er til Villajoyosa og Benidorm. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum auk íbúða á efstu hæð með 2 eða 3 svefnherbergjum og þaksvölum.**

URBANIZATION
**Arenalesplaya**



**Íbúðir við strönd Arenales del Sol, 10 km fyrir utan borgirnar Alicante og Elche og bæinn Santa Pola. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum rúmgóðum svölum eða garði.**

URBANIZATION
**Dayasol**



**Dayasol er staðsett í Daya Veja, litlu og friðsælu sveitaþorpi í héraði Alicante. Stutt er til Guardamar, Almordí og Elche. Rúmgóðar sérhæðir og raðhús með 2 eða 3 svefnherbergjum ásamt garði og/eða þaksvölum.**

URBANIZATION
**Zeniamar**



**Skemmtilegar íbúðir við sjávarsíðuna með mögnuðu útsýni yfir Miðjarðarhafið. Stutt er til Villajoyosa og Benidorm. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum auk íbúða á efstu hæð með 2 eða 3 svefnherbergjum og þaksvölum.**

URBANIZATION
**Lagunagolf**
Playas de Orihuela



**Tilvalinn staður fyrir golfunnendur, staðsett í Orihuela Costa, nokkra kílómetra frá Torrevieja. Stutt er á þrjá glæsilega 18 holu golfvelli, Las Ramplas, Villamartín og Campoamor. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum, auk íbúða ásamt garði eða þaksvölum.**

URBANIZATION
**Riomar**



**Einstaklega falleg og gróðursæl smá-íbúðabyggð við Mil Palmeras ströndina, stutt frá Pilar de la Horadada, Torrevieja og Campoamor. Glæsilegar íbúðir, sérhæðir og raðhús, auk lúxus íbúða sem staðsettar eru alveg við ströndina. 1, 2 eða 3 svefnherbergi.**

URBANIZATION
**Puertomar**



**Kjörinn staður fyrir þá sem dreymir um að eignast íbúð við sjávarsíðuna. Staðsett á náttúruparadísinni La Manga Del Mar Menor, stutt frá San Javier og Cartagena. Íbúðir með 1, 2 eða 3 svefnherbergjum auk glæsilegra "penthouse-íbúða" með þaksvölum.**

**Viðskiptahúsið**

Skúlagata 17 101 Reykjavík sími : 566 88 00 e-mail : vidskiptahusid@vidskiptahusid.is www.vidskiptahusid.is

**UMRÆÐAN**
STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS



ÁSGEIR H. INGÓLFSSON

*Merkilegt er að í greininni eru engin dæmi nefnd um frammistöðu formannsins, eingöngu einhver óljós tilfinning um að stúdentaráð hafi verið óvirkara en áður. Ef þetta er rangt þá segir það okkur allt um rökþrot Vöku í kosningabaráttunni.*

# Söknuður eftir tilgangslausu stríði

Í vetur hefur ekki verið starfandi meirihluti í stúdentaráði Háskóla Íslands. Þess í stað hafa fylkingarnar þrjár, sem eiga mann í ráðinu, þurft að vinna saman að hagsmunum stúdenta og heiðurinn er ekki einnar fylkingar og ekki mistökin heldur. Þannig geta kraftar allra stúdentaráðsliða nýst til fulls.

Vissulega er þetta ný staða og eðlilegt að rótgrónar fylkingar séu einhvern tíma að átta sig á stöðunni og læra að vinna saman. Þetta skýrir væntanlega viðbrögð Vökuliðanna Árna Helgasonar og Ingu Hrefnu Sveinbjarnardóttur í grein í Fréttablaðinu þann 28. janúar. Þar kalla þau Elías Jón Guðjónsson, formann stúdentaráðs, friðarhöfðingja. Þetta þykir mér falleg nafngift og verðskulduð. En það merkilega er þó að téðum Vökuliðum virðist vera meinilla við friðinn og líta á nafngiftina sem uppnefni en ekki hrós. Enda hefur Vaka líkt og Röskva vanist því að vera annað hvort í meirihluta sem hún hefur þurft að verja eða minnihluta þar sem hún berst gegn meirihlutanum. Þessi nýja staða þar sem fylkingarnar vinna allar saman að sameiginlegum hagsmunum stúdenta virðist hugnast Vökuliðum illa. Þeir sakna gamla stríðsins, enda hefur það á stundum virst forsenda fyrir tilvist fylkinganna frekar en að með flokkadráttum sé hagsmunum stúdenta best borgið. Rétt er að benda á að þó Elías Jón, fulltrúi Háskólalistans, sé formaður stúdentaráðs þá hefur listinn aðeins tvo fulltrúa af tuttugu. Vaka á átta.

Formaður stúdentaráðs er ekki alvaldur og á ekki að vera það ¿ fulltrúar Vöku í ráðinu hafa ýmsa möguleika til þess að berjast fyrir hagsmunum stúdenta og þó ég hafi staðið í þeirri meiningu að þeir hefðu gert það á síðasta starfsári SHÍ þá virðast Vökuliðar sjálfir á annarri skoðun. Það er virðingarvert að fólk gangist við því að það hafi ekki gert nógu mikið en um leið aumt að kenna alltaf öðrum um. Merkilegt er að í greininni eru engin dæmi nefnd um frammistöðu formannsins, eingöngu einhver óljós tilfinning um að stúdentaráð hafi verið óvirkara en áður. Ef þetta er rangt þá segir það okkur allt um rökþrot Vöku í kosningabaráttunni. En ef það er rétt ber Vaka, með fjórfalt fleiri fulltrúa í ráðinu en Háskólalistinn, enga ábyrgð þar á? Hvað hefur Árni Helgason verið að gera síðasta árið í ráðinu og af hverju þykir honum svona lítið til þeirrar vinnu sinnar koma? Að lokum: Hvað segir það um þá fylkingu sem þykir friðurinn vondur?

Fylkingu sem virðist svona sannfærð um að stúdentar séu ólíkt öðrum hópum líklegir til þess að standa sundraðir en falla sameinaðir? Þarf hagsmunabarátta stúdenta slíkar fylkingar eða kynni hún að vera betur sett ef menn eru kosnir í stúdentaráð óháð stjórnmálaskoðunum og flokkadráttum.

*Höfundur er MA-nemi í Blaða- og fréttamennsku.*

**RAGNHEIÐUR L. GUÐMUNDSDÓTTIR**
**FÉLAGSFRÆÐINGUR**
SKRIFAR UM VIRÐINGU

# *Horfum á lausnina*

Að verða gamall eða að verða öryrki er ekki eftirsóknarverð staða á Íslandi í dag. Öryggi þessara hópa er stórlega skert er varðar tekjuhliðina sem hefur áhrif á gæði þeirra lífs þegar kemur að framfærslu og því að eiga möguleika á að njóta þess sem lífið hefur upp á að bjóða. Að verða gamall eða öryrki og hverfa af vinnumarkaði hefur í för með sér mjög mikla tekjuskerðingu. Ef þetta fólk vildi nú reyna af veikum mætti að auka lítillega tekjur sínar með vinnu þá skerðast þau laun sem það fær, ýmist ellilífeyrir eða örorkulífeyrir. Þetta er til skammar fyrir þjóð sem vill svo gjarnan trúa því að hún búi við besta almannatryggingakerfi sem fyrirfinnst.

En við megum ekki einblína á vandamálið sem við vitum að er til staðar heldur eigum við að reyna að horfa á lausnina. Þegar börn og eða unglingar hefja störf á vinnumarkaði greiða þau 6% skatt af tekjum sínum, enda börn og eru að greiða til samfélagsins í samræmi við það. Ég tel að við starfslok, hvort heldur vegna aldurs eða örorku, þá ættu einstaklingarnir ekki að þurfa að greiða fulla skatta heldur 6% af tekjum sínum. Ef þessir einstaklingar hins vegar tækju sér hlutavinnu ættu þeir að greiða fulla skatta af þeim tekjum án þess að það hefði áhrif á þann lífeyri sem það fær. Hvað myndi ríkið tapa miklu á þessu? Ekki miklu, því við búum einnig við kerfi sem leggur skatt, misháan, á alla vöru og þjónustu og ef þessir einstaklingar hefðu meira á milli handanna þá myndu þeir einnig nýta meira ýmsa þjónustu og kaupa fleiri vörur og skila þannig stórum hluta til baka. Það mætti einnig einfalda almannatryggingakerfið þannig að með minni skattlagningu á þetta fólk þyrfti það ekki lengur að sækja sérstaklega um lækkun eða styrki vegna margs konar þjónustu, s.s. lækniheimsókna og lyfjakostnaðar. Að auki tel ég niðurlægjandi fyrir fólk í þessari stöðu að þurfa að ganga með betlistaf til þess að geta nýtt sér svo nauðsynlega þjónustu líkt og heilbrigðisþjónustu. Með þessu væri þessu fólki gert kleift að halda sjálfstæði sínu og virðingu, það þyrfti ekki að betla hjá hinum ýmsu stofnunum og félagasamtökum né heldur reiða sig á velvild ættingja og vina.

Að geta borið höfuðið hátt og séð sjálfum sér farborða hljóta að vera lágmarks mannréttindi og ef þeim er þetta ekki unnt þá hlýtur það að sama skapi að teljast mannréttindabrot. ■

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**
Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.


**Tilboð á útsölu**

**Allar útsöluvörur með a.m.k.**
**50% afslætti**
**og auk þess**
**2 fyrir 1**

Munið götumarkaðinn!

**Af allri útsöluvöru – greitt er fyrir dýrari vöruna**

| Fullt verð fyrsta flík | -50% | Fullt verð önnur flík | -50% | Fullt verð samtals | Þú BORGAR f. BÁÐAR flíkur | Þú SPARAR | Samtals afsláttur |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1.990 kr. | 995 kr. | 2.990 kr. | 1.495 kr. | 4.980 kr. | 1.495 kr. | 3.485 kr. | -70% |
| 2.990 kr. | 1.495 kr. | 2.990 kr. | 1.495 kr. | 5.980 kr. | 1.495 kr. | 4.485 kr. | -75% |
| 3.490 kr. | 1.745 kr. | 5.990 kr. | 2.995 kr. | 9.480 kr. | 2.995 kr. | 6.485 kr. | -68% |
| 4.490 kr. | 2.245 kr. | 6.990 kr. | 3.495 kr. | 11.480 kr | 3.495 kr. | 7.985 kr. | -70% |
| 5.490 kr. | 2.745 kr. | 8.990 kr. | 4.495 kr. | 14.480 kr | 4.495 kr. | 9.985 kr. | -69% |




DEBENHAMS
SMÁRALIND

# Hár kostnaður við rekstur bráðadeilda LHS

UMRÆÐAN
LANDSPÍTALI-HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



ÓLAFUR ÖRN ARNARSSON

*Fjármögnun á rekstri Landspítala þ.e. föst fjárlög er algerlega úrelt. Öll nágrannalönd okkar hafa breytt þessu í afkastatengd kerfi.*

Við Íslendingar eyddum árið 2003 10,5% af landsframleiðslu til heilbrigðisþjónustu. Landsframleiðsla hefur að sjálfsögðu aukist undanfarin ár. Við erum því í öðru sæti Evrópuþjóða OECD næstir á eftir Sviss.

Um þriðjungur þess sem fer til heilbrigðisþjónustu hér á landi fer til rekstrar Landspítala. Nýlega gerði Ríkisendurskoðun úttekt á rekstrinum og bar saman við rekstur stofnana í Bretlandi. Þessi úttekt er faglega séð mjög gölluð. Í fyrsta lagi er heilbrigðiskerfið þar viðurkennt eitt það lélegasta í Evrópu enda eyða Bretar ekki nema 7,7% af landsframleiðslu til þjónustunnar. Við viljum gera sömu kröfur til þjónustunnar og gerðar eru á Norðurlöndum. Það er því óskiljanlegt að Ríkisendurskoðun skuli ekki gera samanburð við spítala þar. Síðan ber Ríkisendurskoðun rekstur Landspítala sem heildar saman við stofnanir sem eru allt öðruvísi samansettar. Ríkisendurskoðun viðurkennir að geð- og öldrunarlækningar eru stærri þáttur í starfsemi Landspítala en samanburðarsjúkrahúsanna. Þær aðferðir sem Ríkisendurskoðun notar eru algerlega úreltar, aðrar þjóðir lögðu þær niður fyrir 20-30 árum.

Eina leiðin til að skoða málin er að bera saman samsvarandi starfsemi, þ.e. starfsemi líkamlegrar bráðaþjónustu við samskonar starfsemi erlendis, starfsemi geðdeildar sömuleiðis og svo framvegis. Mat á starfsemi líkamlegu bráðaþjónustunnar byggist víðast hvar á DRG-kerfinu og þar er komin löng reynsla í nágrannalöndum okkar. Ríkisendurskoðun leggur ákveðið til að við tökum upp þetta kerfi en gerir engar athugasemdir við að stjórnendur Landspítala telji kostnað við hverja einingu 350 þúsund krónur. Undirritaður telur að sú aðferð sem stjórnendur Landspítala nota við þennan útreikning sé röng. Ríkisendurskoðun hefur ekki skoðað þessa útreikninga nánar.

Samkvæmt upplýsingum fjármáladeildar Landspítala og ársreikningi 2004 er ekki annað að sjá en að kostnaður við líkamlegu bráðadeildirnar sé um 19 milljarðar króna. Á spítalanum er töluvert af hjúkrunarsjúklingum vegna mikils skorts á hjúkrunarplássum. En samkvæmt Ríkisendurskoðun kostar hjúkrunarsjúklingur á þessum deildum um 50 þúsund krónur á dag en um 15 þúsund krónur á hjúkrunardeild. Það er nauðsynlegt að draga kostnað við þessa sjúklinga frá því að DRG-kerfið gerir ráð fyrir að þeir flytjist úr því kerfi yfir á daggjöld eftir 10-11 daga legu. Ef um 30 sjúklingar liggja á þessum deildum að jafnaði yfir árið er sá kostnaður rúmar 500 milljónir króna og þarf því að draga hann frá áður en meðalverð á DRG-einingu er reiknað út. Fjöldi DRG-eininga á þessum deildum, þar með talin slysavarðstofan og göngudeildarsjúklingar, er enn samkvæmt upplýsingum fjármáladeildar 39.491. Það er því niðurstaðan að verð á DRG-einingu á líkamlegum bráðadeildum Landspítala er um 450 þúsund krónur þegar háskólastarfsemin er ekki dregin frá.

Í Noregi er stofnun sem heitir Sintef Helse. Hún skoðar rekstur spítala í Noregi samkvæmt reikningum þeirra og gerir grein fyrir því hvernig þeir reikna meðalverð á DRG-einingu. Undirritaður hefur farið eftir þeirri aðferð sem stofnunin notar við að reikna út kostnað á Landspítala.

Til samanburðar má geta þess að verð í Noregi, miðað við meðalgengi 2004, er um 330 þúsund krónur þegar sérstakt háskólaálag er tekið með. Hátt gengi íslensku krónunnar skekkir nokkuð myndina Landspítala í óhag. Verðið á hinum Norðurlöndunum er svipað. Það er því ljóst að rekstur Landspítala á líkamlegu bráðaþjónustunni er mjög dýr, sennilega í raun 30-40% dýrari en á spítölum annars staðar í Evrópu og er þá nokkurt tillit tekið til of hás gengis krónunnar.

Fjármögnun á rekstri Landspítala þ.e. föst fjárlög, er algerlega úreld. Öll nágrannalönd okkar hafa breytt þessu í afkastatengd kerfi. Sérfræðingar OECD sem skoðuðu sænska kerfið segja að þar sem fjármögnun hefur verið breytt á þennan hátt hafi framleiðni aukist um 10-15%. Norðmenn hafa tekið upp blandaða fjármögnun þar sem um helmingur er föst upphæð en hinn helmingurinn er afkastatengdur eftir DRG-kerfinu og eru mjög ánægðir með árangurinn.

Þá er alveg ljóst að skortur hér á hjúkrunarplássum hefur veruleg áhrif á rekstur Landspítala. Bent hefur verið á hve ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa farið illa með framkvæmdasjóð aldraðra. Kostnaður við 102 hjúkrunarsjúklinga á Landspítala gæti borgað fyrir 250-300 hjúkrunarsjúklinga á venjulegum hjúkrunardeildum. Vegna fyrirsjáanlegrar mikillar fjölgunar aldraðra þarf Alfreð kannski að gera ráð fyrir 100-150 hjúkrunarplássum í nýja húsinu!

Allir spítalar erlendis hafa lagt áherslu á að ein mikilvæg leið til að spara sé að nýta þá tæknibyltingu sem hefur orðið í ýmsum aðgerðum með því að sinna sjúklingum á dagdeild. Það er hægt að ganga töluvert lengra á þeirri braut í spítalaumhverfi en á stofum úti í bæ. Að eini kennsluspítali landsins sinni nánast engri slíkri þjónustu er ótrúlegt. Kennsluspítalar erlendis myndu missa viðurkenningu sem slík stofnun.

Er ekki nauðsynlegt fyrir ríkisstjórnina að fá sérfræðinga OECD til að koma, gera úttekt á kerfinu og koma með tillögur um nauðsynlegar breytingar? Hvað segir fjármálaráðherra?

*Höfundur er læknir.*

# Næstu skref í skólastarfi

UMRÆÐAN
SKÓLAMÁL



SIGRÚN ELSA SMÁRADÓTTIR

*Það er með ólíkindum að Kennarasambandið taki afstöðu gegn vilja þeirra kennara sem starfa við þennan skóla.*

Ég hef átt þess kost í átta ár að taka þátt í þeirri gífurlegu uppbyggingu sem hefur átt sér stað í leikskólum og grunnskólum borgarinnar, nú síðast í menntaráði en áður í forverum þess, leikskóla- og fræðsluráði. Árangurinn er ótrúlegur: Skólar hafa verið byggðir, byggt við nær alla eldri grunnskólana og skólarnir þar með einsetnir, mötuneyti og frístundaheimili sett á stofn við alla grunnskóla, skóladagurinn lengdur og skólaárið lengt. Menningarstarf í skólum blómstrar, aukið fjármagn er til sérkennslu og sérúrræða, vel heppnað átak í stærðfræðikennslu hefur skilað góðum árangri og fyrstu skrefin að einstaklingsmiðuðu námi hafa verið stigin. Margt af ofantöldu þykir orðið sjálfsagt, en ný úrlausnarefni bíða handan við hornið.

Það þarf að auka sveigjanleika í starfi grunnskólanna og gera kennarastarfið eftirsótt. Þar spila laun nokkurn þátt en einnig starfsandi og frelsi, en virkja þarf enn frekar frumkvæði og sköpunarkraft stéttarinnar. Ég tel að stórt skref í þessa veru hafi verið stigið í nýjum grunnskóla í Norðlingaholti. Kennarar þar hafa starfað eftir sérsamningi milli skólans og menntasviðs borgarinnar, sem byggir á sérstakri bókun í kjarasamningi grunnskólakennara, þar sem sveitarfélögum er heimilað að gera sérsamninga við kennara einstakra skóla. Samningurinn felur í sér 10 launaflokka hækkun allra kennara gegn því að ekki er greitt sérstaklega fyrir sérstök verk innan 8 klukkustunda vinnudags. Skólastjórinn er verkstjóri og yfirmaður kennara og annars starfsfólks skólans. Þetta eykur mjög á sveigjanleika í skólastarfinu þar sem skólastjórinn getur brugðist við óvæntum atvikum, veikindum eða öðrum uppákomum með því að færa til starfsfólk, líkt og gengur og gerist á öðrum vinnustöðum.

Flóknir kjarasamningar grunnskólakennara geta skapað þrúgandi andrúmsloft, minnkað sveigjanleika og fjölbreytni sem aftur hvetur til neikvæðni og lengri viðbragðstíma. Við slíkar aðstæður er hætt við að þungamiðja skólastarfsins færist frá menntun og uppeldi barna að starfsfólkinu sjálfu.

Eins undarlega og það hljómar þá hafa kennarar við Norðlingaskóla starfað af fúsum og frjálsum vilja eftir sérsamningnum frá upphafi skólaársins en ekki fengið greitt eftir honum. Samningurinn hefur verið til umfjöllunar hjá samstarfsnefnd Launanefndar sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands og hefur Kennarasambandið nú neitað að samþykkja samninginn. Borgin mun þó í byrjun febrúar greiða kennurum samkvæmt samningnum þrátt fyrir afstöðu Kennarasambandsins og gera upp við þá miðað við samninginn frá upphafi skólaárs.

Það er með ólíkindum að Kennarasambandið taki í þessu máli afstöðu gegn vilja þeirra kennara sem starfa við þennan skóla og þar með gegn framþróun í skólastarfi. Samkvæmt samningnum eru meðalmánaðarlaun kennara við skólann um það bil 300.000 kr. Með því skipulagi sem mótað hefur verið í Norðlingaskóla nýtist fjármagn borgarinnar betur en leiðir um leið til markvissara skólastarfs, auk þess sem starfsandinn og samheldnin er með besta móti.

Ég vil halda áfram að vinna að framþróun grunnskóla borgarinnar. Til þess þarf ég þinn stuðning þann 11.-12. febrúar.

*Höfundur er varaborgarfulltrúi og gefur kost á sér í 2.-4. sæti í prófkjöri Samfylkingarinnar.*




# Kópavogur taki forystu í skólamálum

UMRÆÐAN
MENNTAMÁL



HAFSTEINN KARLSSON

*Ég vil að í hverjum skóla fái sérhver nemandi að njóta sín og að nám hans byggist á styrkleikum hans og áhuga.*

Rekstur grunnskóla er eitt af mikilvægustu verkefnum sveitarfélaga. Sveitarstjórnarmenn verða að hafa bæði skilning, þekkingu og framtíðarsýn í skólamálum og ekki síður getu og áhuga til að þróa þau áfram í takt við nýja tíma. Væntingar og kröfur foreldra og samfélagsins til skólastarfs hafa aukist og á allra síðustu árum hafa hugmyndir um skólastarf gjörbreyst.

Grunnskólinn á að koma til móts við áhuga og þarfir allra nemenda, bæði stráka og stelpna. Þess vegna verður að draga úr bóknámsáherslum skólans og þeirri einhæfni sem um of hefur ráðið ríkjum í skólakerfinu og auka fjölbreytni í námsframboði og kennsluháttum. Það þýðir að list- og verkgreinar verður að efla, meiri áherslu þarf að leggja á verklega vinnu t.d. í raunvísindum og tæknimennt, og í móðurmálskennslu er brýnt að nemendur þjálfist fremur í að nota móðurmálið en að læra reglurnar um það. Auk þess eiga nemendur að fá meira val á öllum stigum grunnskólans. Alþjóðavæðing nútímans krefst þess einnig að tungumálakennsla hefjist mun fyrr en nú er eða strax við upphaf skólagöngu. Grunnskólar geta haft afgerandi áhrif á heilbrigt og hollt líferni barna og unglinga. Þrjár kennslustundir í íþróttum í viku eru mikilvægar en fullnægja ekki hreyfiþörf barna. Til viðbótar þarf gefa tíma til markvissrar hreyfingar og útikennslu af ýmsu tagi.

Hollar og góðar skólamáltíðir fyrir alla nemendur stórauka vellíðan þeirra og hafa mikilvæg áhrif á námsárangur. Í hverjum skóla á því að vera úrvals mötuneyti þar sem allir nemendur borða. Ég vil að Kópavogur taki forystu í skólamálum á landsvísu og að skólarnir þar verði eins og best gerist í Evrópu. Skólunum þarf að vera mögulegt að þróast markvisst í þá átt sem getið er um hér að ofan, t.d. með öflugum þróunarsjóði sem styðlar að og styrkir kraftmikið þróunarstarf í skólum.

Skólarnir þurfa aukið sjálfstæði í rekstri, í mannaráðningum og í faglegu tilliti. Ég vil að í hverjum skóla fái sérhver nemandi að njóta sín og að nám hans byggist á styrkleikum hans og áhuga. Hver einasti nemandi á að útskrifast úr grunnskólanum með trú á sjálfan sig og sterka sjálfsmynd.

*Höfundur gefur kost á sér í 2. sætið á lista Samfylkingarinnar í Kópavogi í prófkjörinu 4. febrúar.*



Hörður G. Ólafsson



Sveinn Rúnar Sigurðsson



Örlygur Smári



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson



Tómas Hermannsson



Hallgrímur Óskarsson



Roland Hartwell

# 2006 söngvakeppni sjónvarpsins

**Laugardaginn 4. febrúar kl. 20.10 verður þriðja undanúrslita-kvöldið af þremur. Þar komast næstu fjögur lög af átta áfram í aðalkeppnina sem haldin verður 18. febrúar.**

**Almenningur velur með símakosningu framlag Íslands til Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva sem haldin verður í Aþenu á Grikklandi.**

**Taktu þátt og tryggðu þínu lagi brautargengi með því að hringja/senda SMS í númerin hér fyrir neðan þegar tilkynnt verður að kosning sé hafin.**

| Símanúmer | Lag: | Höfundur: |
|---|---|---|
| 900 2001 | 100% | Hörður G. Ólafsson |
| 900 2002 | Útópía | Sveinn Rúnar Sigurðsson |
| 900 2003 | Á ég? | Örlygur Smári |
| 900 2004 | Til hamingju Ísland | Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson |
| 900 2005 | Meðan hjartað slær | Tómas Hermannsson |
| 900 2006 | Mig langar að hafa þig hér | Hallgrímur Óskarsson |
| 900 2007 | Það var lagið | Roland Hartwell |
| 900 2008 | Mynd af þér | Sveinn Rúnar Sigurðsson |

**Miðasala á midi.is og í verslunum Skífunnar**

- Eftir að símakosning er hafin gefast um 35 mínútur til þess að kjósa.
- Einungis þau atkvæði sem greidd eru innan tímarammans eru gild.
- Eitt atkvæði er gefið ef hringt er eða sent sms í viðkomandi símanúmer. Enginn texti þarf að fylgja sms skilaboðum.
- Ekki er hægt að hringja úr númerum sem lokuð eru fyrir hringingar í símatorg.
- Heimilt er kjósa fimm sinnum úr hverju símanúmeri en gjaldfært er fyrir öll símtöl.
- Hvert símtal kostar 99 krónur.

SJÓNVARPIÐ BaseCamp Síminn VISA actavis hagur í heilsu

**BUDDY HOLLY (1936-1959) LÉST ÞENNAN DAG.**



*„Ef einhver spyr þig hvers konar tónlist þú spilar segðu þá popp. Ekki segja rokk og ról því þá verður þér ekki hleypt inn á hótelið.“*

*Buddy Holly var bandarískur söngvari sem lést í flugslysi ásamt tónlistarmönnunum Ritchie Valens og Big Bopper.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST > 3. FEBRÚAR 1986

# Páfinn og Teresa fæða hina fátæku

Á þessum degi árið 1986 heimsótti Jóhannes Páll páfi II móður Teresu í athvarf hennar, fyrir veika og fátæka, í Kalkútta á Indlandi. Þegar páfi kom að tveggja hæða húsinu í hjarta fátækrahverfis borgarinnar steig móðir Teresa í bíl hans og kyssti hendur hans. Páfinn kyssti hana á ennið og að því loknu bauð móðir Teresa honum inn á heimilið sem hún stofnaði árið 1950 og var kallað Nirmal Hriday, eða hið helga hjarta.

Í heimsókninni, sem stóð í hálftíma, hjálpaði páfi nunnunum að fæða hina veiku og deyjandi.

Móðir Teresa, sem hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1979 og var álitin dýrðlingur, sagði að dagurinn hefði verið sá langbesti í lífi sínu. Móðir Teresa lést árið 1997, 87 ára að aldri. Í dag vinna um 4.500 nunnur hjá Boðberum kærleikans, sem móðir Teresa stofnaði.

Til marks um væntumþykju páfans ákvað hann að hefja undirbúning að því að taka Teresu í dýrðlingatölu aðeins tveimur árum eftir dauða hennar, en venjulega er beðið með slíkt í að minnsta kosti fimm ár. Móðir Teresa var því tekin í tölu dýrðlinga sex árum eftir dauða sinn, í október árið 2003 við hátíðlega athöfn í Vatikaninu.



**MÓÐIR TERESA OG JÓHANNES PÁLL PÁFI II.**

## MERKISATBURÐIR

**1944** Hótel Ísland, stærsta timburhús í Reykjavík, brennur. Einn maður ferst.

**1959** Tónlistarmennirnir Ritchie Valens, Buddy Holly og Big Bopper farast í flugslysi.

**1966** Sovéska ómannaða geimfarið Lunik 9 lendir á tunglinu.

**1975** Gunnar Þórðarson hlýtur listamannalaun, fyrstur popptónlistarmanna.

**1981** Síðasti torfbærinn í Reykjavík er rifinn.

**1994** Clinton Bandaríkjaforseti aflétti nítján ára viðskiptabanni af Víetnam.

**1989** Forseta Úrúgvæ, Alfredo Stroessner, er steypt af stóli.

---

†

*Ástkæri bróðir okkar,*

**Sigurður Hafsteinn Matthíasson**

frá Berghólum,Bergi, Reykjanesbæ,

andaðist 30. janúar. Jarðarförin auglýst síðar.

*Systkini hins látna.*

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, afi og langafi,*

**Kristján Stefánsson**

húsgagnasmiður, Víðilundi 24, Akureyri,

lést 28. janúar. Útför hans verður gerð frá Akureyrarkirkju mánudaginn 6. febrúar kl. 13.30.

**Guðrún Kristjánsdóttir** **Antonio Orpínell**
**Kristján Kristjánsson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Hanna Stefánsdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---

†

**Tilkynning**

*Þýska sendiráðið vill tilkynna eftirfarandi:*

**Herra Johannes Rau**

fyrrverandi forseti lýðveldisins Þýskalands, frá 1999 til 2004,

dó 27. janúar 2006.

Fólk getur komið í þýska sendiráðið, Laufásvegi 31, föstudaginn 3. febrúar frá kl. 9.00 til 12.00 og frá kl. 13.00 til 15.00 til að votta samúð sína.

---



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gréta Svanlaug Jónsdóttir**

Villingaholti í Flóa,

sem lést laugardaginn 28. janúar, verður jarðsungin frá Villingaholtskirkju laugardaginn 4. febrúar kl. 13.30.

**Börn, tengdabörn, ömmu- og langömmubörn.**

---

Tilkynningar má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.



**MYNDLISTARMAÐUR AÐ AÐALSTARFI** Ragnar er alltaf á milljón eins og sönnum Íslendingi sæmir og er með myndlistarsýningar út um allar trissur. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

RAGNAR KJARTANSSON SÖNGVARI TRABANT: ER ÞRÍTUGUR

# Gæðir sér á ostrum í París

„Ég ætla að vera í París,“ segir Ragnar Kjartansson, myndlistar- og tónlistarmaður, með frönskum hreim en hann heldur upp á þrítugsafmæli sitt í borg ástarinnar í dag. „Ég er að fara með Ásdísi minni og hljómsveitinni minni,“ segir Ragnar til útskýringar, en hann er einis og flestir vita söngvari hljómsveitarinnar Trabant. Hún á að spila á tónleikum í landi franskbrauðsins en nánari útlistangar á eðli tónleikanna gat Ragnar ekki tjáð sig um og trúði blaðamanni fyrir því að hann vissi í raun ekkert hvað hann væri að fara út í, hann vissi það eitt að hann ætti að spila.

Fyrir utan það að þenja raddböndin með Trabant hefur Ragnar það að aðalstarfi að vera myndlistarmaður. „Ég er bara alltaf á milljón eins og sönnum Íslendingi sæmir,“ segir Ragnar hlæjandi og segist vera með sýningar út um allar trissur. „Ég er bara að reyna að búa til almennilega myndlist,“ segir hann glettinn og inntur eftir skilgreiningunni á slíkri myndlist segir hann; „Það verður að vera eitthvað kikk í henni.“

Að undanförnu hefur Ragnar þó varið mestum tíma sínum í að undirbúa afmælis- og yfirlitssýningu vinar síns, Curvers Thoroddsen, sem hófst í gær í Nýlistasafninu. Þeir Birgir Örn hafa verið vinir lengi og eins og Ragnar segir hlæjandi, „keppinautar í mörg ár.“ Hann segir þó lítið mál að sameina vinskapinn og samkeppnina.

Áhugamál Ragnars liggja svo til öll á listasviðinu. Þó segist hann einnig hafa gaman af ævisögum og er um þessar mundir að kynna sér ævi og störf Hannesar Hafstein. Þá hefur hann einnig gaman af fötum þó svo hann vilji ekki skilgreina það sem áhugamál. „Ég eyði nú eiginlega engu í föt en finnst þau voða skemmtileg,“ segir hann glettinn.

Í tilefni dagsins segir Ragnar varla annað koma til greina en að hann gæði sér á lostætum ostrum í París.

## AFMÆLI



**Sigrún Júlíusdóttir,** prófessor í félagsráðgjöf, er 62 ára.



**Jón Karl Helgason** kvikmyndagerðarmaður er 51 árs.

**Simbi** (Sigmundur Sigurðsson) hárgreiðslumaður er 45 ára.



**Andrea Róbertsdóttir** er 31 árs.

## ANDLÁT

**Svava Evelyn Adolfsdóttir,** Austurvegi 5, Grindavík, andaðist á hjúkrunarheimilinu Víðihlíð, Grindavík, þriðjudaginn 31. janúar.

**Kolbrún Friðþjófsdóttir** kennari frá Litluhlíð á Barðaströnd lést á hjúkrunarheimilinu Eir í Grafarvogi 30. janúar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

## JARÐARFARIR

11.00 **Guðrún Oddsdóttir,** Espigerði 4, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

11.00 **Úlla Sigurðardóttir,** Fjölnisvegi 18, Reykjavík, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík.

13.00 **Erna Friðbjörg Einarsdóttir,** Vallargötu 34, Sandgerði, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

13.00 **Sigríður G. Stefánsdóttir,** Hringbraut 50, áður Álftamýri 42, Reykjavík, verður jarðsungin frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

13.30 **Friðrik Laugdal Guðbjartsson,** áður til heimilis á Eiðsvallagötu 7B, Akureyri, verður jarðsunginn frá Akureyrarkirkju.

14.00 **Jón Gíslason** frá Skálafelli í Suðursveit, verður jarðsunginn frá Kálfafellsstaðakirkju í Suðursveit, Austur-Skaftafellssýslu.

14.00 **Sveinbjörn Benediktsson,** fyrrverandi stöðvarstjóri Pósts og síma, Hraunprýði, Hellissandi, verður jarðsunginn frá Ingjaldshólskirkju, Hellissandi.

15.00 **Hjörtur Friðberg Jónsson,** Fornastekk 11, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Lilja Ólafsdóttir** frá Vík í Mýrdal, Vogatungu 99, áður Skjólbraut 11, Kópavogi, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju.

15.00 **Þórdís Nanna Nikulásdóttir,** verður jarðsungin frá Dómkirkjunni.


**TILBOÐ**

*Á LEGSTEINUM, FYLGIHLUTUM OG UPPSETNINGU*

**10-50% AFSLÁTTUR**

Yfir 40 ára reynsla
Sendum myndalista



Steinsmiðjan MOSAIK

Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík • sími 587 1960 • www.mosaik.is


**Afmæli**

*80 ára er í dag*



***Ingibjörg Jónasdóttir***

*frá Suðureyri við Súgandafjörð. Inga dvelur ásamt eiginmanni sínum Guðmundi A. Elíassyni á Hrafnistu í Hafnarfirði. Þau munu halda upp á daginn ásamt sínum nánustu á heimili dóttur sinnar og tengdasonar að Þrastarási 45 í Hafnarfirði.*


Febrúar
tilboð
FRÁBÆRT VERÐ!
Lion Gatari
Vörunúmer: 55035
Aðeins
99 kr.
FRÁBÆRT VERÐ!
Bréfabindi Akka A4
Plast bréfabindi 5cm og 7cm.
Vörunúmer: 0073214/3218
149,-
FRÁBÆRT VERÐ!
Aðeins
1 kr.
Hámark 12 stk. á mann!
uni
Pennar
Flottir creamy pennar.
Vörunúmer:920um100
Fjölnotatæki
HP Fjölnotatæki PSC 1510,
prentari-skanni-fjölföldun.
Vörunúmer: okq5880b
Skjalataska
Sporty
Skjalataska með einu hólfi
og axlaról.
Vörunúmer:280594
995,-
Aðeins
8.490.-
• Prenthraði bls. á mín A4: Allt að 20 bls. í svörtu, 18 bls. í lit.
• Upplausn: 4800x1200 í lit, 1200dpi í lit
• Litatækni: PhotoRet IV með ljósmyndahylki
• Prentar á jaðar pappírs
• Tengi: USB 2.0 - PictBridge
• Mánaðarnotkun: 1000 bls.
• Pappír: 75-200gr (sjá PDF skjal)
• Innbakki: 100 bls.
Skanni:
• Skannatækni: Flatbed
• Upplausn: 1200x1200dpi
Fjölföldun:
• Hraði bls. á mín.: 20 í svörtu, 18 í lit
• Minnkun/stækkun: 50 til 400%
Afgreiðslutímar verslana!
Office 1 Smáralind
Virka daga frá 11-19,
laugardaga 11-18,
sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga frá 9-18,
laugardaga frá 11-16,
sunnudaga 13-17
Office 1 Akureyri og Ísafirði
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-16
Egilsstöðum
Virka daga frá 10-18,
laugardaga frá 11-14
Office 1 Superstore
Póstkröfusími: 550 4100 eða á pontun@office1.is
Verð geta lækkað án fyrirvara




## STUÐ MILLI STRÍÐA Mamma nammi

SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR DÁIST AÐ FYRSTU SKREFUNUM



Sonur minn tók sín fyrstu skref fyrir fáeinum dögum og nú er hann farinn að ganga. Allir foreldrar þekkja það eflaust hve gaman það er að fylgjast með fyrstu skrefum afkvæmisins en ég hefði ekki trúað því að óreyndu. Strákurinn er líka svo rogginn með sig. Er aldeilis ánægður að geta gengið eins og herforingi. Hann hlær og skríkir þegar hann gengur um íbúðina, enda ný sýn á lífið að geta horft á umhverfi sitt svona uppréttur í stað þess að skríða alltaf á gólfinu.

Og við foreldrarnir horfum á hann með aðdáun. Sitjum inni í stofu og horfum á hann spóka sig. Svo dáumst við líka auðvitað að orðaforðanum. Hann segir nammi hátt og snjallt, enda mikill matmaður. Kallar allan mat nammi enda þykir honum matur yfirleitt mjög góður. Mamma kann hann líka að segja – en ég á það nafn ekki ein enn sem komið er. Pabbinn og ýmsir ættingjar njóta líka góðs af því heiti. Svo segir hann brrr fyrir bíla. Hann hefur verið mikill bílaáhugamaður um langt skeið, þó að hann sé einungis rétt rúmlega eins árs. Boltar og fjarstýringar eru líka ofarlega á vinsældarlistanum en bangsar og tuskudýr hafa verið lítils metin til þessa.

Ég hef oft hugsað, þegar ég fylgist með litla kútnum, að gaman væri að geta séð heiminn með hans augum. Einfaldir hlutir eru svo spennandi, eins og að kveikja og slökkva á sjónvarpinu og tæta úr bókahillunni svo fátt eitt sé talið. Svo er svo gaman að vera til, svo stutt í brosið og hláturinn. Mér finnst ég vera afar heppin að eiga þennan dreng og er örugglega ekki eina foreldrið sem hugsar þannig um afkvæmi sitt. Og það stendur upp á okkur foreldrana að hlúa að þessum krílum. Litlu börnin eru fjársjóðurinn okkar hér á landi og ef við búum þeim ekki gott og frjótt samfélag til að lifa og hrærast í þegar þau vaxa úr grasi þá megum við skammast okkar. Tækifærin til að búa til fyrirmyndarsamfélag eru svo sannarlega til staðar hér á landi. ■

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Overli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Pú og pa

Eftir SÖB




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Kirkman/Scott







## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

**Lausn á gátu gærdagsins**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 6 | 7 | 2 | 3 | 4 | 5 | 8 |
| 4 | 8 | 7 | 5 | 9 | 1 | 2 | 3 | 6 |
| 2 | 5 | 3 | 4 | 8 | 6 | 7 | 9 | 1 |
| 6 | 3 | 5 | 8 | 4 | 9 | 1 | 7 | 2 |
| 8 | 2 | 9 | 6 | 1 | 7 | 3 | 4 | 5 |
| 7 | 4 | 1 | 3 | 5 | 2 | 6 | 8 | 9 |
| 1 | 9 | 8 | 2 | 7 | 4 | 5 | 6 | 3 |
| 5 | 6 | 4 | 1 | 3 | 8 | 9 | 2 | 7 |
| 3 | 7 | 2 | 9 | 6 | 5 | 8 | 1 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 4 | | | 9 | | | | |
| 2 | | | | | | | 3 | 6 |
| | 6 | | 3 | 1 | | 9 | | |
| | | | 8 | 4 | | | 9 | |
| | | 5 | | | | 4 | | |
| | 8 | | | 6 | 9 | | | |
| | | 2 | | 8 | 6 | | 5 | |
| 8 | 5 | | | | | | | 1 |
| | | | | 2 | | | 6 | 9 |



# Gervais og Stiller leika saman

Tveir af fyndnustu gamanleikurum samtímans, Ricky Gervais úr The Office og Ben Stiller, hafa tekið að sér aðalhlutverkin í kvikmyndinni Night at the Museum.

Myndin fjallar um næturvörð á náttúrugripasafni, sem er leikinn af Ben Stiller, sem kemst að því að hann getur vakið upp mörg hinna útdauðu sýningardýra. Gervais mun leika safnvörðinn sem er ansi tæpur á tauginni.

Leikararnir Robin Williams, Dick Van Dyke og Bill Cobbs munu einnig leika í myndinni. Leikstjóri myndarinnar er Shawn Levy sem hefur áður sent frá sér Big Fat Liar og Cheaper by the Dozen.

„Ben lék í þættinum hans, Extra, og Ricky ákvað að endurgjalda honum greiðann með því að leika þennan stressaða safnvörð," sagði Levy. Stefnt er að frumsýningu myndarinnar undir lok ársins. ■



**RICKY GERVAIS** Höfundur The Office ætlar að leika í Hollywood-mynd á næstunni.

# Bjartasta vonin

Hljómsveitin Volbeeat, sem var valin bjartasta vonin hjá samtökum danskra tónlistargagnrýnenda, mun koma fram á Hróarskelduhátíðinni næsta sumar. Tónlist sveitarinnar hefur verið lýst sem blöndu af Metallica og Elvis Presley og nefnist fyrsta plata hennar, The Strength/The Sound/The Songs.

Á meðal fleiri sveita sem hafa bókað sig á Hróarskeldu eru Franz Ferdinand, Tool og rapparinn Kanye West. ■



**VOLBEAT** Rokksveitin danska kemur fram á Hróarskeldu næsta sumar.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kylie Minogue er á batavegi eftir lyfjameðferð að sögn systur hennar Dannii en eins og flestir vita var Kylie greind með brjóstakrabbamein í maí í fyrra. „Bestu fréttirnar til að byrja árið eru þær að systir mín er á batavegi. Síðasta ár var erfitt fyrir marga. Ég er bara ánægð hversu náin fjölskyldan er og hve mikinn stuðning við höfum gefið hvert öðru," sagði Dannii.



Skrípakellingin Jordan hyggst selja gömlu brjóstin sín á eBay. Hún hyggst minnka brjóstin sín sem nú eru í stærð 32FF og setja silíkonpúðana til sölu á netinu. „Ég er búin að vera með brjóstin mín í átta ár núna og langar að láta minnka þau. Það er því kominn tími á nýtt par og ég ætla að selja þetta á eBay," sagði hún.

Steve Martin segir aðdáendur sína aldrei munu sjá mistökin hans í kvikmyndum. „Ég þoli ekki allt þetta „Making of.." sem er gert fyrir sjónvarp. Stundum þarf ég sjö til fimmtán tökur til að ná atriðinu rétt en mér finnst ekki sniðugt að einhver gaur setji mistökin í sjónvarp eða á DVD-disk. Það finnst mér vera að leyfa öðrum að sjá leyndarmálin þín. Það má ekki leyfa áhorfendum að sjá hvernig þetta er gert," sagði hann.



Rokkarinn Dave Grohl er hræddur um að við það að flytja sig frá því að vera trommari í að vera söngvari hljómsveitar hafi hann misst virðingu annarra trommara. Grohl, sem byrjaði rokkaraferil sinn sem trommari í Nirvana, líður nú eins og utangarðsmanni þegar hann er innan um aðra trommara. „Það er eins og þeim finnist ég ekki einn af þeim vegna þess að ég syng með Foo Fighters," sagði Grohl fúll.



Yfir 150.000 gestir daglega
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



**Kl. 12.00**
*Hádegisdiskótek **Curvers** og **Ingibjörgu Magnadóttur** verður endurvakið í Nýlistasafninu núna í hádeginu á sýningu Curvers Thoroddsen.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Píanóprófessor fræðir

Nelita True er píanóleikari, eftirsóttur fyrirlesari og píanóprófessor í Bandaríkjunum. Svo skemmtilega vill til að hún er af íslenskum ættum, móðurfólkið allt úr Skagafirði. Hún heldur núna um helgina bæði námskeið og tónleika í tónleikaröðinni Tíbrá í Salnum í Kópavogi.

Í tilefni af afmælisári Mozarts ætlar hún að spila verk eftir afmælisbarnið og spjalla um það á tónleikunum, sem verða á laugardaginn klukkan 16. Á þessum tónleikum ætlar hún einnig að spila verk eftir Fauré og fjalla um hann.

Á morgun milli klukkan 10 og 14 verður hún með námskeið og fyrirlestur og er áheyrn öllum heimil gegn vægu gjaldi. Frítt er fyrir alla nemendur og eru þeir eindregið hvattir til að mæta.

Fyrirlesturinn er tvískiptur og hefst á umfjöllun sem ber heitið „A New Look at Old Favorites“, þar sem eftirtalin verk eru til umræðu: Mozart, Fantasía í d-moll; Bach, Tveggja parta invention í H-moll; Chopin, Nokt-úrna í E-moll, og Debussy, Arabeska nr. 1“. Kennarar og aðrir áheyrendur eru hvattir til að hafa meðferðis nótur af verkunum. Síðara umfjöllunarefnið nefnist „Freeing Students' Technique“.



### > Ekki missa af ...

... „hreingjörningi“ Önnu Richardsdtóttur, sem á morgun klukkan 15 stendur fyrir sýningunni „Alheimshreingjörningur í 10 ár“ í Ketilhúsinu á Akureyri.

... Megasukki, þar sem Megas og Súkkat leggja saman í púkk. Þeir koma fram á Búðum á Snæfellsnesi annað kvöld, en þar hófst samstarf þeirra fyrir tólf árum.

... Myrkum músíkdögum, sem hefjast með opnunartónleikum á morgun bæði á Akureyri og í Reykjavík. Hátíðin stendur í rúma viku með tónleikum upp á hvern dag.

# Bush skammaður á Bessastöðum

Jón Kalman Stefánsson fór að fordæmi leikskáldsins Harolds Pinter þegar hann tók við Íslensku bókmenntaverðlaununum á Bessastöðum í gær og gagnrýndi George W. Bush, forseta Bandaríkjanna, og ríkisstjórn hans fyrir mannfjandsamlega stefnu í hinum ýmsu málum.

Pinter gerði slíkt hið sama þegar hann tók við Nóbelsverðlaununum á dögunum. Ræða Jóns var ekki síður kjarnyrt en hann sagði að við gætum ekki leyft okkur að loka augunum fyrir ýmsum hættumerkjum og yrðum að breyta hegðun okkar og viðhorfum ef ekki ætti illa að fara.

Jón sagði að tilveran gæti verið bráðskemmtileg og það gæti verið gott að sitja úti í garðinum sínum og drekka bjór en við mættum ekki gleyma því að við erum ekki ein í heiminum og verðum alltaf að taka tillit til annarra.

Jón benti á að vísindamenn út um allan heim flyttu okkur þann boðskap að við séum að eyðileggja jörðina, raska lífríkinu, færa lönd í kaf og breyta stórum landsvæðum í eyðimerkur. „Þetta eru þungar ásakanir en samt látum við eins og allt sé í lagi eftir að við hættum að horfa á fréttirnar og snúum okkur að bandarískum spennumyndum þar sem hetjan bjargar heiminum á elleftu stundu.“ Jón rifjaði í þessu sambandi upp söguna af manninum sem bjó á þriðju hæð í blokk í Vesturbænum og tæmdi ryksugupokann sinn og öskubakkann út um gluggan hjá sér þannig að gumsið sáldraðist yfir svalir nágrannana. Hann spurði svo í framhaldinu hvort ekki mætti segja að George Bush og hans fólk stæði á sínum svölum og tæmdi úr öskubökkum sínum yfir heimsbyggðina. Hann renndi stoðum undir spurninguna með því að minna á að Bandaríkjamenn, þessi mikla þjóð, neitaði að hlusta á rök vísindamanna í umhverfismálum og flygi auk þess með fólk á milli landa til þess að pynta það. „Það er ekki mikið sem við getum gert til að breyta stefnu stórveldis en það er alltaf eitthvað,“ sagði Jón og nefndi sem dæmi að við gætum sýnt sjálfstæðan vilja og mótmælt framferði Bandaríkjamanna í ræðu og riti.



**JÓN KALMAN STEFÁNSSON** Var beinskeyttur í þakkarræðu sinni þegar hann tók við Íslensku bókmenntaverðlaununum.



**SILJA AÐALSTEINSDÓTTIR, KRISTÍN G. GUÐNADÓTTIR, JÓN KALMAN STEFÁNSON OG ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Verðlaunahafarnir tóku við verðlaununum og hamingjuóskum forsetans á Bessastöðum í gær. Verðlaunaféð nemur 750 þúsund krónum en verðlaunagripirnir eru hannaðir af Jóni Snorra Sigurðssyni. MYND/HEIÐA

# Verðlaunin gera lífið skemmtilegra

**Jón Kalman Stefánsson hlaut í gær Íslensku bókmenntaverðlaunin í flokki fagurbókmennta fyrir skáldsögu sína Sumarljós, og svo kemur nóttin en hið tröllvaxna stórvirki Kjarval eftir Kristínu G. Guðnadóttur, Gylfa Gíslason, Arthur C. Danto, Matthías Johannessen, Silju Aðalsteinsdóttur og Eirík Þorláksson fékk verðlaunin í flokki fræðirita og bóka almenns efnis.**

Jón Kalman var að vonum ánægður þegar hann hampaði verðlaunum sem forseti Íslands afhenti við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. „Þetta er hvatning sem gerir lífð skemmtilegt og svo fara kannski fleiri að lesa verk manns,“ sagði Jón og lét þess jafnframt getið að verðlaunin breyttu engu fyrir ritstörf sín enda væri honum jafn eðlilegt að skrifa og draga andann. „Svo fær maður auðvitað peninga og það er alltaf hægt að nota þá, kaupa bækur og eitthvað handa krökkunum.“

Íslensku bókmenntaverðlaunin, sem voru afhent í sautjánda sinn í gær, hafa löngum verið umdeild en Jón segir átökin um þau ekki skyggja á gleði sína. „Það er gott að það sé tekist á um þau vegna þess að þá hugsum við hlutina upp á nýtt og sjáum gallana. Verðlaun skapa og eiga að skapa umræðu. Ekki bara um tiltekin verk heldur bókmenntir almennt.“

Kristín G. Guðnadóttir og Silja Aðalsteinsdóttir tóku við verðlaunum fyrir bókina um Jóhannes Kjarval listmálara fyrir hönd höfundanna sex. Silja sagðist telja verðlaunin staðfesta það að þeim hefði tekist það ætlunarverk sitt að draga upp skýra mynd af Kjarval og varpa um leið á hann nýju ljósi.

„Mitt verkefni var svolítið óljóst í fyrstu og það var svolítið eins og það væri ætlast til að ég tæki viðtal við Kjarval en það var auðvitað svolítið erfitt,“ sagði Silja eftir að hún tók við verðlaununum. „Við vildum fá mynd af manninum Kjarval eins og hann kom samtímamönnum sínum fyrir sjónir og ég fór þá leið að tala við fjölda manns sem höfðu þekkt hann og svo las ég í öðrum bókum það sem samtímamenn hans höfðu skrifað um hann. Svo fékk ég að tala við fjölskyldu hans. Ég held að enginn sem hefur skrifað um Kjarval hafi til dæmis talað við hana Guðrúnu Kjarval, eiginkonu Sveins [sonar Kjarvals], og þegar ég var búin að tala við hana vissi ég að þetta yrði í lagi og það kæmi fram fyllri og allt öðruvísi mynd af þessum manni. Þegar ég var að alast up var bara talað um skrítna kallinn hann Kjarval. Hann var svo miklu, miklu meira og ég held að skrítni kallinn muni gleymast á næstu áratugum en listamaðurinn muni fara vaxandi.“

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sagði í ávarpi sínu að bóka, blaða- og tímaritaútgáfa á Íslandi hefði aldrei verið blómlegri og sjálfsagt hefðu aldrei, í sögu þjóðarinnar, jafn margir lesið jafn mikið og um þessar mundir. Hann sagði jafnframt að það væri jákvætt að verðlaunin væru umdeild. Það sýndi lífsmark og fjölbreytileika bókamarkaðarins sem væri óneitanlega fábrotinn ef allir gætu sammælst um fimm tilnefnd verk í hvorum flokki.“

Snæbjörn Arngrímsson, formaður Félags íslenskra bókaútgefanda, hélt einnig stutta tölu áður en verðlaunin voru afhent og sagði að afhending verðlaunanna væri ætíð mikil hátíðarstund fyrir bókaútgefendur og það væri gott að koma saman á Bessastöðum og fagna í febrúar þegar vopnaglamur jólabókaflóðsins væri hljóðnað. Þá notaði hann tækifærið til þess að hvetja stjórnvöld til þess að styrkja Menningarsjóð sem stæði á brauðfótum en væri þó undirstaða blómlegrar útgáfu fræðirita.“ thorarinn@frettabladid.is




Kíktu í kaffi
á morgun milli kl. 11 og 13

Það verður heitt á könnunni hjá mér og veitingar með milli ellefu og eitt **á morgun, laugardag, í kosningamiðstöðinni í Borgartúni 6**.
Komdu og spjallaðu yfir síðbúnum morgunverði eða mátulegu hádegissnarli.

Steinunn Valdís
*- með kjarkinn sem þarf*

# Hringekjur og rólur í Víðáttum Eyjólfs

Í dag opnar Eyjólfur Einarsson málverkasýningu í Gallerí Turpentine, sem er til húsa í Ingólfsstræti 5. Þar sýnir hann sex olíumálverk og sex vatnslitamyndir og nefnir sýninguna „Víðáttur“.

Eyjólfur segir að þessi sýning sé í beinu framhaldi af síðustu sýningu hans, sem haldin var á Kjarvalsstöðum árið 2003.

„Á þeirri sýningu notaði ég mikið landslag sem bakgrunn í öllum málverkunum. Ég notaði einnig ýmsa dularfulla hluti sem birtast á sviðinu, meðal annars hringekjur sem eru kannski tákn um tímann og veröldina. Svo er viss nostalgía í þessu líka, hún vekur upp vissar tilfinningar,“ segir listamaðurinn, sem hefur starfað sem listmálari í fjörutíu ár.

„Ég er enn á sömu slóðum, má segja, og nota hringekjurnar áfram í þessari sýningu. Þær eru í ýmiss konar hlutverki, en það er kannski svolítið erfitt að útskýra það í orðum.“

Þessa sýningu nefnir hann Víðáttur vegna þess að hringekjan birtist einmana uppi á öræfum Íslands þar sem ýmsir ókennilegir atburðir verða á vegi hennar.

„Ég hef hrifist svo af söndunum sunnanlands og það landslag birtist kannski í myndunum. Í nýjustu myndunum birtast síðan mannlausar rólur, en hvað þær eiga að tákna verður hver og einn að gera upp við sig.“



**EYJÓLFUR EINARSSON** Opnar sýninguna Víðáttur í Gallerí Turpentine. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Eyjólfur er menntaður frá Listaakademíunni í Kaupmannahöfn. Gallerí Turpentine er opið alla daga vikunnar, nema sunnudaga, frá 13 til 18. Sýning Eyjólfs stendur til 25. febrúar.









**YOKO ONO** Vill reisa friðarsúlu í Reykjavík.

# Yoko Ono á Vetrarhátíð

Yoko Ono er væntaleg til Reykjavíkur 25. febrúar á Vetrarhátíð til að ræða nánar tilhögun varðandi listaverk sem hún hefur gefið borginni, Friðarsúlu.

Um er að ræða 10-15 metra háa upplýsta glersúlu sem verður fyllt með óskum um frið sem fólk um allan heim hefur skrifað og bundið við óskatré, sem er listaverk sem Ono hefur sýnt víða. Friðaróskirnar koma alls staðar að en það verður bara ein súla í heiminum, þar sem fólk getur séð óskirnar samankomnar.

Árið 2004 bauð Yoko Ono Reykjavíkurborg að friðarsúla yrði reyst í Reykjavík. Ono tók ástfóstri við Ísland þegar hún kom hér til lands fyrir 14 árum og hélt sýningu á Kjarvalsstöðum.





GERÐUBERG



**Thor Vilhjálmsson**
Sýning á myndverkum Thors, sjónvarpsefni og öðru forvitnilegu frá löngum og glæsilegum höfundaferli Thors.
Sýningin stendur til 5. mars.

**Sigrún Björgvinsdóttir**
Sýningin „Ort í ull" í Boganum.
Verkin eru úr þæfðri ull og er myndefnið sótt í íslenska náttúru og eru í sérunnum römmum úr íslensku lerki.
Sýningin stendur til 19. mars.

Sýningarnar eru opnar virka daga 11-17, miðvikudaga 11-21 og um helgar 13-16.

**www.gerduberg.is**


## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FEBRÚAR**

31 1 2 **3** 4 5 6

### Föstudagur

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Helga Bryndís Magnúsdóttir** píanóleikari flytur Fantasíu ópus 17 eftir Robert Schumann á öðrum hádegistónleikum Tónlistarfélags Akureyrar á þessu ári undir yfirskriftinni „Litlar freistingar". Tónleikarnir eru haldnir á veitingahúsinu Karólínu á Akureyri í samvinnu við **Einar Geirsson** landsliðs-kokk, sem framreiðir létta rétti í stíl við tónlistina.

☐ 20.00 Söngvarinn og lagahöfundurinn **Siggi Ármann** heldur útgáfutónleika í Tjarnarbíói. Með Sigga leika strengjakvartettinn **Amina, Örnólfur Kristjánsson** á selló, **Davíð Þór Jónsson** á píanó, **Kjartan Sveinsson** á hljómborð, **Sigtryggur Baldursson** á slagverk og **Steingrímur Guðmundsson** á tabla.

☐ 20.00 **Tómas Magnússon** opnar myndlistarsýningu í Nakta apanum við Bankastræti og í tilefni af því verða haldnir tónleikar þar sem fram koma **Mastermind orchestra, Steve Sampling, Panoramix, Mongoose** og **Mr. Silla**.

☐ 20.00 Hljómsveitirnar **Kimono** og **I adapt** leika í Hellinum í Tónlistarþróunarmiðstöðinni, Hólmaslóð 2.

☐ 21.00 Á sýningu **Curvers Thoroddsen** í Nýlistasafninu flytja Curver og hljómsveitin **Kimono** spunaverk spilað í gegnum farsíma. Einnig kemur fram **Sometime**, ný hljómsveit Curvers ásamt **Danna** úr Maus, **Dj Dice** úr Quarashi og **Divu de la Rosa**.

### OPNANIR

☐ 17.00 **Ásgeir Lárusson** opnar sýningu í Gallerí Úlfi, Baldursgötu 11.

☐ **Eyjólfur Einarsson** opnar málverkasýningu í Gallerí Turpentine, Ingólfsstræti 5. Sýnir hann olíumálverk og vatnslitamyndir.

### SKEMMTANIR

☐ 12.00 Hádegisdiskótek **Curvers** og **Ingibjörgu Magnadóttur** verður endurvakið í Nýlistasafninu. Verið velkomin að dansa.

☐ 23.00 **Stuðbandalagið** frá Borganesi verður með dansleik á Kringlukránni.

☐ Hljómsveitin **Á móti sól** leikur fyrir dansi á skemmtistaðnum Players í Kópavogi.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

## NÝJAR BÆKUR



Orð í eyra, hljóðbókaútgáfa Blindrabókasafns Íslands, er þessa dagana að gefa út þrjár hljóðbækur. Þær eru **Kleifarvatn** eftir Arnald Indriðason í lestri Jóns Inga Hákonarsonar, **Fólkið í kjallaranum** eftir Auði Jónsdóttur í lestri Guðrúnar Evu Mínervudóttur og **Mátturinn í núinu** eftir Eckhart Tolle í þýðingu Vésteins Lúðvíkssonar og í lestri Sigurðar Skúlasonar.








**Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI**

*Siggi Ármann: Music for the Addicted, Kira Kira: Skotta, Artic Monkeys: Whatever People Say I Am, That´s What I´m Not og Tom Waits: Blood Money.*

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Fyrsta plata Steve Sampling

Steve Sampling, áður þekktur sem rapparinn Mezzías, gefur í dag út sína fyrstu plötu „The Dawn Is Your Enemy".

Platan hefur að geyma nítján hip hop lög ásamt öðrum stílum og stefnum. Eru þau öll ósungin utan eitt þar sem Mc illa leikinn, félagi Steve, sér um rappið.

Rapparinn Mezzías, aukasjálf Stefáns Ólafssonar, gat sér gott orð á sínum tíma í tveimur lögum á einu plötu Móra til þessa. Einnig átti hann tvö vinsæl lög á útvarpsstöðinni Muzik.is. Þegar Stefán ákvað síðan að færa sig úr rappinu yfir í hip hoppið ákvað hann að breyta um nafn.



„Eiginlega allt sem er á plötunni er efni sem ég er búinn að vinna síðasta ár. Elsta lagið er að detta í tveggja ára," segir Stefán. „Það eru komin hátt í tíu ár síðan maður byrjaði að búa til hip hop „beats" þannig að þetta hefur verið lengi á leiðinni."

Nýja platan er unnin af Stefáni sjálfum og kemur aðeins út í 200 eintökum. Verður hún seld í verslunum Brim og í Smekkleysu á Laugavegi.

Steve Sampling spilar á tvennum tónleikum í kvöld þar sem platan verður einnig til sölu. Fyrst verður hann í Nakta apanum þar sem einnig koma fram Panoramix, Hey Calypso, Mr. Silla, Mongoose og Reykjavík Swing Orchestra. Hefjast tónleikarnir klukkan 20.00. Eru þeir haldnir samhliða listasýningu Tomio, sem einnig hannaði umslagið á plötu Steve. Eftir það spilar hann á Kaffi hljómalind ásamt Mindtrap og fleiri gestum. Hefjast þeir tónleikar klukkan 23.00.

Framundan hjá Stefáni er síðan rappplata með Mc illa leiknum og bandarískum rappara. Hefjast upptökur á henni á næstu vikum eða mánuðum.

## > Plata vikunnar

**Artic Monkeys: Whatever People Say I Am, That´s What I´m Not**



*„Artic Monkeys er nýjasta gítarrokkæðið í Bretlandi. Þeir gulltryggja vaxandi vinsældir sínar með frumraun sem er eins og sérsniðin fyrir rokkaðdáendur í dag."* BÖS

## > Popptextinn



*„Every time you looked in the mirror you saw yourself as the ugly one. But all that I could see was just a beautiful face and something special, your inner beauty."*

**SIGGI ÁRMANN SAKNAR BESTA VINAR SÍNS Í HINU HUGLJÚFA ELEPHANT MAN AF PLÖTUNNI MUSIC FOR THE ADDICTED.**



**DIKTA** Rokksveitin Dikta er komin á topp X-listans með lagið Breaking the Waves.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## X-LISTINN

**TOPP TÍU LISTI X-INS 977**

| | |
|---|---|
| 1. | **DIKTA** BREAKING THE WAVES |
| 2. | **BLOC PARTY** HELICOPTER |
| 3. | **THE SUBWAYS** ROCK N´ROLL QUEEN |
| 4. | **DR. MISTER & MR. HANDSOME** KOKALOCA |
| 5. | **SHINEDOWN** SAVE ME |
| 6. | **CHILDREN OF BODOM** OOPS, I DID IT AGAIN |
| 7. | **BUFF** AMORES PERROS |
| 8. | **VAX** YOUR HAIR IS STUPID |
| 9. | **SYSTEM OF A DOWN** HYPNOTIZE |
| 10. | **MEW** SPECIAL |

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ




## [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

### Stórsveit Nix Noltes: Orkiedur Hawai

„Stórsveit Nix Noltes á mikla athygli og ennþá meiri tónleikaaðsókn skilda fyrir þessa hressandi tónlist sem hefur þann þó neikvæða fylgikvilla að henta ótrúlega illa til hlustunar í heyrnartólum." BG

### The Decemberists: Picaresque

„Það er ótrúlega upplífgandi að heyra að það séu enn til menn í heiminum sem eru virkilega að reyna að ýta laga- og textasmíðum á æðra plan. Í þeim efnum, fáið þið varla betra framlag en þriðju plötu The Decemberists." BÖS

### Stevie Wonder: A Time To Love

„Stevie Wonder rýfur 10 ára útgáfuþögn með plötu sem er því miður allt of væmin og löng til þess að hægt sé að njóta hennar almennilega. Sýnir þó að hann er ekki búinn að missa náðargáfu sína endanlega." BÖS

### Kononо N1: Congotronics

„Konono N1 er ólíkt öllu öðru sem þú hefur heyrt um ævina. Þetta er eldgömul sveit frá höfuðborg Kongó þar sem helsta undirstaðan eru þumlapíanó og ásækinn taktur." BÖS

### Animal Collective: Feels

„Á þriðju breiðskífu sinni hljóma Animal Collective meira dáleiðandi en áður. Tilraunamennskan er enn aðalsmerki og sveitin er síbreytilegri en kamelljón." BÖS

### The Strokes: First Impressions of Earth

„Þriðja breiðskífa The Strokes er ekkert sérstök. Hljómurinn örlítið of sterill fyrir svona skítuga sveit og lögin ekki eins sterk og áður." BÖS



**ÞRÍR GÓÐIR** Frá vinstri: Davíð Þór Jónsson, Siggi Ármann og Sigtryggur Baldursson. Þeir koma fram ásamt fleiri þekktum tónlistarmönnum á útgáfutónleikunum í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rólegur, melódískur og einlægur trúbador

**Söngvarinn og lagahöfundurinn Siggi Ármann mun halda útgáfutónleika í Tjarnarbíói í kvöld klukkan 20.00.**

Siggi mun leika og syngja lög af sinni annarri breiðskífu, „Music for the Addicted", sem kom út í haust og hefur fengið prýðilegar viðtökur. Með honum á tónleikunum verður einvala lið tónlistarmanna, sem jafnframt spilaði undir á plötunni. Strengjakvartettinn Amina verður Sigga til aðstoðar ásamt Örnólfi Kristjánssyni sellóleikara, Davíð Þór Jónssyni píanóleikara, Kjartani Sveinssyni hljómborðsleikara úr Sigur Rós, trommaranum Sigtryggi Baldurssyni og Steingrími Guðmundssyni á tabla.

Auk þeirra má geta þess að þekkt nöfn á borð við Jóhann Jóhannsson, sem hefur áður starfað með Sigga, og Orra Pál Dýrason, trommara Sigur Rósar, spiluðu einnig á plötunni.

„Þetta verður örugglega mjög fínt," segir Siggi Ármann um tónleikana í kvöld. „Ég ætla að spila lög af plötunni og kannski eitthvað glænýtt sem ég hef verið að semja eftir að platan kom út," segir hann.

Spurður lýsir Siggi plötunni sinni sem rólegri, melódískri og einlægri. Textarnir séu smásögur sem fjalli um hitt og þetta. Hann segist eiga erfitt með að lýsa muninum á þessari plötu og fyrstu plötu sinni, Mindscape.

„Ég tók ekkert meðvitaða stefnu um neinar breytingar. Þetta gerðist svona eðlilega." Viðurkennir hann jafnframt að tónlistin hafi hjálpað honum mikið að eiga við hin geðrænu veikindi sem hann hefur átt við að etja.

Þrátt fyrir að vera þegar byrjaður að semja ný lög á Siggi ekki von á því að gefa út aðra plötu fyrir næstu jól. Vill hann helst láta tvö ár líða á milli platnanna.

Sigtryggur Baldursson, fyrrum Sykurmoli, hefur verið viðloðandi feril Sigga frá upphafi og hljóðblandaði meðal annars og tók upp nýju plötuna hans. Einnig samdi hann með honum lagið My Own Messiah og spilaði á trommur í nokkrum lögum.

Sigtryggur heyrði fyrst í Sigga árið 1999 þegar hann fékk frá honum demóupptökur sem hann hafði búið til. Leist honum það vel á lögin að hann ákvað að fara með honum í hljóðver ári síðar. Platan Mindscape kom síðan úr 2001 og vakti töluverða athygli á Sigga, þar á meðal hjá meðlimum Sigur Rósar. Í kjölfarið fór hann í tónleikaferð með sveitinni um Bandaríkin sem heppnaðist vel.

Sigtryggur segir það mjög gaman að vinna með Sigga. „Hann er hæfileikaríkur lagahöfundur og mjög sérstakur. Hann hefur sinn eigin tón."

Aðgangseyrir á tónleikana í kvöld er 1000 krónur.

**freyr@frettabladid.is**

# Stipe og Martin syngja dúett

Michael Stipe, söngvari REM, og Chris Martin, söngvari Coldplay, hafa tekið upp lag saman sem verður gefið út til styrktar fórnarlömbum fellibyljarins Katrínu.

Lagið nefnist In the Sun og er eftir Joseph Arthur. Mun það fyrst hljóma í sjónvarpsþættinum Grey´s Anatomy á sunnudagskvöld í Bandaríkjunum. Daginn eftir verður lagið fáanlegt á iTunes. James Iah, fyrrum gítarleikari Smashing Pumpkins, stjórnaði upptökum á laginu ásamt Stipe.

„Fréttafárið er búið núna en ég vil ekki að fólk gleymi þeim sem lentu í Katrínu eða að fólk haldi að allt sé í góðu lagi núna," sagði Michael Stipe. „Þetta er einstakur staður, ekki bara í augum Bandaríkjamanna heldur alls heimsins. Ég varð að gera eitthvað í málunum sem Suðurríkjamaður. Ég varð að gera eitthvað sem opinber persóna. Það eina sem ég kann er að syngja og það er líklega besta leiðin til að ná athygli fólks."



**MICHAEL STIPE** Söngvari REM syngur dúett með Chris Martin í laginu In the Sun.

# Stórútsölu-markaður

## Hundruðir kvikmynda- og tónlistartitla á ótrúlegu verði!

## Allar VHS myndir á 499 kr., mikið úrval

499 kr






## Hundruðir DVD titla

899 kr






## Úrval af geisladiskum, verð frá

99 kr


1.999 kr
Verð áður 2.499,-
BJÖRGVIN HALLDÓRS - Ár og öld

*Sprengitilboð aðeins 5.-7. feb.

99 kr*
Verð áður 1.999,-
ÓSKAR PÉTURSSON - Þú átt mig ein

*Sprengitilboð aðeins 2.-4. feb.

99 kr*
Verð áður 1.999,-
MATTI - Ólýsanleg


1.299 kr
Verð áður 1.999,-
BERGSVEINN - September


1.299 kr
Verð áður 1.999,-
SÁLIN HANS JÓNS MÍNS - Undir þínum áhrifum


1.299 kr
Verð áður 1.999,-
EMILÍANA TORRINI-Fisherman's woman


1.299 kr
Verð áður 1.999,-
RAGNHEIÐUR GRÖNDAL - After the rain


999 kr
Verð áður 1.999,-
GUÐRÚN & FRIÐRIK - Ég skemmti mér


999 kr
Verð áður 1.999,-
BJARNI ARASON - Sving


999 kr
Verð áður 1.999,-
REGÍNA - Regína Ósk

Gildir til 7. febrúar eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is



**ÞRÍR ENGLAR** Lucy Liu, í miðjunni, ásamt Drew Barrymore og Cameron Diaz við frumsýningu myndarinnar Charlie´s Angels: Full Throttle. FRÉTTABLAÐIÐ / REUTERS

## Lucy Liu til Pakistans

Leikkonan Lucy Liu, sem m.a. hefur leikið í myndunum Charlie´s Angels og Kill Bill, heimsótti hamfarasvæðin í Pakistan á dögunum vegna jarðskjálftanna sem þar urðu 8. október í fyrra.

Liu var þar stödd í boði Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Ekki er langt síðan Brad Pitt og Angelina Jolie fóru til Pakistans í þriggja daga ferð í nóvember. Þá hitti Jolie, sem er góðgerðasendiherra Sameinuðu þjóðanna, m.a. forsetann Pervez Musharraf. Um 87 þúsund manns fórust í jarðskjálftanum mikla. ■

# Uppreisnarandi í Vetrargar

Það verður blómastemning í Idoli kvöldsins en þeir ellefu keppendur sem eftir eru þurfa að hverfa nokkur ár aftur í tímann og syngja lög frá hippatímabilinu. Það var Margrét sem féll út síðast þrátt fyrir góða frammistöðu. Þar með sannaðist hið fornkveðna að álit dómnefndar fer ekki alltaf saman við val þjóðarinnar.

Það er uppselt á Idolið í kvöld og þeir sem vilja tryggja sér miða í tíu manna úrslit ættu að hafa hraðar hendur því miðarnir eru víst rifnir út. Að venju eru það þeir Simmi og Jói sem kynna en það má búast við einhverju fatasprelli frá þeim félögum eins og undanfarin ár. Dómnefndin er skipuð þeim Bubba Morthens, Sigríði Beinteinsdóttur, Páli Óskari og Einari Bárðarsyni sem jafnframt er formaður dómnefndar.

Hipparnir boðuðu ást, frið og hamingju en þeir komu fyrst fram á sjónarsviðið í San Fransisco um miðjan sjöunda áratuginn. „Þá var hún blómaborgin með Grateful Dead fremsta í flokki,“ útskýrir Andrea Jónsdóttir, dagskrárgerðarmaður á Rás 2. Hún segir að þessi hreyfing hafi verið í miklum blóma töluvert fram á áttunda áratuginn. „Frelsi andans setti mark sitt á það sem hipparnir reyndu að koma til leiðar í þjóðfélaginu sem og á tónlistina sem þeir spiluðu,“ heldur útvarpskonan áfram. „Þar var svo mikil sköpun í gangi á þessum tíma,“ bætir Andrea við.

Hipparnir í Bandaríkjunum voru kannski hvað frægastir fyrir að berjast gegn Víetnamstríðinu enda töldu þeir sig eiga ekkert sökótt við þessa þjóð í austri. Þessi hreyfing barst til Evrópu og hennar varð fyrst vart í stúdentaóeirðunum í París en landið bláa var töluvert á eftir í þessum efnum. „Enda ekkert internet til,“ segir Andrea og hlær en rifjar þó upp að þegar hún útskrifaðist úr MR árið 1969 hafi hún þekkt tvo hippa. Annar þeirra var kvikmyndarýnirinn Ólafur H. Torfason en hann skartaði glæsilegu og miklu rauðu hári. „MH var meiri hippaskóli með Spilverkið í broddi fylkingar.“

Það verður þó ekki á neinn



**FRIÐUR** Þetta merki friðar var hálfgert einkennismerki hippanna sem börðust gegn hvers kyns óréttí og átroðslu yfirvalda.



**NANA 900 9001 EÐA SMS 1918 IDOL 1**
Lag: The Letter, Flytjandi: Box Tops.



**ANDREA JÓNSDÓTTIR** Segir að Trúbrot hafi verið Hippahljómsveitin enda hafi hljómsveitarmeðlimir orðið alvöru rokkstjörnur að erlendri fyrirmynd.



**SNORRI 900 9002 EÐA SMS 1918 IDOL 2**
Lag: The Weigh, Flytjandi: The Band.



**EIRÍKUR 900 9003 EÐA SMS 1918 IDOL 3**
Lag: White Shade of Pale. Flytjandi: Procol Harum.



**ANGELA 900 9004 EÐA SMS 1918 IDOL 4**
Lag: So Happy Together. Flytjandi: The Turtles.



**TINNA 900 9005 EÐA SMS 1918 IDOL 5**
Lag: Ruby Tuesday. Flytjandi: Melanie.



**ELFA BJÖRK 900 9007 EÐA SMS 1918 IDOL 7**
Lag: Heat Wave. Flytjandi: Martha Reeves.



**BRÍET SUNNA 900 9008 EÐA SMS 1918 IDOL 8** Lag: My sweet Lord. Flytjandi: George Harrison.



**INA 900 9009 EÐA SMS 1918 IDOL 9**
Lag: Move over. Flytjandi: Janis Joplin.



**INGÓLFUR 900 9010 EÐA SMS 1918 IDOL 10**
Lag: Black Magic Woman. Flytjandi: Santana.








**ÞÓRDÍS RÓS HARÐARDÓTTIR** Hún hefur meðal annars unnið sem útstillingahönnuður hjá Urban Outfitters í Toronto. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Ambient art í Húsgagnahöllinni

Húsgagnahöllin sýnir þessa dagana verk eftir Þórdísi Rós Harðardóttur vöruhönnuð, en hún rekur fyrirtæki sem kallast Studio Pd. „Þetta eru verk sem ég hef verið að vinna að undanfarin tvö ár. Ég kalla þau Ambient art því mér finnst hugmyndin koma úr „ambience“. Það er hægt að nota verkin sem veggskreytingu, skilrúm eða dúk svo dæmi séu nefnd,“ segir hún og bætir við að verkin séu upplögð fyrir fólk sem langar að skreyta heimilið en vill ekki leggja út fyrir olíumálverkum. Þórdís er menntuð sem iðnhönnuður frá Ontario college of art and design í Kanada og hefur meðal annars starfað sem útstillingarhönnuður hjá Urban Outfitters í Toronto og búðunum Nanoq og Lumex. Einnig hefur hún hannað sviðsmyndir og unnið flotfatnað fyrir Sjóklæðagerðina 66° norður.

# ðinum



**SGT. PEPPERS** Þessi sígilda plata kom út árið 1967 en Bítlarnir voru ein fyrsta popphljómsveitin sem tjáði sig um stöðu heimsmálanna.

hallað þegar Trúbrot er kölluð Hippahljómsveitin (með bæði stórum staf og greini). Andrea tekur undir þessa djörfu fullyrðingu enda urðu hljómsveitarmeðlimirnir átrúnaðargoð að erlendri fyrirmynd, alvöru rokkstjörnur á þessu litla landi. Hámarkinu var síðan náð þegar Led Zeppelin kom á Listahátíð í Reykjavík og spilaði fyrir troðfullri Laugardagshöll. „Hipparnir voru fyrst og fremst bylting gagnvart hinu hefðbundna,“ segir Andrea og landsmenn bíða eflaust spenntir eftir því hvernig ungmennum landsins tekst að koma þeirri stemningu til skila í Vetrargarðinum.

freyrgigja@frettabladid.is



**ALEXANDER 900 9006 EÐA SMS 1918 IDOL 6** Lag: People get Ready. Flytjandi: Impressions.



**RAGNHEIÐUR SARA 900 9011 EÐA SMS 1918 IDOL 11** Lag: Nights in White Satin. Flytjandi: Moody Blues.



**AMBIENT ART** Hægt er að nota verkin sem veggskreytingu, skilrúm eða dúk.

„Þetta eru „inspiration“-verk sem ég læt prenta á striga og eru upplögð fyrir fólk sem hefur gaman af svona skreytingum inni á heimilum, á skrifstofum eða hvar sem er. Ég nota nútímatækni og myndefnið eru flæðandi línur og annað slíkt,“ segir Þórdís. ■











# Svartklæddi maðurinn

**KVIKMYNDIR**

**[UMFJÖLLUN]**

Johnny Cash er um margt mjög merkilegur maður. Tónlist hans, og ekki síst textasmíðar, hefur haft meiri áhrif en margan grunar. Cash varð vinsæll aftur þegar American-plöturnar komu út en þar gerði hann mörg af bestu dægurlögum seinni tíma að sínum. Cash tókst svo vel til að flutningur hans er á köflum betri en upphaflegu útgáfurnar. Hlustandinn trúði því sem svartklæddi maðurinn söng um. Fáir vissu hins vegar hvaðan þessi aldraði maður kom. Þegar fréttir bárust af andláti hans fylgdi með að dauði June, eiginkonu hans, hefði orðið honum ofviða. Hún var kletturinn í lífi hans.

Kvikmyndin Walk the Line hefst í Arkansas þar sem J.R., eins og hann var kallaður, ólst upp ásamt bróður sínum við sára fátækt. Móðir þeirra var eina skjólið fyrir föðurnum sem var drykkfelldur og ofbeldismaður. Bróðir J.R. deyr í hörmulegu vinnuslysi og sorgin bugar fjölskylduna. „Þetta hefði átt að vera þú,“ sagði faðir J.R. reglulega við hann. Kántrí-tónlistin sem hljómaði í útvarpinu flutti þennan unga mann burt frá þessum napurlega veruleika. Sér í lagi hin unga June Carter sem J.R. kallaði engil. Þegar drengurinn verður eldri fer hann að hugsa sér til hreyfings og gengur í bandaríska herinn. Alltaf elur hann þó með sér þann draum að geta unnið fyrir sér með tónlist en sá draumur virðist vera í órafjarlægð. J.R. giftist Vivian Liberto og kemur sér upp venjulegu miðstéttarheimili. Ásamt góðum félögum sínum reynir að hann að taka upp trúartónlist en er hafnað. „Þú verður að syngja þannig fólkið trúi þér,“ segir upptökustjórinn við hann. Honum verður að ósk sinni með smáskífunni Folsom Prison Blues. Velgengni hennar verður til þess að Cash er boðið að ferðast með ungum rokkurum sem trylla lýðinn með taktfastri tónlist. Með þeim er engin annar en engill æskunnar, June Carter.

Með fundum þeirra tveggja hefst Walk the Line, en forboðin ást hreiðrar um sig í hjörtum þeirra beggja. Þau eru bæði í hjónabandi og hafa þau ekkert leyfi til að njótast en Cash er þrjóskur. Honum skal takast að fá June til sín og það er sama hver fórnarkostnaðurinn er. Á sama tíma verður hann háður verkjalyfjum og alls kyns eitri sem veldur því að ferill hans stefnir beina leið niður í ræsið. Fjölskyldan hverfur og söngvarinn stendur eftir einn og yfirgefinn. Þegar öll von virðist vera úti birtist June og hjálpar honum að komast aftur á sporið. Það er fyrir tilstilli hennar að goðsögnin „Man In Black“ verður að veruleika.

Leikstjórinn James Mangold byggir myndina á handriti sem skrifað er eftir ævisögu Cash „Man in Black“. Mangold tekst vel upp og sveigir fimlega hjá því að gera myndina of „ameríska“ eða væmna sem er hálf ótrúlegt þar sem fátt er jafn bandarískt og Johnny Cash. Tónlist T-Bone Burnett er mjög skemmtileg og skapar réttu stemninguna og þá er kvikmyndatakan einföld sem hentar myndinni mjög vel.

Það eru hins vegar leikararnir sem bera af. Joaquin Phoenix er stjarna myndarinnar en leikarinn umbreytist í Johnny Cash um leið og hann birtist á hvíta tjaldinu. Honum tekst að túlka þennan mikla töffara, sem beygir af leið en kemur sér aftur á réttan kjöl, af einstöku öryggi. Óvænti gleðigjafinn er Reese Witherspoon en leikkonan sýnir að hún er hæfileikarík á sínu sviði. Þau bera uppi myndina og án frammistöðu þeirra hefði Walk the Line auðveldlega getað fallið í gleymskunnar dá.

Walk the Line er forvitnileg mynd um upphafsár eins stærsta og virtasta tónlistarmanns Bandaríkjanna. Sannleikurinn um goðsögnina er afhjúpaður og eftir stendur Cash, auðmjúkur frammi fyrir nýjum tækifærum, með ástina í lífi sínu sér við hlið.

**Freyr Gigja Gunnarsson**



**WALK THE LINE**

LEIKSTJÓRI JAMES MANGOLD

**Aðalleikarar:** Joaquin Phoenix og Reese Witherspoon

**Niðurstaða:** Walk the Line er einstakt ferðalag um upphafsár Johnny Cash en ekki síst um ástina í lífi hans sem söngvarinn var reiðubúinn til að fórna öllu fyrir.





AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ













**FYRSTA VIÐTALIÐ Á ERLENDRI GRUNDU** Stelpurnar eru kynntar til leiks með orðum eins og „Varúð! Vinsæl hljómsveit á ferðinni“. Þær eru sagðar sætar og vel til þess fallnar að vera elskaðar.

**HVER AF NYLON-STELPUNUM ERT ÞÚ?** Lesendur blaðsins eru flestir á aldrinum 8-12 ára og gefst þeim kostur á að bera sig saman við þær Klöru, Emilíönu, Kamillu og Ölmu.

# Nylon á Brit-verðlaunin

Ferðalag Nylon-hópsins heldur áfram en eins og Fréttablaðið greindi frá eru stúlkurnar nú með annan fótinn í Englandi en þær ætla að leggja breska heimsveldið að fótum sér. Viðtal við guðföður Nylon, Einar Bárðarson, birtist í fagtímaritinu Music Week, þar sem hann greinir frá því að vegna ótrúlegrar velgengni sveitarinnar hér á landi hafi það verið henni nauðsynlegt að reyna fyrir sér á erlendri grundu. Einar segir ennfremur frá því að sterkir fjárfestar séu að baki hópnum sem eru reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum að láta skemmtilega hluti gerast fyrir þær á heimsvísu. Einari sjálfum er líkt við Simon Cowell vegna hlutverks hans hjá Idol-stjörnuleit Stöðvar 2 en þegar Fréttablaðið bar þessa samlíkingu undir umboðsmanninn sagði hann. „Ég vona að ég sé ekki jafn dónalegur.“

Fyrsta smáskífa Nylon er væntanleg þegar sól verður hærra á lofti, en Einar gerir sér vonir um að hún komi jafnvel út í apríl. Stelpurnar sjálfar fóru í viðtal við breska blaðið TV Hits Magasine og birtist það á miðopnu. Þetta er fyrsta viðtalið við þær á ensku en TV Hits er ótrúlega stórt blað og talið að um 110 þúsund manns lesi það reglulega. Stelpurnar eru kynntar til leiks og geta lesendur mælt sig út frá persónuleika þeirra. Ef einhver er til dæmis mikið fyrir tísku og vill alltaf vera einhvern veginn öðruvísi þá er viðkomandi Klara Ósk.

Fyrir nokkru barst stelpunum síðan boðsmiði á Brit-verðlaunahátíðina sem er meðal þeirra stærstu í heiminum. Þar eru breskir tónlistarmenn heiðraðir fyrir árangur sinn á árinu og koma margar af skærustu stjörnum heims fram á henni. Meðal þeirra eru Paul Wellter og drengirnir í Coldplay auk rapparans Kanye West. -fgg









## Dóra til Malmö

Landsliðskonan Dóra Stefánsdóttir er á leið til sænska úrvalsdeildarliðsins Malmö og hefur hún samþykkt að skrifa undir samning við félagið út næstu leiktíð. Dóra leysir þá Ásthildi Helgadóttur af á miðju hjá Malmö, en hún lék sem kunnugt er með liðinu í fyrra áður en hún gekk til liðs við Breiðablik fyrr í vetur.

# sport

sport@frettabladid.is



KR-INGURINN RÓGVI JACOBSEN: FER Á KOSTUM MEÐ KR Í REYKJARVÍKURMÓTINU

## *Ég var ekki með heimþrá*

Færeyingurinn Rógvi Jacobsen hefur fundið sig vel í framlínu KR í þeim leikjum sem liðið hefur spilað á undirbúningstímabilinu og hafa þeir Grétar Hjartarson náð afar vel saman í fremstu víglínu. Rógvi hefur skorað þrjú mörk í fyrstu tveimur leikjum KR á Reykjavíkurmótinu og vilja margir meina að hann sé nú loksins farinn að sýna sitt rétta andlit eftir að hafa átt heldur misjafna leiki með KR í fyrra. Nýlega bárust af því fregnir að Rógvi þjáðist af heimþrá og vildi fá sig lausan frá KR. Sjálfur segir hann það vera alrangt.

„Þetta var ekki heimþrá. Það spurðist út að ég hefði farið heim til Færeyja í stuttan tíma og það var einfaldlega blásið upp. Ég þurfti að fara aðeins heim af persónulegum ástæðum en mér hefur alltaf liðið mjög vel á Íslandi og hjá KR,“ sagði Rógvi við Fréttablaðið í gær.

Fjölhæfni Rógva kom glögglega í ljós í sumar sem leið þegar hann spilaði nánast allar stöður hjá KR á tímabilinu, hvort sem um var að ræða vörn, miðju eða sókn. Undir stjórn Teits Þórðarsonar hefur hann hins vegar eingöngu verið að spila í þeirri stöðu sem honum sjálfum líkar best, sem framherji. „Ég held að það henti mér best og ég held að hann hugsi mig í þeirri stöðu. Það er auðvitað mikil samkeppni um þær stöður en ég finn að þjálfarinn hefur trú á mér og það er að skila sér hjá mér í spilamennskunni,“ segir Rógvi. Hann og Grétar hafa haldið nýjasta liðsmanni KR, Björgólfi Takefusa, á varamannabekknum það sem af er. „Björgólfur er á bekknum ennþá en ég veit nú ekki hvað það verður lengi,“ sagði Rógvi að lokum og hló.

## > Kjartan Henry lánaður

Unglingalandsliðsmaðurinn, Kjartan Henry Finnbogason, hefur verið lánaður frá skoska úrvalsdeildarliðinu Celtic til Queens Park út leiktíðina, en liðið spilar í 3. deildinni í Skotlandi. Kjartan Henry hefur átt við þrálát meiðsli að stríða og er nýfarinn að spila aftur. Forráðamenn Celtic sjá sér mestan hag í því að lána Kjartan svo hann komist í almennilegt leikform. Þjálfari Queens Park, Billy Stark, er kátur að hafa klófest Kjartan. „Hann er stór og sterkur leikmaður sem er auk þess mikill markaskorari. Hann á eftir að spila stórt hlutverk í þem leikjum sem við eigum eftir á tímabilinu,“ sagði þjálfarinn.



# Slæmt tap á tómum tanki

**Íslenska handboltalandsliðið var algjörlega bensínlaust þegar það mætti Noregi í gær. Niðurstaðan var slæmt tap, 36-32, og draumurinn um að komast í undanúrslit mótsins var þar með á enda.**

**HANDBOLTI** Eftir að hafa leikið á köflum frábærlega á EM í Sviss er það grátleg niðurstaða að íslenska handboltalandsliðið skuli ekki hafa endað á meðal sex efstu liða í mótinu því möguleikinn var svo sannarlega fyrir hendi. Meiðsli lykilleikmanna og vondur varnarleikur varð liðinu að falli gegn Noregi í gær sem flestir töldu að ætti að vera auðveldur leikur fyrir okkar menn.

Viggó Sigurðsson brá á það ráð í gær að taka Kristian Kjelling úr umferð frá upphafi. Það nýtti Kjetil Strand sér til hins ýtrasta og raðaði inn mörkum en hann skoraði níu af fyrstu ellefu mörkum Norðmanna og var gjörsamlega óstöðvandi. Það var því furðulegt að Viggó skyldi ekki skipta og kippa Strand út í staðinn fyrir Kjelling. Strand þakkaði Viggó fyrir „gestrisnina“ í leikslok með 19 mörk á bakinu.

Þrátt fyrir stórleik Strands var fyrri hálfleikur í járnum en Ísland þó alltaf skrefi á undan og leiddi með tveim mörkum í leikhlé, 16-14, og möguleikar íslensku strákanna enn fyrir hendi.

Ísland hélt þessu forskoti í upphafi síðari hálfleiksins en eftir því sem leið á hálfleikinn fjaraði undan leik íslenska liðsins og holurnar í vörninni urðu sífellt stærri. Norðmenn gengu á lagið, tóku frumkvæðið, forystuna og hlupu burt með leikinn.

Það leyndi sér ekki að leikmenn íslenska liðsins voru gjörsamlega orðnir bensínlausir í þessum leik. Þeir voru hægir í öllum sínum aðgerðum og þar að auki vantaði alla stemningu í liðið en leikmenn virtust varla hafa orku til að hvetja hver annan áfram. Þeir voru bæði þöglir og þreyttir. Liðið hefur vissulega lent í miklum áföllum í þessu móti en það hefði hæglega verið hægt að bregðast við orkuskortinum að einhverju leyti með því að hvíla lykilmenn meira en raunin var gegn Ungverjum.



**ÖRMAGNA** Ólafur Stefánsson og Guðjón Valur Sigurðsson voru þreyttir og niðurlútir að leik loknum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Vörnin hefur gengið í gegnum miklar breytingar á mótinu og hún átti engin svör við Strand og Löke í gær sem léku sér að ráðalausum íslenskum varnarmönnum og fyrir aftan stóðu markverðirnir og fengu ekki rönd við reist.
Niðurstaðan í þessum leik er gríðarleg vonbrigði og grátlegur endir á annars frábæru móti þar sem strákarnir hafa yljað þjóðinni með frábærum leik og líflegri framkomu. Staðreyndin er engu að síður sú að Ísland er aftur komið með landslið í fremstu röð og eftir reynslu þessa móts er ljóst að til mikils verður ætlast af liðinu á HM í Þýskalandi að ári liðnu.



EM Í HANDBOLTA
**HENRY BIRGIR GUNNARSSON**
*skrifar frá St. Gallen í Sviss.*
henry@frettabladid.is



**JÓHANNES KARL** Fer til AZ í sumar. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Jóhannes Karl Guðjónsson:

## Fer til Hollands í sumar

**FÓTBOLTI** Landsliðsmaðurinn Jóhannes Karl Guðjónsson hefur skrifað undir fjögurra ára samning við hollenska félagið AZ Alkmaar en nokkuð er liðið síðan frágengið var að Jóhannes Karl yfirgæfi herbúðir Leicester. Jóhannes mun hins vegar klára leiktíðina með enska 1. deildarliðinu og fara til Hollands í sumar.

Þar sem Jóhannes Karl hefur skrifað undir samning er ljóst að Guðjón Þórðarson, faðir hans, mun ekki geta sannfært hann um að vera áfram hjá félaginu. Guðjón hefur verið orðaður við stjórastöðuna hjá Leicester að undanförnu, eftir að félagið rak stjórann Craig Levin úr starfi fyrir nokkrum dögum. **- vig**

Rafael Benitez:

## Ánægður með Robbie Fowler

**FÓTBOLTI** Rafael Benitez, knattspyrnustjóri Liverpool, segir að innkoma Robbie Fowler hjá Liverpool gegn Birmingham í fyrradag, hafi verið einn af jákvæðu punktunum sem hægt væri að taka úr leiknum. Fowler kom inn á þegar um hálftími var eftir af leiknum við mikinn fögnuð stuðningsmanna Liverpool.

„Það sést að hann þarf að bæta hraðann og snerpuna en nærvera hans í vítateignum gefur liðinu mikið. Hann er mjög hættulegur framherji,“ segir Benitez, en Fowler skoraði mark á síðustu mínútunni en það var dæmt af vegna rangstöðu. „Það hefði verið fullkominn endir á leiknum hefði það mark verið löglegt.“ **- vig**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

FEBRÚAR

31 1 2 **3** 4 5 6

**Föstudagur**

**SJÓNVARP**

- 18.00 **Íþróttaspjallið** á Sýn.
- 18.12 **Sportið** á Sýn. Farið verður yfir helstu íþróttaviðburði dagsins.
- 19.00 **NFL-tilþrif** á Sýn.
- 19.30 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 20.00 **Motorworld** á Sýn.
- 23.00 **NBA** á Sýn. Bein útsending frá leik **Miami** og **Cleveland.**



**SOL CAMPBELL** Hefur verið skelfilegur að undanförnu.

Sol Campbell:

## Á ekkert erindi í landsliðið

**FÓTBOLTI** Fjölmiðlar og almenningur í Englandi hefur miklar áhyggjur yfir Sol Campbell, varnarmanni Arsenal, sem hefur sjaldan leikið verr á ferlinum og vilja margir meina að hann eigi ekkert erindi í enska landsliðið sem tekur þátt á HM í Þýskalandi. Campbell lék skelfilega í tapi Arsenal gegn West Ham í fyrradag, átti sök á fyrstu tveimur mörkum gestanna og var tekinn af leikvelli í hálfleik. Hann gerði síðan gott betur með því að pakka saman og yfirgefa Highbury um leið og hann var búinn í sturtu.

„Eins og hann hefur verið að spila upp á síðkastið er hann langt frá því að komast í enska landsliðið,“ segir Alan Hansen, fyrrum varnarmaður Liverpool og sérfræðingur BBC í Englandi um enska boltann. „Hann hefur misst hraða og skortir sjálstraust. Frammistaða hans gegn West Ham var eins og í hryllingsmynd.“

Arsene Wenger segist hafa tekið Campbell af velli vegna þess hversu niðurlútur hann hafi verið. „Hann var nánast þunglyngur og kenndi sjálfum sér um mörkin. Ég treysti honum ekki til að spila síðari hálfleikinn,“ sagði Wenger sem hefur ákveðið að velja ekki Campbell í leikmannahóp Arsenal sem mætir Birmingham á laugardag.

## *Varnarleikurinn varð liðinu að falli*



**ÍÞRÓTTALJÓS**
ÍSLENSKA LANDSLIÐIÐ Í HANDBOLTA Á EM Í SVISS
**GEIR SVEINSSON**
SÉRFRÆÐINGUR FRÉTTABLAÐSINS

Að tapa fyrir Noregi í síðasta leik milliriðilsins er ekkert annað en vonbrigði. Vissulega höfum við orðið fyrir skakkaföllum en engu að síður tel ég að við hefðum átt að leggja Norðmenn af velli. Íslenska liðið lék almennt illa allan leikinn og það var fátt sem gladdi augað.

Þó að sóknarleikurinn hafi ekki verið upp á sitt besta skorum við samt sem áður 33 mörk og það á ekki að þurfa að kvarta undan því. Í þetta sinn var það einfaldlega varnarleikurinn sem varð liðinu að falli. Vörnin var í molum og má hugsanlega kenna þreytu að einhverju leyti um það. Varnarleikur kallar upp á fótavinnu, hliðarfærslur og samvinnu manna en þegar þreytan er orðin svona mikil tapast einbeitingin. Það verður til þess að hraðupphlaupin eru nánast engin og markvarslan er sömuleiðis gloppótt.

Hins vegar er með ólíkindum að einn og sami leikmaðurinn skuli skora 19 mörk á móti okkur.

Það er ótrúlegt að einhverjum úrræðum skuli ekki hafa verið beitt til að stöðva manninn því hann hélt Noregi algjörlega gangandi stærstan hluta leiksins. Viggó hefði klárlega átt að hætta að taka Kjelling úr umferð og prófa að taka Strand úr umferð, nú eða þá að taka þá báða úr umferð. Í staðinn datt hann niður í 6-0 vörn sem var einfaldlega veisla fyrir Norðmenn.

Ég hefði viljað sjá Sigurð Eggertsson fá að spreyta sig með sínum hraða fyrst við vorum svona mikið einum færri í leiknum. Svo fer Guðjón Valur í skyttustöðuna á 46. mínútu leiksins. Það er eitthvað sem ég tel ekki aðeins vera mörgum mínútum, heldur mörgum leikjum of seint. Það afbrigði hafði aldrei verið reynt áður á mótinu og það er vægast sagt undarlegt að það skuli vera gert á síðasta stundarfjórðungnum í síðasta leiknum.

Einnig kom það mér á óvart hversu seint Viggó tók leikhléið í seinni hálfleik, eða í stöðinni 30-34 og leikurinn í raun tapaður. Menn gjörsamlega gleymdu sér í stöðunni og ég hefði viljað sjá leikhléið tekið mun fyrr með það hreinlega í huga að endurskipuleggja leik liðsins, og þá sérstaklega varnarleikinn. Róbert stóð upp úr í íslenska liðinu í gær, það var unun að fylgjast með honum í sókninni og það er ótrúlegt hvað hann er eljusamur og baráttuglaður. Ég var einnig ánægður með Ólaf sem stóð fyrir sínu þrátt fyrir að Norðmenn hefðu lagt gríðarlega áherslu á að stöðva hann.

Þegar litið er á mótið í heild sinni er hægt að vera ánægður með margt. Við unnum frábæran sigur á Rússum og eigum fínan leik gegn Dönum en þau úrslit hverfa eins og dögg fyrir sólu út af þessu tapi í gær. Niðurstaðan er að við fáum 5 stig af 12 mögulegum sem gerir 40% árangur. Ég spáði því fyrir mótið að við myndum enda í 7-8. sæti og því kemur árangurinn mér í sjálfu sér ekkert á óvart.

Þegar allt kemur til alls held ég að það sé vel hægt að una við þennan árangur, sérstaklega með tilliti til allra þeirra skakkafalla sem liðið hefur orðið fyrir auk þess sem Logi Geirsson, Jaliesky Garcia og Markús Máni Michaelsson hefðu klárlega átt sæti í liðinu hefðu þeir verið heilir. Framtíðin er björt, liðið er ungt og við erum á góðri leið með að koma okkur aftur í þá stöðu sem við vorum komnir í á Evrópumótinu í Svíþjóð árið 2002.


30-50% afsláttur
MESTA ÚRVAL LANDSINS!
50 uppstilltar innréttingar
BAÐ
INNRÉTTINGAR
Gegnheil hnota 85 og 105 sm
Ölur á MDF 125 sm 5
LES 100x44 sm
Hnota á MDF 120 sm nr 24
Eplaviður á MDF 145 sm nr 31
Askur 120 sm
SX 005 80 sm
VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT
FJÖLDI UPPSTILLINGA-MÖGULEIKA
Hvítur fulningur 120 sm 12
Hlynur á MDF 102 sm
LAWES 120 x 52 sm
Hvít eik á MDF 120 sm nr 10
TORI 65 x 43 sm
Kirsuberjaviður á MDF 165 sm nr 8
DORLI 120 x 45 sm
SX 001 70 sm
Allar innréttingar afgreiddar af lager
Borðplötur, handföng, blöndunartæki og handlaugar í flestum gerðum að eigin vali
INNRÉTTINGAR & TÆKI
www.i-t.is
- fyrir þitt heimili
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*EM í handbolta:*

***Milliriðill 1***

**PÓLLAND-ÞÝSKALAND 24-32**

Karol Bielecki 8, Leszek 5, Patryk Kuchczynski 4 - Florian Khermann 9, Thorsten Jansen 6, Pascal Hens 5.

**ÚKRAÍNA-FRAKKLAND 20-30**

Mykola Stetsyura 3, Vitaly Nat 3 - Joel Abati 7, Michael Guigou 5, Sebastien Bosquet 4.

**SLÓVENÍA-SPÁNN 33-39**

Siarhei Rutenka 9, Uros Zorman 5 - Alberto Entrerrios 8, Rolando Urios 8, Iker Romero 6.

***Lokastaðan í riðlinum***

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SPÁNN | 5 | 4 | 1 | 0 | 162-144 | 9 |
| **FRAKKLAND** | **5** | **4** | **0** | **1** | **148-125** | **8** |
| ÞÝSKALAND | 5 | 3 | 1 | 1 | 160-137 | 7 |
| **SLÓVENÍA** | **5** | **2** | **0** | **3** | **162-169** | **4** |
| PÓLLAND | 5 | 1 | 0 | 4 | 132-154 | 2 |
| **ÚKRAÍNA** | **5** | **0** | **0** | **5** | **126-163** | **0** |

***Milliriðill 2***

**ÍSLAND-NOREGUR 32-36**

**Mörk Íslands** (skot innan sviga): Ólafur Stefánsson 9/4 (15/5), Guðjón Valur Sigurðsson 6 (11/1), Róbert Gunnarsson 5 (5), Snorri Steinn Guðjónsson 5 (9/1), Ásgeir Örn Hallgrímsson 4 (5), Sigfús Sigurðsson 2 (2), Heimir Örn Árnason 1 (1), Arnór Atlason 1 (1).

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 11, Hreiðar Guðmundsson 3. **Hraðaupphlaup**: 7 (Ólafur 3, Ásgeir, Snorri, Heimir, Sigfús). **Fiskuð víti:** 7 (Róbert 3, Snorri 2, Sigfús, Heimir). **Brottrekstrar**: 8 (16 mínútur)

**Markahæstir Norðmanna:** Kjetil Strand 19, Frank Loke 7, Kristian Kjelling 4, Havard Tvedten 2, Preben Vildalen 2.

**SERBÍA/SVARTF.-KRÓATÍA 30-34**

Goran Sprem 9, Ivano Balic 8, Mirza Dzomba 5, Blazenko Lackovic 4 - Marko Krivokapic 7, Milorad Krivokapic 5, Momir Ilic 5.

**DANMÖRK-RÚSSLAND 35-28**

Michael Knudsen 10, Sören Tryger 6 - Vasily Filippov 6, Eduard Kokcharov 4.

***Lokastaðan í riðlinum***

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KRÓATÍA | 5 | 4 | 0 | 1 | 155-146 | 8 |
| **DANMÖRK** | **5** | **3** | **1** | **1** | **161-147** | **7** |
| RÚSSLAND | 5 | 3 | 0 | 2 | 143-140 | 6 |
| **ÍSLAND** | **5** | **2** | **1** | **2** | **159-156** | **5** |
| SERBÍA | 5 | 1 | 0 | 4 | 137-157 | 2 |
| **NOREGUR** | **5** | **1** | **0** | **4** | **141-150** | **2** |

*Í undanúrslitunum mætast Spánn og Danmörk annars vegar og Frakkland og Króatía hins vegar. Rússar og Þjóðverjar munu keppa um 5. sætið.*

# Erum stoltir af frammistöðu okkar

**Landsliðsþjálfarinn Viggó Sigurðsson segir að íslenska landsliðið megi vera stolt af frammistöðu sinni á EM en telur að dómararnir gegn Noregi í gær hafi gert út um vonir liðsins að ná sæti í undanúrslitunum.**

**HANDBOLTI** „Þetta eru gríðarleg vonbrigði fyrir mig, liðið og íslensku þjóðina. Við erum að spila hér um að komast kannski í undanúrslit og erum bara jarðaðir af dómurum sem voru búnir að „skandalísera“ fyrr í mótinu, og ég hélt að yrðu sendir heim,“ sagði hundfúll landsliðsþjálfari Íslands, Viggó Sigurðsson, en vonbrigðin leyndu sér ekki í andliti hans.

„Tankurinn var annars tómur hjá strákunum enda búið að keyra á sama mannskapnum í fimm leiki og þar að auki erum við með heilt lið í meiðslum fyrir utan. Það var ekki innistæða fyrir meiru. Við fengum hvorki vörn né markvörslu í þessum leik og erum svo út af í rúmar 20 mínútur og þetta var hlægileg dómgæsla. Við réðum ekki við Kjetil Strand og sjálfsagt áttum við að kippa honum út en vörnin fann sig hvergi og við réðum heldur ekki við Löke.“

Eins og áður segir hefur mikið gengið á hjá íslenska liðinu í mótinu en má segja að áföllin hafi einfaldlega verið of mörg?

„Það er rosalega erfitt að koma alltaf með sama liðið og geta aldrei skipt. Þetta er það erfitt mót og það sagði verulega til sín og ég vissi fyrir leikinn að strákarnir voru alveg búnir. Óli er búinn að harka af sér og spila og það er frábært hjá honum,“ sagði Viggó en hvaða lærdóm er hægt að draga af þessari keppni?

„Mjög góðan. Við getum verið stoltir af frammistöðunni enda búnir að leika marga frábæra leiki og liðið búið að sýna stórkostlegan handbolta og karakter. Með fullskipað lið getum við gert betri hluti. Það er sorglegt að tapa fyrir lélegasta liðinu í okkar riðli.“



**SÁRÞJÁÐUR** Ólafur Stefánsson bókstaflega píndi sig til að spila gegn Norðmönnum í gær enda sárþjáður af meiðslum í rifbeinunum. Hér sést Róbert Gunnarsson styðja við Ólaf er hann gengur af velli í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VIGGÓ SIGURÐSSON** Fór til búningsklefa eftir leikinn í gær með höfuðið niðri, enda afar ósáttur við dómara leiksins. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gunnar Pettersen, þjálfari Norðmanna, var ákaflega brosmildur í leikslok og ánægður með sína menn enda langþráður sigur á Íslandi í húsi.

„Við erum með ungt lið sem við erum að byggja upp. Við töpuðum mörgum jöfnum leikjum en vinnum í lokin þannig að við göngum þokkalega sáttir frá þessu móti,“ sagði Pettersen við Fréttablaðið en hvað fannst honum um íslenska liðið?

„Við erum búnir að mæta þeim oft án þess að vinna og því var kominn tími á sigur og ég get ekki neitað því að hann var mjög sætur. Mér fannst hraðaupphlaup íslenska liðsins ekki góð og þeir voru kannski svolítið þreyttir. Ég finn til með þeim vegna allra meiðslanna á örvhentu mönnunum. Fjarvera þessara manna hjálpaði okkur,“ sagði Pettersen sem átti engin orð til að lýsa frammistöðu Kjetils Strand í leiknum.

**- hbg**

Ólafur Stefánsson, fyrirliði íslenska liðsins:

## Vonbrigðin eru rosaleg

**HANDBOLTI** „Vonbrigðin eru alveg rosaleg og ég hef í raun litlu við það að bæta,“ sagði hundsvekktur og sárþjáður fyrirliði Íslands, Ólafur Stefánsson, eftir leikinn. „Markvarslan var ekki til staðar í seinni hálfleik og kannski vantaði líka upp á vörnina. Sóknin var svo ekkert sérstök enda vorum við passífir og ekki nógu grimmir. Þetta er grátlegur endir á góðu móti en vonandi höldum við haus og byggjum ofan á þessa reynslu.“

Línumaðurinn Róbert Gunnarsson, sem átti mjög fínan leik á línunni, var niðurlútur þegar Fréttablaðið náði tali af honum. „Þetta er alveg ömurleg. Við brugðumst fyrst og fremst sjálfum okkur í dag og það er ömurlegt því við ætluðum okkur meira,“ sagði Róbert.

„Við erum ekki að spila nógu vel og ég veit ekki alveg hvað vantaði upp á svona fljótt eftir leik en það segir sig sjálft að vörnin var ekki nógu góð.“ **- hbg**








**ÁFRAM ÍSLAND** Stuðningsmenn íslenska landsliðsins létu vel í sér heyra á leiknum í gær og veifuðu þjóðfánanum í takt. Íslensku strákarnir lögðu sig allan fram gegn baráttuglöðum Norðmönnum en komust hvorki lönd né strönd, eins og minni myndin ber kannski með sér. Þar sést Snorri Steinn Guðjónsson tekinn föstum tökum af tveimur leikmönnum norska liðsins auk þess sem Róbert Gunnarsson er í strangri gæslu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Graeme Souness rekinn frá Newcastle:

## Ég er mjög vonsvikinn

**FÓTBOLTI** Grame Souness var rekinn úr starfi sem knattspyrnustjóri Newcastle í gær. Segja má að starf Souness hafi hangið á bláþræði í margar vikur. 3-0 tapið gegn Man. City í fyrradag var þó kornið sem fyllti mælinn hjá stjórnarmönnum félagsins og ákváðu þeir í kjölfarið að láta Souness fara. Glenn Roader og Alan Shearer munu sjá um stjórn liðsins á næstunni. Shearer er talinn mjög líklegur til að fá starfið á næsta tímabili.

„Ég er mjög hryggur og vonsvikinn yfir þessum starfslokum. Mér hefur þótt gott að starfa hjá félaginu og óska því alls hins besta í framtíðinni,“ sagði í yfirlýsingu frá Souness í gær.

Souness náði aðeins að stýra Newcastle til sigurs 36 sinnum af þeim 83 leikjum sem hann stjórnaði liðinu og hefur hann í raun verið valtur í sessi undanfarið ár. Souness neitaði þó alltaf að gefast upp og eftir erfiða byrjun á tímabilinu í ár komst Newcastle á ágætis ról. Hins vegar hefur spilamennskunni farið aftur á síðustu vikum og verið langt frá þeim væntingum sem gerðar eru til liðsins, einkum þegar tekið er tillit til hversu sterkum mannskap Souness hefur haft yfir að ráða.




Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 · Skífan Smáralind · Skífan Kringlunni · Póstkröfusími 591-5310 · www.skifan.is

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„In every spiritual tradition, you burn in hell for pretending to be God and not being able to back it up!“**

**Svar:** Matt Hollywood í heimaldarmyndinni DiG! frá árinu 2004.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ Bergsteini Sigurðssyni finnst Fréttavaktin eftir hádegi á NFS eiga hrós skilið

# *Litir á flökti*

Jón Kalmann Stefánsson var krýndur Íslandsmeistari í bókmenntum í gær. Því miður komst ég ekki á Bessastaði en kom mér, þess í stað, haganlega fyrir í sjónvarpsherberginu í vinnunni og ætlaði að fylgjast með verðlaunaafhendingunni í beinni. Þar var auðvitað margt um manninn, enda við Íslendingar jú mikil bókaþjóð. Klukkan sló fjögur, ég stillti á RÚV, sjónvarp allra landsmanna, maulaði poppið mitt og bjó mig undir að berja rjómann af íslenskri rithöfundastétt augum. En ekkert gerðist og það sem meira er, enginn í kringum mig virtist kippa sér upp við það. „Er þetta ekki að fara að byrja?“ spurði ég. „Nei, leikurinn byrjar ekki fyrr en klukkan fimm,“ var mér svarað. „Við erum að bíða eftir samantektinni.“ „Leikurinn,“ hváði ég. „Ætlar Ríkisútvarpið, sem hefur þá lögbundnu skyldu að hlúa að íslenskri menningu, ekki að sýna frá afhendingu Íslensku bókmenntaverðlaunanna?“ Viðstaddir störðu á mig eins og fífl, sumir með aumkunarsvip, en flestir reiðilega; rifu af mér poppið og byrjuðu að henda því í mig svo ég neyddist til að yfirgefa herbergið. „Stofnaðu bara þitt eigið land, antísportisti!“ hrópaði einn á eftir mér.

Ég fann mér annað sjónvarp og mér til mikillar ánægju eru þau Rósa Björk Brynjólfsdóttir og Þorfinnur Ómarsson á Fréttavaktinni á NFS meira menningarlega þenkjandi en kollegar þeirra á RÚV, svo ég gat fylgst með því sem máli skiptir, á meðan samstarfsfólk mitt horfði á liti á flökti.



**GRÍPTU** Strákarnir hafa verið að spila nokkuð vel svona varnarlega séð.



22.10 *Kvikmyndir*

RUSH HOUR 2



20.00 *Gaman*

SIMPSONS



21.25 *Spjall*

IDOL EXTRA LIVE



20.45 *Drama*

STARGATE SG-1



20.00 *Bílar*

MOTORWORLD

## SJÓNVARPIÐ

**13.20** EM í handbolta **14.50** EM í handbolta **16.20** EM í handbolta **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Elli eldfluga **18.04** Geimálfurinn **18.11** Villt dýr (18:26) **18.16** Tobbi tvisvar (22:26)

**18.40 Orkuboltinn (1:8)** Orkuátak Latabæjar.
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Latibær** Þáttaröð um Íþróttaálfinn.
**20.40 Ruby Bridges** Bandarísk fjölskyldumynd frá 1998 um sex ára telpu sem átti sinn þátt í því að farið var að kenna svörtum börnum og hvítum saman í skólum New Orleans á 7. áratug síðustu aldar.
▶ **22.10 Allt á fullu** (Rush Hour 2) Bandarísk hasarmynd frá 2001. Lögreglumennirnir Carter og Lee fara í frí til Hong Kong en komast þar á slóð peningafalsara.

**23.40** Hvergi í Afríku **1.55** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

## STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi 2005 **9.35** Oprah **10.20** My Sweet Fat Valentina **11.05** Það var lagið **12.00** Hádegisfréttir **12.25** Neighbours **12.50** Í fínu formi 2005 **13.05** The Comeback **13.30** Joey **13.55** Night Court **14.20** The Apprentice **15.20** Curb Your Enthusiasm **16.00** Kringlukast **16.25** Skrímslaspilið **16.45** Scooby Doo **17.10** Litlu vélmennin **17.20** Bold and the Beautiful **17.40** Neighbours **18.05** Simpsons

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.00 Ísland í dag**
▶ **20.00 Simpsons (4:21)** Fræg fréttakona sem heitir Chloe Talbot kemur til Springfield til að rannsaka hneyskli sem tengist Quimby borgarstjóra. Þess má geta að það er engin önnur en Kim Cattrall, Sam úr Sex and the City, sem talar fyrir Chloe Talbot.
**20.30 Idol – Stjörnuleit** Úrslitin eru nú hafin í Smáralindinni.
**22.00 Punk'd (9:16)** (Gómaður)
**22.25 Idol – Stjörnuleit** Úrslit símakosningar.
**22.50 Listen Up (15:22)** Dana, eiginkona Tonys, ákveður að fá sér tattú til að sanna fyrir sjálfri sér að hún sé ekki orðin miðaldra.

**23.15** Clockers (Stranglega bönnuð börnum) **1.20** Breathing Room **2.50** Perfume (Bönnuð börnum) **4.35** Fréttir og Ísland í dag **6.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

## SIRKUS

**18.30 Fréttir NFS**
**19.00 Ford fyrsætukeppnin 2005**
**19.30 Idol extra 2005/2006 (e)**
**20.00 Sirkus RVK (14:30)**
**20.30 Party 101 (e)**
**21.00 Kallarnir (1:20) (e)**
▶ **21.25 Idol extra Live** Bein útsending frá Smáralindinni þar sem Svavar Örn fer með okkur á bak við tjöldin á meðan þjóðin kýs sitt uppáhald.
**21.55 Splash TV 2006 (e)** Ekki herra Ísland 2005, Óli Geir, og Jói bróðir hans bralla margt skemmtilegt milli þess sem þeir fara á djammið í Keflavík og gera allt vitlaust.
**22.25 HEX (18:19) (e)** Yfirnáttúrulegir þættir sem gerast í skóla einum í Englandi. Bönnuð börnum.

**23.10** Reunion (3:13) (e) **0.00** Girls Next Door (14:15) (e) **0.25** Laguna Beach (7:17) (e) **0.50** Sirkus RVK (14:30) (e)

## SKJÁREINN

**16.15** Game tívi (e) **16.45** Ripley's Believe it or not! (e) **17.30** Cheers – 10. þáttaröð **18.00** Upphitun

**18.30 Australia's Next Top Model (e)**
**19.20 Fasteignasjónvarpið**
**19.30 The King of Queens (e)** Spence, Danny, Carrie og Doug skella sér á skíði.
**20.00 Charmed** Phoebe og Paige lenda í vandræðum með hreinsarana.
▶ **20.45 Stargate SG-1** SG-1 geimskipið fer til plánetu þar sem þau hitta hinn dularfulla Nox.
**21.30 Ripley's Believe it or not!** Í þáttunum er farið um heim allan, rætt við og fjallað um óvenjulegar aðstæður, sérkennilega einstaklinga og furðuleg fyrirbæri.
**22.15 Worst Case Scenario** Frábærir þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum.

**23.00** 101 Most Shocking Moments **23.45** Passer by (1/2) (e) **0.30** Law & Order: Trial by Jury (e) **1.15** House – lokaþáttur (e) **2.00** Sex Inspectors (e) **2.45** Tvöfaldur Jay Leno (e) **4.15** Óstöðvandi tónlist

## SÝN besta sætið

**18.00** Íþróttaspjallið **18.12** Sportið

**18.30 NFL-tilþrif** (NFL Gameday 05/06)
**19.00 Gillette-sportpakkinn**
**19.30 Fifth Gear** (Í fimmta gír) Breskur bílaþáttur af bestu gerð.
▶ **20.00 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta. Rallíbílar, kappakstursbílar, vélhjól og ótal margt fleira.
**20.30 World Supercross GP 2005-06** (SBC Park) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250rsm) í aðalhlutverkum.
**21.30 World Poker** (Heimsmeistarakeppnin í Póker)(America Chopper vs. Trading Spaces)

**23.00** NBA 2005/2006 – Regular Season

## STÖÐ 2 BÍÓ

**6.05** Eurotrip (Bönnuð börnum) **8.00** You Wish! **10.00** My Cousin Vinny **12.00** Good Advice **14.00** You Wish! **16.00** My Cousin Vinny **18.00** Good Advice **20.00 Eurotrip** (Evrópurispa) Bönnuð börnum. **22.00 Collateral Damage** (Í hefndarhug) Brunavörðurinn Gordy Brewer missti fjölskyldu sína í sprengingu. Stranglega bönnuð börnum. **0.00** Reign of Fire (Bönnuð börnum) **2.00** National Security (Bönnuð börnum) **4.00** Collateral Damage (Stranglega bönnuð börnum)

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## E! ENTERTAINMENT

**12.00** The E! True Hollywood Story **13.00** E! News **13.30** Gastineau Girls **14.00** Live from the Red Carpet **17.00** 101 Most Starlicious Makeovers **18.00** Gastineau Girls **18.30** Gastineau Girls **19.00** E! News **19.30** Celebrity Soup **20.00** The E! True Hollywood Story **21.00** 101 Most Starlicious Makeovers **22.00** Girls of the Playboy Mansion **22.30** Big Buzz Gone Bad **23.00** Wild On Tara **23.30** Wild On Tara **0.00** E! News **0.30** Celebrity Soup **1.00** Girls of the Playboy Mansion **1.30** Big Buzz Gone Bad **2.00** The E! True Hollywood Story

## AKSJÓN

Fréttaþátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

## ENSKI BOLTINN

**14.00** Charlton – W.B.A. frá 31.01 **16.00** Portsmouth – Bolton frá 31.01 **18.00** Arsenal – West Ham frá 01.02

**20.00 Upphitun**
**20.30 Stuðningsmannaþátturinn „Liðið mitt“ (e)**
**21.30 Liverpool – Birmingham frá 31.01** Leikur sem fór fram síðastliðið þriðjudagskvöld.

**23.30** Upphitun (e) **0.00** Fulham – Tottenham frá 31.01 **2.00** Dagskrárlok



# VIÐ MÆLUM MEÐ...

Idol-Stjörnuleit Stöð 2 **kl. 20.30**

## *Hippaþema í öðrum úrslitaþættinum*



*Sprelligosarnir Simmi og Jói eru kynnar kvöldsins sem enn fyrr.*

Úrslitakeppnin heldur áfram í Idol-Stjörnuleit í kvöld. Keppnin fer fram í Vetrargarðinum í Smáralindinni og verður að sjálfsögðu sýnd í beinni útsendingu á Stöð 2. Í þættinum verður svokallað hippaþema og fá söngvararnir ellefu sem eftir eru að velja sér lag sem naut vinsælda á árunum 1965-1972 eða þar um bil. Spennandi verður að sjá hvernig þessum ungu söngvurum tekst til er þau spreyta sig á þessum ellefu sígildu og skemmtilegu lögum sem allir ættu að þekkja. Viðtökurnar við fyrsta úrslitaþættinum voru aldeilis magnaðar. Hinir ungu og upprennandi söngvarar þóttu almennt standa sig með glæsibrag og sviðsmyndin nýja vakti óskipta athygli. Hvorki fleiri né færri en rúmlega 30 þúsund atkvæði voru greidd í símakosningunni og urðu niðurstöður þær að Margrét Guðrún Gunnarsdóttir fékk fæst atkvæði og féll þar með úr keppni.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**6.58** Ísland í bítið. Samsent með Stöð 2 **9.10** Allt og sumt

**12.25** Fréttaviðtalið. **13.10** Birta **14.10** Hrafnaþing **15.10** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson. **18.30** Fréttir Stöðvar 2 **19.00** Ísland í dag

**20.00** Allt og sumt e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**6.30** Morguntónar **6.50** Bæn **7.05** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Leikfimi **10.13** Sagnaslóð **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttayfirlit **12.03** Hádegisútvarp

**12.20** Fréttir **12.45** Veður **12.50** Dánarfregnir **13.00** Vítt og breitt **14.03** Útvarpssagan **14.35** Miðdegistónar **15.03** Uppá teningnum **16.13** Fimm fjórðu **17.03** Víðsjá **18.00** Fréttir

**18.25** Spegillinn **19.00** Lög unga fólksins **19.30** Samfélagið í nærmynd **20.30** Kvöldtónar **21.00** Menntafrömuður og skáld á Mosfelli **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt **23.00** Kvöldgestir **0.10** Útvarpað á samtengdum rásum

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**6.05** Morguntónar **6.30** Morgunþáttur Rásar 2 **9.05** Brot úr degi

**12.03** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland

**16.00** Fréttir **16.10** Síðdegisútvarpið **18.00** Kvöldfréttir **18.24** Auglýsingar **18.25** Spegillinn **19.00** Sjónvarpsfréttir **19.30** Tónlist að hætti hússins **20.00** Geymt en ekki gleymt **22.10** Næturvaktin **0.00** Fréttir

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Arnþrúður Karlsd. **10.00** Rósa Ingólfsdóttir **11.00** Bláhornið **12.25** Meinhornið **13.00** Ylfa Lind **14.00** Kjartan G. Kjartansson **15.00** Hildur Helga **17.00** Gústaf Nielsson **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið **20.00** Arnþrúður Karlsdóttir **22.00** Rósa Ingólfsdóttir **23.00** Kjartan G. Kjartansson **0.00** Hildur Helga **2.00** Gústaf Nielsson **3.00** Rósa Ingólfsdóttir **4.00** Kjartan G. Kjartansson **5.00** Arnþrúður Karlsd.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying



▶ **22.15**
*Fréttir*

HRAFNAÞING/ MIKLABRAUT

## NFS

**7.00** Ísland í bítið **9.00** Fréttavaktin fyrir hádegi

**12.00** Hádegisfréttir/markaðurinn/Íþróttafréttir/Veðurfréttir/Leiðarar dagblaða/Hádegið – fréttaviðtal. **13.00** Íþróttir/lífsstíll í umsjá Þorsteins Gunnarssonar. **14.00** Hrafnaþing/Miklabraut **15.00** Fréttavaktin eftir hádegi **18.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður

**20.00** **Fréttir**
**20.10** **Kompás (e)** Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Í hverjum þætti eru tekin fyrir þrjú til fjögur mál og þau krufin til mergjar.
**21.00** **Fréttir**
**21.10** **48 Hours** (48 stundir)(48 Hours 2005-2006) Bandarískur fréttaskýringaþáttur.
**22.00** **Fréttir** Fréttir og veður
▶ **22.15** **Hrafnaþing/Miklabraut** Hrafnaþing er í umsjá Ingva Hrafns Jónssonar og Miklabraut í umsjá Sigurðar G. Tómassonar.

**23.00** Kvöldfréttir/Ísland í dag/Íþróttir/Veður **0.00** Fréttavaktin fyrir hádegi **3.00** Fréttavaktin eftir hádegi **6.00** Hrafnaþing/Miklabraut

## ERLENDAR STÖÐVAR

**EUROSPORT**
**13.00** Football: African Cup of Nations Egypt **15.00** Alpine Skiing: World Cup Chamonix France **15.30** Football: Football World Cup Season Legends **16.30** Football: Top 24 Clubs **17.00** Football: African Cup of Nations Egypt **19.00** Snooker: Malta Cup **22.00** Football: Top 24 Clubs **22.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **23.00** Xtreme Sports: LG Action Sports **0.00** Adventure: Escape Special

**BBC PRIME**
**12.00** Keeping up Appearances **12.30** The Good Life **13.00** Ballykissangel **14.00** Balamory **14.20** Yoho Ahoy **14.25** Tweenies **14.45** Fimbles **15.05** Captain Abercromby **15.20** The Make Shift **15.35** The Really Wild Show **16.00** Changing Rooms **16.30** Ready Steady Cook **17.15** The Weakest Link **18.00** Holby City **19.00** Kathleen Ferrier: an Ordinary Diva **20.00** Little Britain **20.30** Two Pints of Lager & a Packet of Crisps **21.00** Red Dwarf **21.30** Blackadder Goes Forth **22.00** Space **22.50** Cutting It **23.40** Radical Highs **0.00** Battlefield Britain **1.00** Around the World in 80 Treasures **2.00** Greek Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Seconds From Disaster **13.00** Killer Hornets **14.00** Megastructures **15.00** Hunter Hunted **16.00** San Francisco Earthquake **17.00** Seconds From Disaster **18.00** Mood Food **18.30** Storm Stories **19.00** Big Cat Crisis **20.00** Megastructures **21.00** Most Amazing Moments **22.00** Tara Moss Investigates **23.00** Seconds From Disaster **0.00** Most Amazing Moments **1.00** Mood Food **1.30** Storm Stories

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Amazing Animal Videos **12.30** Monkey Business **13.00** Animals A-Z **13.30** Aussie Animal Rescue **14.00** The Amazing Talking Orang-utan **15.00** Miami Animal Police **16.00** Pet Rescue **16.30** Wildlife SOS **17.00** Amazing Animal Videos **17.30** The Planet's Funniest Animals **18.00** Aussie Animal Rescue **18.30** Monkey Business **19.00** Animal Icons **20.00** Animal Planet at the Movies **20.30** Animal Planet at the Movies **21.00** Animal Cops Houston **22.00** Animal Precinct **22.30** Monkey Business **23.00** Emergency Vets **23.30** Hi-Tech Vets **0.00** Pet Rescue **0.30** Wildlife SOS **1.00** Animal Planet at the Movies **1.30** Animal Planet at the Movies **2.00** Aussie Animal Rescue

**DISCOVERY**
**12.00** American Chopper **13.00** Wheeler Dealers **13.30** Wheeler Dealers **14.00** Super Structures **15.00** Extreme Machines **16.00** Scrapheap Challenge **17.00** Thunder Races **18.00** American Chopper **19.00** Mythbusters **20.00** Brainiac **21.00** Ten Ways **22.00** Firehouse USA **23.00** Mythbusters **0.00** Forensic Detectives **1.00** FBI Files **2.00** Why Intelligence Fails






## HRÓSIÐ

*...fær Silvía Nótt fyrir að fá að syngja þrátt fyrir allt.*

# *Helgin okkar...*

**Morgunmatur:** Settu vel þroskaðan avókadó ávöxt í blandarann ásamt lúku af frosnum berjum og þeyttu vel. Bættu svo örlitlu prótíni út í. Það gerist varla betra.



**Hreyfingin:** Æfðu þig að trimma með því að hlaupa á milli ljósastaura, hlaupa tvo, labba einn, trimma þrjá, labba tvo. Áður en þú veist af muntu komast í toppform.

**Bókin:** Matreiðslubókin Opin hús er stútfull af spennandi uppskriftum frá nýjum íslendingum. Af hverju ekki að brydda upp á einhverju nýju?

**Geisladiskurinn:** Hitaðu upp fyrir Lisu Ekdahl tónleikana sem verða haldnir þann 24. mars. Val á disk skiptir ekki höfuðmáli – þeir eru allir jafn sjúklega skemmtilegir.

**Hressingin:** Paninibrauð á Súfistanum er sérlega bragðgott. Borðaðu það með kaffi latte um leið og þú flettir nýjustu tímaritunum.





**Viðburðurinn:** Farðu á Rafræna Reykjavík á Gauknum en tónleikarnir eru haldnir á laugardagskvöldið og eru fullkomin leið til að hrista af sér þunglyndið.

**Bíómyndin:** Skelltu þér í hádegisbíó og sjáðu kvikmyndina Munich á aðeins 400 krónur.

**Kvöldverður:** Bjóddu vinum þínum í sviðakjamma og rófustöppu og skálaðu við þá í íslensku brennivíni.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | | |

**LÁRÉTT**
**2** vera með **6** í röð **8** plötuspilara **9** prjónavarningur **11** til dæmis **12** æxlunarfæri blóms **14** tárfelldu **16** tryggingafélag **17** háttur **18** illæri **20** klukkan **21** klámfengin.

**LÓÐRÉTT**
**1** helminguð **3** frá **4** skóhljóð **5** á móti **7** endurómur **10** haf **13** maskína **15** fugl **16** nam **19** óreiða.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2** hafa, **6** áb, **8** fón, **9** les, **11** td, **12** fræva, **14** grétu, **16** tm, **17** lag, **18** óár, **20** kl, **21** klúr. **LÓÐRÉTT: 1** hálf, **3** af, **4** fótatak, **5** and, **7** bergmál, **10** sær, **13** vél, **15** ugla, **16** tók, **19** rú.

LeikHöllin
Leikur og List
Tónlistanámskeið
6 mánaða - 6 ára
S:517-7900
www.leikhollin.is

allt
atvinna
Alla sunnudaga



**KONUR Á ALÞINGI** Að sögn vilja allar þingkonur taka þátt í uppfærslunni, en nokkrar verða víst vant við látnar erlendis á sýningardag.
MYND/ SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR

V-DAGS SAMTÖKIN: LEITA Á NÁÐIR ÞINGKVENNA

# Pólitískar Píkusögur

Búast má við húsfylli í Borgarleikhúsinu 1. mars, en þá munu konur sem eiga sæti á Alþingi stíga á svið og flytja leikritið Píkusögur eftir Eve Ensler, stofnanda V-dagsins.

Siv Friðleifsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, greinir frá því á heimasíðu sinni að forsvarsmenn V-dags samtakanna hafi komið að máli við konur á Alþingi og beðið þær um að taka þátt í góðgerðarsöfnun fyrir samtökin, sem berjast gegn ofbeldi gegn konum. Hildur Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri V-dags samtakanna á Íslandi, staðfesti að hafa farið þess á leit við þingkonurnar að setja leikritið upp og fengið góð viðbrögð, en vill að öðru leyti bíða með frekari umfjöllun þar til nær dregur sýningu.

Að sögn Sivjar var góð mæting á fyrstu æfingu í fyrradag og ekki annað að heyra en að henni lítist vel á. „Eftir að við þingkonurnar höfðum horft á fræðslumyndband V-samtakanna „Until the violence stops" samlas María Ellingsen leikkona með okkur textann úr Píkusögum. Þótt efnið væri á köflum mjög átakanlegt var mikill hluti þess bráðfyndinn þannig að við áttum oft erfitt með lesturinn," segir hún meðal annars á heimasíðu sinni. Nú taka við stífar æfingar því þingmennirnir stefna að því að verða sviðsfærir í byrjun mars.

Píkusögur fjallar á bersöglan hátt um reynsluheim kvenna. Búast má við að þingkonurnar sýni á sér nýja hlið í Borgarleikhúsinu og segist Siv vona að kollegar sínir af hinu kyninu muni fjölmenna á sýninguna. Til gamans má geta að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, er ekki alls ókunn verkinu, því hún las valda kafla upp úr því á V-deginum í fyrra, en Eve Ensler lagði einmitt leið sína hingað til lands á sama tíma.

V-dags samtökin eru meðal annars fjáröflunarsamtök fyrir önnur grasrótarsamtök sem reyna að berjast við og fræða almenning um ofbeldi gegn konum af hvers kyns tagi. Þetta er fimmta árið í röð sem V-dagurinn er haldinn hátíðlegur. Honum vex fiskur um hrygg með hverju árinu sem líður og í fyrra var hann haldinn á um 2.500 stöðum í 76 löndum.

bergsteinn@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Sjónvarpsþátturinn Kallarnir fór í loftið í þessari viku og fékk misgóð viðbrögð. Aðalstjarna þáttarins, **Egill Gilzenegger**, var ekki par hrifinn af tæknivinnslunni, og eins og glöggir sjónvarpsáhorfendur tóku eftir var hljóðinu eitthvað ábótavant. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hellti þáttastjórnandinn sér yfir myndatökumanninn og spurði hvað væri hér eiginlega á seyði. Sá kom alveg af fjöllum og vissi ekki sitt rjúkandi ráð og fór með vélina í viðgerð. Þar kom í ljós að ekkert var að vélinni heldur var áfastur míkrófónninn eingöngu ætlaður til að taka upp umhverfishljóð og hentaði ekki fyrir talað mál. Var þessu fljótlega kippt í liðinn til að róa kraftajötuninn og því ætti hljóðið að vera í góðu lagi næst.

Grein Fréttablaðsins um stuðningsmenn frambjóðenda í prófkjöri Samfylkingarinnar virðist hafa farið fyrir brjóstið á ýmsum, þar sem nokkrum mun hafa verið smalað í rangan rétt, ef svo má að orði komast. Þannig var Kristín Jónsdóttir, skrifstofustjóri og kanóna í gamla Kvennalistanum, sögð stuðningsmaður Steinunnar Valdísar. Hið rétta er að hún styður að sjálfsögðu frænda sinn, **Dag B. Eggertsson**. Eitthvert skammhlaup átti sér stað í heila blaðamanns þegar hann ræddi við menn úr innsta hring borgarstjórans; hann taldi þá eingöngu vera að mata sig á nöfnum þeirra sem styðja Steinunni en eins og eðlilegt er fannst þeim líka ástæða til að láta nöfn þeirra sem styðja hana ekki fljóta með í leiðinni. Þá var Jóhanna Sigurðardóttir ekki hress með að vera bendluð við einn frambjóðenda frekar en annan og kvaðst ekki gera upp á milli þeirra. Því til stuðnings benti hún á að hún sótti opnun framboðsskrifstofa hjá þeim öllum. **- fgg/bs**



SÚR HVALUR
30% afsláttur af
harðfiski og hákarli
Opið alla laugardaga 10-14
FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, sími 588 8686
opið laugardaga 10-14.

# Nýtt tímarit um barnauppeldi

Nýtt tímarit sem fjallar um meðgöngu, fæðingu og fyrstu skref barnsins er væntanlegt í marsmánuði. Tímaritið nefnist Fyrstu skrefin og ritstjóri þess er Guðrún Heimisdóttir. Fróði og Fasteignasjónvarpið gefa blaðið út.

„Við fjöllum um meðgöngu, fæðingu og börn allt fram að skólaaldri," segir Guðrún. Samnefndur sjónvarpsþáttur verður sýndur á Skjá Einum og honum stjórnar Guðrún Gunnarsdóttir. „Það er löngu orðið tímabært að gefa út tímarit með slíku umfjöllunarefni því tímarit af þessu tagi eru gífurlega vinsæl erlendis. Hingað til hefur blaðið Uppeldi verið hið eina á markaðnum sem tengist þessum efnum en það hefur ekki verið nóg," segir Guðrún og bætir við að



**GUÐRÚN HEIMISDÓTTIR** Hún ritstýrir nýju tímariti sem fjallar um meðgöngu, fæðingu og fyrstu skref barnsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

í blaðinu verði af nógu að taka.

„Þarna verða alls konar viðtöl og reynslusögur, mikill fróðleikur, jafnvel einhver tískuumfjöllun og innlit í barnaherbergi, viðtöl við sálfræðinga og ljósmæður og ýmislegt sem getur orðið foreldrum til hjálpar við uppeldi, fæðingu og foreldrahlutverkið yfirhöfuð. Við ætlum að hafa blaðið létt og lifandi og leggjum áherslu á að hafa stuttar greinar en margar, það verða engin viðtöl upp á sex opnur."

Þegar Guðrún er spurð hvort þetta efni sé sérstakt áhugaefni hennar svarar hún: „Ég er reyndar ekki orðin móðir en er kona og komin á þann aldur að löngunin er farin að láta á sér kræla. Ég hef að sjálfsögðu mikinn áhuga og hef unnið talsvert með börnum. Auk þess er með mér í þessu fólk sem hefur reynsluna sem mig vantar."

-bg



ÓSKARSVERÐLAUNABÍÓ
8 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
BROKEBACK MOUNTAIN
Nú í bíó!
5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
walk the line
Frumsýnd í dag!
6 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
GEISHA
Nú í bíó.
6 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
GOOD NIGHT, AND GOOD LUCK.
Frumsýnd 17. febrúar.
5 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
Philip Seymour Hoffman
capote
Frumsýnd 24. febrúar.
4 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
THE CONSTANT GARDENER
Frumsýnd 24. febrúar.
2 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
FELICITY HUFFMAN
TRANSAMERICA
Frumsýnd 17. febrúar.
2 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
JUDI DENCH
BOB HOSKINS
MRS. HENDERSON
PRESENTS
KELLY REILLY
Frumsýnd 10. febrúar.
Passion
Temptation
Obsession
1 ÓSKARSVERÐLAUNA TILNEFNINGAR
Woody Allen
MATCH POINT
Frumsýnd 24. febrúar.
SMÁRABÍÓ
LAUGARÁSBÍÓ
Borgarbíó

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**






**BAKÞANKAR**

SÚSANNA SVAVARSDÓTTIR

## *Endurseld norðurljós*

Meiri hörmungin fyrir hinn eina sanna Einar Ben. að hafa verið uppi um aldamótin nítján hundruð í staðinn fyrir tvö þúsund. Ef einhver maður á Íslandi hefur verið tímaskekkja, þá var það hann. Sá möguleika landsins, eyddi ævinni í stórbrotna útrás, seldi fossa og norðurljós um allar koppagrundir og þótti í besta falli klikkaður, þó aðallega loddari.

**VARÐ** hugsað til hans þegar ég hitti tvær hollenskar konur á reiðileysisrangli í Bankastræti í vikunni. Þær höfðu komið til landsins í nokkra daga eftir að íslenskri ferðaskrifstofu tókst að selja þeim norðurljósin. Þær höfðu keypt sér heimskautaúlpur og -buxur, eitt gríðarlegt skótau sem líklega dugar til að ganga á pólinn og til baka, ferðast langar leiðir í sínu heimalandi til að hafa upp á húfum, vettlingum og treflum sem hæfa því kuldastigi sem farseðill þeirra var gefinn út á – og til að hafa vaðið vel tryggt fyrir neðan sig, áttu þær frostbitsáburð í pússi sínu.

**TÍMANN** sem konurnar dvöldu dúðaðar hér rigndi, hitastigið var hærra en heima hjá þeim sjálfum. Daga langa biðu þær þolinmóðar eftir að hin heimsfrægu íslensku myrkur hvolfdust yfir eyjuna svo þær gætu sest í rútusætin sem þær höfðu keypt til að fara í útsýnisferð um norðurljósaslóðir. Á hverjum degi var ferðinni frestað vegna blíðu. Konurnar, sem höfðu lesið um norðurljósin í skólabókum í bernsku, voru í eins konar pílagrímsferð. Höfðu verið að öngla saman fyrir henni um langt skeið. Það hafði, því miður, láðst að upplýsa þær áður en þær lögðu upp í ferðina að hér væri aldrei á vísan að róa þegar veðrið er annars vegar; ekkert tryggt að hægt yrði að afhenda þeim vöruna sem þær voru að versla; að hér hefði verið kalsavetur í september og vel gæti brostið á vorblíða í janúar, skýjafar þess konar að oft væru norðurljósin ekki til sýnis.

**SVO** fara þær heim og segja frá því að þessir Íslendingar séu nú meiru déskotans loddararnir. Allt hjá þeirri þjóð í plati. En við svörum auðvitað fullum hálsi og segjum að skortur á norðurljósum hafi verið stórlega ofmetinn; rétt eins og við segjum að útlendir sérfræðingar sem meta efnahag okkar hafi ofmetið vanda bankanna; rétt eins og við segjum að fræðimenn sem benda á agnúa séu kommar á villigötum. Sá kækur okkar að niðra þá sem eitthvað hafa við okkur að athuga er stórmerkilegur. Eiginlega rannsóknarefni út af fyrir sig.




ÓKEYPIS ÍSETNING

2006 línan frá Pioneer






**Pioneer DEH-1800**
• 4 X 45 W magnari • D4Q Digital • RDS Móttakari • FM/AM/LW • 18 stöðva minni
• Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð 17.900.-**

**Pioneer DEHP-4800MP --- Spilar MP3/WMA/WAV**
• Mosfet 4 X 50 W magnari • Útvarp FM/AM/LW • 18 stöðva minni • 3 Banda tónjafnari
• EEQ forstilltur tónjafnari • 2 x RCA útgangar • Snúningstakki • **Verð 24.900.-**

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN
ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu